



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

4. janúar 2012
3. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Hlunnindi höfð af bændum

Bændasamtökin gagnrýna harðlega fyrirhugaða lagabreytingu sem færir ráðherra ákvörðunarrétt um hlunnindanýtingu landeigenda. Tilefni lagabreytingar er friðun sjófugla. Bann sagt á veikum grunni.

UMHVERFISMÁL „Lagabreytingin, sem að líkum verður aldrei dregin til baka, mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir landeigendur sem nýta hlunnindarétt sinn í dag. Réttindi verða með þessu færð frá landeigendum til ráðherra. Hlunnindanýting verður líklega háð undanþágu, ófugt við það sem er í dag,“ segir Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir, atvinnu- og nýsköpunarráðgjafi Bændasamtaka Íslands (BÍ).

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær að Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra undirbúi frumvarp til lagabreytinga svo ráðherra sé heimilt að setja ákvæði um stjórnun hlunnindanýtingar landeigenda. Tilefnið er tillaga starfshóps um friðun fimm sjófuglastofna af svartfuglaætt, en friðun er ómöguleg án breytingar á 20. grein laga nr. 64/1994 um

vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Greinin fjallar um hlunnindarétt og sölu afurða.

Starfshópur umhverfisráðherra um verndun og endurreisn svartfuglastofna var kallaður saman vegna rannsókna sem sýna alvarlega stöðu sjófugla af stofni svartfugla; lunda, álku, langvíu, stuttnefju og teistu. Naumur meirihluti starfshópsins leggur til að fimm stofnar sjófugla af svartfuglaætt verði friðaðir næstu fimm árin. Forsenda tillögunnar eru vísendingar um að veiðar séu ósjálfbærar miðað við núverandi stöðu stofnanna sem hefur hrakað á undanföllum árum.

Bændasamtökin segja lagabreytinguna ótæka og Guðbjörg Helga, sem var fulltrúi BÍ, sagði sig úr starfshópnum að ósk stjórnar BÍ þegar tillögunnar lágu fyrir.

Meirihluti starfshóps leggur til

- að lundi, álka, langvíu, stuttnefja og teista verði friðuð fyrir öllum veiðum og nýtingu næstu fimm árin.
- að sá tími verði nýttur til þess að afla betri upplýsinga um tegundirnar og stofnbreytingar, með vöktun og rannsóknum.
- að bann við skotveiðum við fuglabjörg verði fært úr 500 metra í 2.000 metra fjarlægð frá björgunum.
- að umhverfisráðherra taki upp samstarf við sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra um að draga úr fugladauða við fiskveiðar.

„Það er ekkert sem bendir til þess að hefðbundin nýting hafi stefnt umræddum stofnum í hættu, fæðubrestur er talinn aðalorsök,“ segir Guðbjörg Helga og bætir við að rannsóknir séu af skornum skammti og rök friðunar því veik. BÍ telja sig geta stutt takmarkað veiðibann á vissum tegundum, sé slíkt talið nauðsynlegt, en ekki í formi lagabreytinga. Gera ætti samning við landeigendur og rétt-

hafa hlunninda um bann tímabundið eða styttingu veiðitímabils.

Starfshópurinn var skipaður fulltrúum umhverfisráðuneytisins, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, BÍ, Skotveiðifélags Íslands og Fuglaverndar. Skotveiðifélagið og Umhverfisstofnun skilðu séráliti um takmörkun á veiði álku, langvíu og stuttnefju næstu fimm árin í stað algjörar friðunar.

svavar@frettabladid.is



Vel heppnuð tilraun

Pamela J. Woods útskrifaðist með sameiginlega doktorsgráðu frá Háskóla Íslands og Washington-háskóla.

tímamót 24

Hermikrákur í Hollandi

Biggi Maus er ósáttur við hollenska hljómsveit sem tók nafn sveitar hans.

fólk 34




EM ekki efst í huga

Snorri Steinn Guðjónsson er að verða faðir í annað sinn og missir af undirbúningi fyrir EM.

sport 30

veðrið í dag



SNJÓKOMA SYÐRA Í dag verða austan 8-15 m/s syðra og snjókoma en hægari NA-átt og úrkomulítið NA-til. Frost 1-15 stig.

VEÐUR 4



VERKSUMMERKI ÁRAMÓTANNA Sprengdar kökur, gos og alls konar skoteldarusl er algeng sjón á götum landsins fyrstu daga ársins. Starfsmenn sveitarfélaganna vinna hörðum höndum að því að fjarlægja ruslið en segjast geta þegið hjálp.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Starfsmenn umhverfis- og samgöngusviðs munu vinna um helgina:

Flugeldaruslið skilið eftir á götum

FÓLK Starfsmenn umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar reyna eftir föngum að hreinsa upp flugeldarusl eftir áramótin, að sögn Arnar Sigurðssonar, skrifstofu- og sviðsstjóra á Umhverfis- og samgöngusviði.

„Við myndum helst vilja að fólk gerði þetta sjálf. Það bara stendur upp frá þessu á götuhornum og gangstéttum og labbar í burtu,“

segir Örn. „Auðvitað á fólk ekki að skilja eftir sig sorp eða úrgang á víðavangi.“

Undanfarnar vikur hafa starfsmenn aðallega verið í snjómokstri og haft meira en nóg að gera. Örn segir þó að helstu svæðin, í kringum brennur og önnur slík svæði, séu hreinsuð af flugeldarusli strax eftir áramót.

Starfsfólk borgarinnar hefur

einnig biðlað til fólks að moka frá sorptunnum til að auðvelda sorphirðumönnun vinnuna. Örn segir það hafa gengið afskaplega illa. Sorphreinsun er á eftir áætlu vegna veðursins, en starfsfólk mun vinna að sorphirðu um helgina til þess að vinna það upp. Örn segir mikilvægt að hreinsa frá tunnum á þeim dögum sem fólk býst við sorphirðu. - þeb

Ekki fyrsta heimsókn Conlin:

Arnar á föstu með leikkonu

FÓLK Leikkonan Michaela Conlin eyddi áramótunum á Íslandi. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Conlin sækir landið heim en leikkonan og knattspyrnuhettjan Arnar Gunnlaugsson felldu hugi saman á síðasta ári.

Það var engin önnur er mágkona Arnars, Ásdís Rán Gunnarsdóttir, sem á heidurinn af sambandinu. „Jú, það passar og þau hafa verið að hittast í nokkrar vikur,“ segir Ásdís Rán en Arnar og Conlin sáu stóran hluta af áramótunum saman við ýmis tækifæri yfir hátíðarnar.

- áþ / sjá síðu 34



MICHAELA CONLIN



ARNAR GUNNLAUGSSON

Okkar
hlutverk
er að
dreifa

fjölþósti, blöðum,
tímaritum, bréfum
og vörum.

Póst dreifing

Sími 585 8300 - www.postdreifing.is

BYLGJAN 25 ÁRA
989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær
tónlist alla virka morgna
kl. 6.50 – 9.00

RISAÚTSALA
MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MED ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

Sjá allt úrvalið á ht.is

Heimilistæki
www.ht.is

SUBURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500



Bjarni, er stéttaskipting í snjóskóstrinum?

„Ískalt mat: fjölmennustu stéttir borgarinnar hafa algjöran forgang í þessum efnunum.“

Bjarni Brynjólfsson er upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar. Starfsmenn borgarinnar hafa unnið hörðum höndum við snjóskóstur síðustu daga en götum og stigum er skipt í flokka eftir mikilvægi.

Segir ríkisstjórn veikari:

Ekki ákveðið um vantraust

STJÓRN MÁL Engin ákvörðun hefur verið tekin um hvort lögð verður fram tillaga um vantraust á ríkisstjórnina, að sögn Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins.

Hann segir ríkisstjórnina veikari eftir breytingarnar um áramótin.

„Þegar menn gera breytingar á ríkisstjórn er ekki verra að það sé einhver tilgangur með þeim, að menn sjái að breytingarnar miði að einhverju markmiði. Því fer fjarri að eitthvað slíkt sé hægt að tengja við þessar breytingar, annað en það að ryðja mönnum úr vegi.“

- kóp

Betur fór en á horfðist:

Sex manns í miklu snjóflóði

SNJÓFLÓÐ Sex manns lentu í hundrað metra breiðu snjóflóði í Fossdal á Barðaströnd seinni-part mánudags. Fólkið var að leita sjö kinda á svæðinu þegar flóðið fór af stað.

Tvennt fór alveg á kaf í flóðinu en öll bárust þau um 30 til 40 metra niður hlíðina. Ein stúlkan í hópnum fór alveg á kaf, en endaði þó með andlitið upp úr og náði að hrópa á hjálp svo félagar hennar gátu komið henni til bjargar. Allir sluppu ómeiddir úr hrakförum. Ekki tókst þó að bjarga kindunum sjö, sem voru í sjálfheldu á Fuglbergi í Fossdalnum.

Snjóflóðið var mikið um sig, um hundrað metrar á breidd og um 130 sentimetrar á dýpt.

- sv

Heildverslunin Egilsson hefur fest kaup á ritfangaverslanakeðjunni A4:

A4 í eigu sömu aðila og Office 1

VIÐSKIPTI Heildverslunin Egilsson ehf. hefur keypt ritfangaverslanakeðjuna A4 af Björgu, eignarhaldsfélagi í eigu Sparisjóðsbankans. Fyrir á og rekur Egilsson ritfangaverslanirnar Office 1. Kaupverð er trúnaðarmál.

Fjöldi ritfangaverslana í eigu Egilsson er nú átta. A4 rekur tvær verslanir; staðsettar í Reykjavík og á Akureyri og Office 1 rekur fjórar verslanir á höfuðborgarsvæðinu og eina á Egilsstöðum og Selfossi. Rekstur verslananna verður óbreyttur fyrst um sinn, að því er segir í tilkynningu frá Egilsson.



OFFICE 1 Egilsson á og rekur nú samtals tíu ritfangaverslanir víða um land.

Báðar verslanakeðjurnar urðu gjaldþrota á árinu 2009. Var rekstur A4 settur inn í nýtt félag árið

2009 sem var svo selt til Bjargar. Hið nýja A4 tapaði 95,5 milljónum króna á árinu 2010 en eigið fé þess var 55 milljónir í upphafi árs 2011.

Félagið sem átti Office 1 fór í greiðslustöðvun um mitt ár 2009 og var reksturinn þá settur inn í nýtt félag og seldur til Egilsson sem hafði áður átt fyrirtækið. Hið nýja félag hefur enn ekki gefið út ársreikning.

Egilsson er ein helsta heildsala landsins á sviði verslunar með ritföng, leikföng, gjafavörur og árs-tíðabundnar vörur. Fjöldi starfsmanna er nú um 80.

- mpl

Hópuppsagnir 2011:

752 misstu starf í 23 uppsögnum

ATVINNUMÁL Alls bárust Vinnu-málastofnun tilkynningar um 752 uppsagnir í 23 hópuppsögnum á árinu 2011. Flestar voru í mannvirkjagerð, eða 248, þá upplýsingastarfsemi 102 og í fjármálaþjónustu, 100 manns.

Tæp 70 prósent hópuppsagna á árinu voru á höfuðborgarsvæðinu, um níu prósent á Vestfjörðum og sjö prósent á Suðurnesjum.

Samtals hefur 8.357 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á síðustu 4 árum, flestum árið 2009, eða 4.246 manns.

- shá

Brunnin kanína í Garðabæjarhrauni

Tvær stúlkur fundu brunna kanínu og kanínubúr í hrauninu í Garðabæ í gær. Stúlkurnar létu lögreglu vita í gærdeg, en fengu dræm viðbrögð. Vakthafandi lögregluþjónn sagði við Fréttablaðið í gærkvöld að svona mál ætti þó að skoða.

FÓLK „Við sáum bara að það var búið að brenna kanínuna og inni í kassanum var allt brunnið,“ segir Helga Berglind Tómasdóttir, ellefu ára, sem var úti að ganga ásamt frænku sinni, Söru Hlín Bjarnadóttur, tólf ára, í hrauninu við Garðabæ í gærdeg.

Stöllurnar voru að viðra hund Söru þegar þær gengu fram á lítinn kanínukassa sem kveikt hafði verið í. Skammt frá lá kanínun, brunnin á annarri hlíðinni og frosin.

„Það var ógeðslegt að sjá þetta. Við urðum smá hræddar,“ segir Helga. Stúlkurnar fóru rakleiddis heim og létu foreldra Söru vita. Þær hringdu í kjölfarið í Neyðarlínuna, sem gaf þeim samband við lögreglu.

„Löggan vildi ekki gera neitt,“ segir Helga og tekur Sara undir það.

„Það svaraði einhver kona og hún gaf mér samband við lögregluna. Þá svaraði maður og ég sagði honum að við hefðum fundið brunna kanínu,“ útskýrir Sara, sem sagði lögreglunni hvað gerst hafði, hvað þær frænkur hétu og hvað þær væru gamlar, en fékk dræm viðbrögð.

„Hann sagði bara að þeir gætu ekki farið að leita að þessu núna. Þetta væri úti í hrauni og líklega erfitt að finna,“ segir Sara. „Við hefðum samt alveg getað sýnt þeim hvar þetta var,“ segir Helga.

Samkvæmt upplýsingum frá vakthafandi lögreglumanni hjá lögreglunni í Garðabæ í gærkvöld, var málið ekki fært til bókar í gær. Undir eðlilegum kringumstæðum hefðu verið sendir menn á vettvang þegar svona mál koma upp.

„Við munum að sjálfsgöðu kíkja á þetta,“ segir lögreglan. „Ég bendi



ÓDÆDISVERK Kveikt hafði verið í kanínukofanum og kanínunni, sem lá frosin skammt frá, þegar frænkur Söru Hlín Bjarnadóttur og Helgu Berglindi Tómasdóttur bar að.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann sagði bara að þeir gætu ekki farið að leita að þessu núna. Þetta væri úti í hrauni og líklega erfitt að finna.

SARA HLÍN BJARNADÓTTIR
TÓLF ÁRA

stelpunum á að hafa samband við okkur í dagsbirtu og við munum þá kíkja á þetta.“

Að mati lögreglumannsins er afar erfitt að átta sig á því hver gerir svona lagað. Hann ítrekar þó að málið hafi ekki verið fært til bókar í gærdeg.

sunna@frettabladid.is



BRUNNIN TIL KALDRA KOLA Kanínun var ljósbrún að lit og brunnin á annarri hlíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Munar um 500.000 lítra:

Sala á áfengi dregst saman

NEYTENDUR Sala á áfengi hefur dregist saman milli ára. Samkvæmt tölum frá Vínubúðinni hefur salan minnkað um 2,7 prósent á nýliðnu ári samanborið við árið 2010.

Um 18,4 milljónir lítra af áfengi seldust í fyrra en um 18,9 milljónir lítra seldust árið á undan. Á heildina litið er aukning í sölu á léttvíni en samdráttur í bjór og sterku áfengi.

Alls komu 4.181 þúsund viðskiptavinir í Vínubúðirnar á nýliðnu ári samanborið við 4.256 þúsund árið áður.

- sv

Steingrímur J. Sigfússon:

Vissi ekki um breytingarnar

STJÓRNSÝSLA Nýr ráðherra sjávarútvegsmála, Steingrímur J. Sigfússon, frétti í gær að forveri hans, Jón Bjarnason, hefði skipt út formanni Hafrannsóknastofnunar á síðustu dögum sínum í embætti. Steingrímur segist hafa rætt við núverandi og fráfarið formann og ekki sjá ástæðu til breytinga.

Steingrímur er ekki kunnugt um rökstuðning Jóns fyrir breytingunni, en vel sé skipað í stöðuna á hvorn veginn sem er. „Þetta er í góðu lagi. Öll stjórnin kemur til endurnýjunar seinna í árinu og þá er í sjálfu sér hægt að skoða málin.“

Nýi stjórnarformaðurinn, Erla Kristinsdóttir, hefur verið gagnrýnin á störf Hafró. Steingrímur segist ekki hafa neina ástæðu til að ætla annað en að hún taki faglega afstöðu til mála.

- kóp



STEINGRÍMUR
J. SIGFÚSSON

Gjaldeyriforði Seðlabankans nemur tveimur þriðju af landsframléiðslu:

Hinsti hluti Norðurlandalána greiddur

EFNAHAGSMÁL Síðasti hluti lána Norðurlandarákanna til íslenskra stjórnvalda var greiddur til Íslands á föstudag. Um er að ræða lán sem veitt voru í tengslum við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem lauk í haust.

Þessi síðasta greiðsla lánanna var að upphæð 887,5 milljónir evra sem jafngildir 141 milljarði króna á núverandi gengi. Af þessari fjárhæð tekur ríkissjóður að láni 647,5 milljónir evra frá danska, finnska og sænska ríkinu. Þá tekur Seðlabanki Íslands 240 milljónir evra að láni frá Seðlabanka Noregs. Öll fjárhæðin bætist hins vegar við gjaldeyrisforða Seðlabankans.

Samtals hefur íslenska ríkið þar með tekið lán að upphæð 753

milljarðar króna frá því í október 2008 til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Nemur forðinn nú um 1.030 milljörðum krónum sem jafngildir tveimur þriðju of vergri landsframléiðslu. Er forðinn þó í raun allur tekinn að láni og nema hreinar vaxtagreiðslur af gjaldeyrislánum ríkissjóðs og Seðlabankans um 3 til 4 prósentum af forðanum á ári.

Að frádregnum gjaldeyrisstæðum annarra en ríkissjóðs í Seðlabankanum og samningsbundnum afborgunum lána á næstu tólf mánuðum nemur forðinn um 40 prósentum af landsframléiðslu.

- mpl

GJALDEYRIR Hreinar vaxtagreiðslur hins opinbera vegna gjaldeyrisforða Seðlabankans eru um 3 til 4 prósent af honum á ári.



ÚTSALA 38 PREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813

★ GULLTILBOÐ 1

TENERIFE

Skelltu þér til Tenerife í lok febrúar og njóttu lífsins á sólgylltum ströndum meðan vindarnir blása hér heima. Gisting á 3 stjörnu íbúðarhótelinu Parque Santiago og fararstjórn innifalin.

7 nætur, 28. feb.-6. mars.

FULLT VERÐ 146.865 KR.

116.865 KR.*

+ 1.000 N1 PUNKTAR

Innifalið: Flug með Icelandair, flugvallarskattar, gisting á íbúðarhótelinu Parque Santiago og fararstjórn.

Eingöngu fánlegt á www.n1.is.

*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.



SKELLTU ÞÉR Í SÓLINA!



PUNKTAR GILDA x30

★ GULLTILBOÐ 2

GLASGOW

Gerðu napran febrúarmánuðinn skemmtilegri með heimsókn til einnar skemmtilegustu borgar í Evrópu. Flug og gisting á Jurys Inn Glasgow á frábæru verði!

3 nætur, 23.-26. feb.

FULLT VERÐ 64.900 KR.

39.900 KR.*

+ 1.000 N1 PUNKTAR

Innifalið: Flug með Icelandair og flugvallarskattar. Gisting með morgunverði á hotelinu Jurys Inn Glasgow.

Eingöngu fánlegt á www.n1.is.

*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR

3 STJÖRNU HÓTEL MEÐ MORGUNVERÐI



PUNKTAR GILDA x25

ÁRIÐ BYRJAR BETUR FYRIR N1 KORTHAFA

★ SILFURTILBOÐ 1

VÍDEÓUPPTÖKUVÉL SONY HDR-CX130B

- 1.920x1080 Full HD
- 30x optical, 350x digital aðdráttur
- Exmor R 1/4 CMOS baklýst myndflaga tryggir kristaltæra mynd
- Hraðvirkur BIONZ örgjörvi
- Golfshot stilling hjálpar að greina golfsveifluna
- HDMI útgangur
- 2,7" LCD snertiskjár

FULLT VERÐ 99.900 KR.

79.900 KR.

+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x20



PUNKTAR GILDA x5

★ SILFURTILBOÐ 3 TALSTÖÐVAR MIDLAND

- 2x talstöðvar
- 2x hleðslutæki
- AAA hleðslurafhliður fylgja
- 12 km drægni
- Allt að 35 klst. rafhlöðuending
- LCD skjár með baklýsingu
- Barnaþústillung

FULLT VERÐ 14.900 KR.

9.900 KR.

+ 1.000 N1 PUNKTAR

★ SILFURTILBOÐ 3

SAFAPRESSA OSCAR 900

- Byrjaðu árið með hollum mat og heilbrigðum lífsstíl! Náðu þér í Oscar Vitalmax; hljóðláta og öfluga djúsvél á safaríku tilboðsverði.
- Einföld og þægileg í notkun
- Gerir safu úr ávöxtum, grænmeti og hveitigrasi
- Auðvelt að þrifa

FULLT VERÐ 44.300 KR.

34.300 KR.

+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x10

★ ★ SALA HEFST Í DAG KL. 12:00 Á N1.IS

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

Þú getur keypt gull- og silfurtilboðin með N1 appinu

ATH!

Vörur keyptar á silfurtilboði fást nú afhentar í völdum verslunum og þjónustustöðvum um allt land



PUNKTAR GILDA x5

★ SILFURTILBOÐ 4 HJÓLATJAKKUR

- Hæð 150x490 mm
- Lyftigeta 3 tonn

FULLT VERÐ 18.850 KR.

13.850 KR.

+ 1.000 N1 PUNKTAR

★ N1TILBOÐ

HEYRNARTÓL MEÐ EYRNASKJÓLUM

FULLT VERÐ 4.900 KR.

1.900 KR.

+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x3



PUNKTAR GILDA x3

★ N1TILBOÐ 10 ÁRUM YNGRI Á 10 VIKUM

FULLT VERÐ 5.490 KR.

2.490 KR.

+ 1.000 N1 PUNKTAR

★ N1TILBOÐ

STAFRÆNN HITAMÆLIR

FULLT VERÐ 1.990 KR.

0 KR.

+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2



PUNKTAR GILDA x2

★ N1TILBOÐ

CD JÓGA EDA QUARASHI ANTHOLOGY

FULLT VERÐ 2.990 KR. STK.

990 KR. STK.

+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2

★ N1TILBOÐ

DVD STEINDINN OKKAR SERÍA 2 EDA STRUMPARNIR

FULLT VERÐ 2.790 KR. STK.

790 KR. STK.

+ 1.000 N1 PUNKTAR



SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

WWW.N1.IS

N1

GENGIÐ 03.01.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	121,69 122,27
Sterlingspund	189,74 190,66
Evra	158,56 159,44
Dönsk króna	21,324 21,448
Norsk króna	20,508 20,628
Sænsk króna	17,800 17,904
Japanskt jen	1,5854 1,5946

SDR 187,55 188,67

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,4665

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skoða má nýjar merkingar:
Vilji fólks sjáist á örlagastundu

HEILBRIGÐISMÁL Sú hugmynd að taka upp auðkenni í ökuskríteini vilji handhafi þess vera líffæragjafi er allrar skoðunar virði, að mati Ögmundar Jónssonar inn-
anríkisráðherra.

„Ef vilji viðkomandi einstaklings er í þessa átt þá er fullkomlega eðlilegt að hann sé sýnilegur á örlagastundu,“ segir hann.

Margrét S. Sölvadóttir, fasteignasali og kennari í Seattle í Bandaríkjunum, skrifaði 28. desember grein í blaðið og vakti athygli á að þessi háttur væri meðal annars hafður á í Bandaríkjunum.

- óká

Kæran á Egil og unnustu:

Rannsókn á nauðgunarmáli er á lokastigi

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á nauðgunarmáli, þar sem átján ára stúlka kærði Egil Einarsson og unnustu hans, er á lokastigi.

Þetta sagði Björgvín Björgvínsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar LRH, við Fréttablaðið í gær.

Nauðgunin er sögð hafa átt sér stað á heimili Egils aðfaranótt föstudagsins 25. nóvember síðastliðins, eftir gleðskap sem fólkíð hafði sótt. Málið var kært til lögreglu 1. desember. Hin kærðu og stúlkan hafa gefið skýrslur hjá lögreglu, auk þess sem vitni hafa verið yfirheyrð.

- jss

LEIÐRÉTT

Guðmundur Andri Thorsson varð 54 ára á gamlársdag en ekki 57 eins og sagt var frá á Tímamótasíðu Fréttablaðsins 31. desember.

Stjórnarflokkarnir í Danmörku undirbúa frumvarp um sýnileika sígaretta í búðum:

Fara að fordæmi Norðmanna

DANMÖRK Stjórnarflokkarnir í Danmörku vilja koma í veg fyrir að sígarettur séu sýnilegar í verslunum. Frumvarp um málið mun líta dagsins ljós með vorinu.

Þótt útlit sé fyrir að frumvarpið hafi stuðning meirihlutans í þinginu er ekki búist við því að það fari í gegn án vandkvæða.

Stjórnarandstaðan og verslunarrekendur hafa þegar hafið baráttu gegn frumvarpinu og viðskiptaráð segir breytingarnar geta kostað verslunarmenn allt að 500 milljónir danskra króna.

Stjórnarflokkarnir vísa hins

vegar til Noregs, þar sem sviðuð lög voru tekin í gildi árið 2009. Reykingar minnkuðu í kjölfarið um 4,8 prósent. Norðmenn hækkuðu verð á sígarettum talsvert á sama tíma. Breytingarnar höfðu ekki áhrif á þá sem þegar reyktu en mun færri unglingar hófu reykingar.

Danir hafa þegar ákveðið hækkanir á sígarettuverði. Hækkunin er hóflegri en annars staðar, þrjár danskar krónur á pakkann, eða sem samsvarar 64 íslenskum krónum.

- þeb



SÍGARETTUR Búast má við átökum um sýnileika sígaretta í Danmörku á næstunni.

Hverfaskipting verður endurskoðuð í snatri

Menntamálaráðherra mun endurskoða fyrirkomulag við innritun í framhaldsskóla í kjölfar álits frá umboðsmanni Alþingis. Bráðabirgðafyrirkomulag kynnt í febrúar. Umboðsmaður telur að ólöglega hafi verið staðið að hverfaskiptingu.

MENNTAMÁL Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hyggst kynna nýtt bráðabirgðafyrirkomulag við innritun í framhaldsskóla í febrúar. Strax í kjölfar þess verður vinna hafin við að endurskoða fyrirkomulagið til frambúðar.

Ástæðan er álit sem umboðsmaður Alþingis birti í gær, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið lagastoð fyrir þeirri ákvörðun að taka 45 prósent framhaldsskólalássa frá fyrir forgangshópa, sem jafnan komu úr grunnskólum í grenndinni.

Tveir tilvonandi útskriftarnemar úr grunnskóla kvörtuðu til umboðsmanns vegna ákvörðunarinnar. Þeir töldu að með henni væri nemendum mismunað eftir búsetu, enda stæði ekki sams konar nám til boða í öllum framhaldsskólum og því væri frelsi þeirra til náms að eigin vali skert.

Umboðsmaður fellst að miklu leyti á umkvartanirnar. Ákvörðunin sé íþyngjandi fyrir nema, jafnvel þótt menntamálaráðuneytið hafi borið því við að hún hafi verið nauðsynleg til að unnt væri að tryggja öllum skólavist, lögum samkvæmt.

Vegna þess að ákvörðunin takmarkaði aðgang borgaranna að þjónustu hins opinbera hafi hún þurft að byggja á mjög skýrri lagastoð. Svo hafi hins vegar ekki verið.

Þá gagnrýnir umboðsmaður einnig að fyrirkomulagið hafi ekki verið kynnt fyrir en skömmu



MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ Sumum hefur þótt ósanngjarnt að ekki sé alfarið horft til námsárangurs við val inn í vinsæla framhaldsskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

áður en innritunin hófst vorið 2010.

„Þessar nýju reglur gátu því að ýmsu leyti raskað námsáformum sem uppi voru hjá þeim sem ætluðu sér að stunda nám í framhaldsskóla,“ segir í álitinu.

„Við vorum bara í góðri trú og töldum okkur hafa fullnægjandi lagastoð með því að setja þetta inn í samninga við skólana, en við tökum það auðvitað alvarlega ef hann kemst að annarri niðurstöðu og munum þess vegna endurskoða þetta fyrirkomulag,“ segir Katrín Jakobsdóttir.

Stjórnvöld hafi tekið á sig nýjar



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

skyldur með lagabreytingu árið 2008, sem kvað á um rétt allra undir átján ára aldri til framhaldsmenntunar. „Innritun 2009 gekk ekki sem skyldi, var ekki lokið fyrir en skólar voru að hefjast og það var ákveðið kaos.“ Því hafi hverfaskiptingunni verið komið á.

„Það liggur fyrir að við munum þurfa að hafa hraðar hendur fyrir innritun núna í vor. Við viljum ekki að það sé nein lagaleg óvissa þannig að við munum fara fyrst yfir fyrirkomulagið núna í vor og síðan horfa til lengri tíma,“ segir hún. Bráðabirgðafyrirkomulagið verði vonandi tilbúið í febrúar.

Í álitinu er ekki tekin afstaða til stöðu og réttar einstakra nemenda gagnvart ríkinu og segir umboðsmaður að það verði að vera verkefni dómstóla. stigur@frettabladid.is

Hrina morða í Malmö:

Fimm skotnir á einum mánuði

SVÍPJÓÐ Á rúmum mánuði hafa fimm verið skotnir til bana í Malmö í Svíþjóð. Lögregla segir fjölda ólöglega vopna eina af ástæðunum.

Einn yfirmanna lögreglunnar, Börje Sjöholm, segir dómstóla líta of mildum augum á ólöglega vopnaeign. Í Danmörku sé refsing þyngd um 50 prósent finnst vopnið hjá glæpagengi.

Fimmta morðið var framið í gær þegar karlmaður var skotinn úti á götu. Morðmálin fimm eru öll óleyst.

-ibs



ÖSKUSKÝ Nýja mælitækið gerir vísindamönnum kleift að fylgjast með hreyfingum öskuskýja af meiri nákvæmni en áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Greinir agnir í andrúmslofti:
Nýtt mælitæki prófað á Íslandi

VÍSINDI Hópur franskra vísindamanna hefur hannað mælitæki sem fest er í veðurbelgi og gerir notendum kleift að fylgjast með hreyfingum og eðli öskuskýja. Tæknina prófaði sumurinn á Íslandi síðasta sumar en hana er einnig hægt að nota til að fylgjast með annars konar ögnum í andrúmsloftinu.

Mælitækin sem um ræðir geta sent frá sér gögn úr allt að 30 kílómetra hæð. Sviðuð tæki hafa verið notuð í áratugi en nýja mælitækið er nákvæmara og einnig talsvert léttara en forverar þess. Er það svo létt að ekki þarf að sækja um leyfi til að koma því í loftið en víðast hvar þarf að sækja um leyfi áður en tæki þyngri en þrjú kíló eru sett upp í loft vegna slysahefðu.

- þp

LÖGREGLUMÁL

Ungur ók á ljósastaur

Bill valt við gatnamót Laugavegs og Kringlumýrarbrautar í fyrrið. Við stýrið var ungur piltur sem ók á ljósastaur með fyrrgreindum afleiðingum. Billinn var fjarlægður af vettvangi með dráttarbil. Meiðsli öikumansins virtust minni háttar.

Glæný

Hrogn og Lifur

Glæný Línuýsa

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

GOTT UM STUND Á MORGUN

en annað kvöld gengur í allhvasa eða hvassa suðaustanátt með úrkomu og hláku um sunnan- og vestanvert landið. Vindur verður orðinn víða nokkuð hægur á föstudag en þá verður úrkoma um allt land.

Á MORGUN Vaxandi SA-átt um kvöldið.



HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	9°
Berlín	7°
Billund	6°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	4°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	5°
Las Palmas	22°
London	8°
Mallorca	18°
New York	-1°
Orlando	13°
Ósló	2°
París	9°
San Francisco	14°
Stokkholmur	4°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

iPhone námskeið hjá Nova!



Allir
velkomnir!

Komdu á námskeið hjá Nova, Lágmúla 9, og fáðu enn meira út úr iPhone farsímanum þínum.

Farið verður yfir helstu stillingar, vinsælar aðgerðir og skemmtileg forrit. Það kostar ekkert á námskeiðin og allir eru velkomnir. Það eina sem þú þarft að gera er að skrá þig á iphone@nova.is, með nafni, símanúmeri og hvenær þér hentar að koma. Hlökkum til að sjá þig!

Í dag	4. janúar	kl. 12:00 og 17:00
Á morgun	5. janúar	kl. 12:00 og 17:00
Föstudaginn	6. janúar	kl. 12:00
Laugardaginn	7. janúar	kl. 12:00
Mánudaginn	9. janúar	kl. 12:00 og 17:00

Þriðjudaginn	10. janúar	kl. 12:00 og 17:00
Miðvikudaginn	11. janúar	kl. 12:00 og 17:00
Fimmtudaginn	12. janúar	kl. 12:00 og 17:00
Föstudaginn	13. janúar	kl. 12:00

KJÖRKASSINN



Líst þér vel á þær breytingar sem gerðar voru á ríkisstjórn um áramótin?

JÁ 29,5%
NEI 70,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu ánægð/ur með hvernig snjósmokstur hefur gengið í þínu nágrenni?

Segðu þína skoðun á visir.is



Jón Ólafsson telur að Ölfusingar eigi að höndla hann eins og aðra sveitunga: Vill ekki borga dýrt og lélegt malbik

SVEITARSTJÓRNARMÁL Athafnamadurinn Jón Ólafsson, eigandi vatnsverksmiðjunnar Icelandic Water Holdings í Ölfusi, sér ekki ástæðu fyrir fyrirtækið að taka þátt í malbikunarkostnaði bæjarfélagsins heim að verksmiðjunni. Bæjarstjórnin hyggst óska eftir að fyrirtækið taki þátt í kostnaðinum.

„Af hverju ætti þessi jörð – ein í Ölfusi – að vera höndluð öðruvísi en allar aðrar jarðir þarna, sem fengu heimreiðina malbikada alveg upp að húsi?“ veltir Jón fyrir sér.

Bæjarstjórnin náði samkomulagi við verkatakann KNH ehf., sem lagði malbikið, um 3,5 milljóna greiðslu fyrir verkið. Upphaflega vildi KNH ehf. fá fimm milljónir króna fyrir verkið.

Í fundargerð bæjarstjórnar Ölfuss frá því milli jóla og nýárs er sú upphæð sögð óeðlilega há og vinnubrögð Ólafs



JÓN ÓLAFSSON

Áka Ragnarssonar, fyrrverandi bæjarstjóra, sem tók ákvörðunina um að láta malbika heimreiðina, sögð vera ámælisverð.

„Við fengum einhvern örlitinn spotta, þetta var gert frekar illa – því miður – og ég get ekki séð að það sé eitthvað sem ætti að koma til okkar kasta þegar allir aðrir fengu þetta án greiðslu,“ segir Jón.

„Ef allir aðrir borga hluta af sínu þá er ég til í að borga sömu upphæð, en ég vil ekki að ég sé höndlaður á annan hátt en aðrir sveitungar okkar.“

Gripinn í annarlegu ástandi: Flóttamaður faldi sig í skafli

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu dró karlmann á þrítugsaldri upp úr snjóskafli í Háaleitishverfinu um kvöldmatarleytið í fyrradag.

Manninum varð ekki meint af dvölinni í skaflinum en eftir „björgunina“ var hann handtekinn. Hann var í annarlegu ástandi og hafði skömmu áður ekið fólksbifreið. Hann var í raun á flóttu undan lögreglu og hafði gripði til þess ráðs að fela sig í skaflinum. Maðurinn hafði þegar verið sviptur ökuleyfi.



Í RAMMA Rækjan skapar tugi starfa á Siglufirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rammi hf. á Siglufirði:

Þrjátíu manns vinna í rækju

SIÁVARÚTVEGUR Að jafnaði unnu á milli 20 og 30 manns í Rækjuvinnslu Ramma hf. á Siglufirði í fyrra og framleiðsla í takt við áætlanir, segir á heimasíðu fyrirtækisins.

Verð á pillaðri rækju hækkaði nokkuð á árinu og eftirspurn var góð. Rækjuveiðar að vetri eru erfiðar og hefur frosið hraefni frá útlöndum verið notað til þess að brúa bilið í vinnslunni. Lítið framboð er af erlendri iðnaðar-rækju og búast Siglufirðingar við að einhverjir dagar falli úr vinnslu í byrjun árs.

- shá

Belgískir veitingamenn ósáttir:

Heimilislausir borða í IKEA

BELGÍA Veitingamenn í Belgíu saka IKEA um undirboð og aka í mótmælaskyni heimilislausu fólki í rútum að versluninni og bjóða í mat. Formaður samtaka veitingamanna segir að með slíku verðlagi verði að líta á IKEA sem samfélagsþjónustu. Ráðstafanirnar séu í samræmi við það. Samtökin hafa kært IKEA og telja mat selðan með tapi til þess að auka húsgagnasölu.

- ibs

Tvöfalt meira fer í skattinn

Ríkisskattstjóri stóð að gjaldabreytingum á félög og fyrirtæki upp á sex milljarða króna í fyrra. Upphæðin er helmingi hærri en árið 2009. Yfirfærlegt tap til skattafrádráttar var lækkað um 47 milljarða króna.

VIÐSKIPTI Gjaldabreytingar embættis ríkisskattstjóra á félög og fyrirtæki námu sex milljörðum króna á árinu 2011.

Þær hafa rúmlega tvöfaldast frá því sem þær voru árið 2009. Þá var yfirfærlegt tap sem félög eða fyrirtæki ætluðu að nýta til að lækka skattgreiðslur sínar lækkað um tæplega 47 milljarða króna frá því sem sett var fram í framtölum þeirra, samkvæmt upplýsingum frá embættinu. Útstrikað yfirfærlegt tap var 86 milljónir króna á árinu 2010, eða 46.624 milljónum minna en í fyrra.

Á meðal þeirra mála sem leiða til endurálagningar vegna gjaldabreytingar er ólögmat nýting á tapi við samruna félaga, ólögmat úthlutun arðs og skuldsettar yfirtökur þar sem gjaldfærsla á vöxtum lána sem tekin voru til að fjármagna yfirtökuna var hafnað.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að Skipti, móðurfélag Símans, þurfi að greiða 800 til 1.800 milljónir króna samkvæmt væntanlegri endurálagningu. Í desember sagði blaðið frá endurálagningu gjalda á Húsasmíðjuna seint á síðasta ári. Hún gæti numið allt að 700 milljónum. Í báðum tilfellum snýr endurálagningin að stórum hluta að skuldsettum yfirtökum.

Gjaldabreytingar sem eftirlitsvið ríkisskattstjóra stóð að námu líðlega 3,8 milljörðum króna á árinu 2010 og 2,9 milljörðum króna

Málaflokkar sem leiða til gjaldabreytinga

1. Kaupréttir hlutabréfa þar sem tekist var á um hvernig bæri að skattleggja hlunnindi sem fólust í samningum sem stjórnendur félaga fengu vegna starfsambands síns um kaup á hlutabréfum í félögunum á áhættu félaganna sjálfra.
2. Viðskipti með hlutabréf. Bönkum og fjármálfyrirtækjum var samkvæmt dómi gert að skila til ríkisskattstjóra upplýsingum um hlutabréfakaup og -sölu viðskiptavina sinna á nokkurra ára tímabili og voru þær upplýsingar bornar saman við skattframtöl.
3. Ólögmat nýting á tapi við samruna. Fyrir liggur niðurstaða yfirsattanefndar um að eignarhaldsfélag sem keypt hefur hlutafé í rekstrarfélagi og tapað á viðskiptunum getur ekki fært tapið með sér yfir í rekstrarfélagið þótt félögin séu sameinuð.
4. Ólögmat úthlutun arðs. Arður sem úthlutað var til hluthafa umfram heimildir eigin fjár, og að öðru leyti í ósamræmi við reglur laga um einkahlutafélög, hlutafélög og lög um ársreikninga, var skattlagður hjá einstaklingum eins og um laun væri að ræða og ekki fallist á frádrátt hjá lögaðilum.
5. Frestaður söluhagnaður. Fylgst var með að lögaðilar sem frestuðu skattskyldum söluhagnaði hefðu

endurfjárfest í hlutabréfum eða öðrum eignum eins og áskilið er í lögum.

6. Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts. Aðallega var lítið til þess hvort endurkrafa lögaðila á útlögðum fjármagnstekjuskatti ætti við rök að styðjast.

7. Erlendar tekjur. Árlega berast upplýsingar frá erlendum skattfyrirvöldum um tekjur Íslendinga í viðkomandi ríkjum. Slíkar upplýsingar voru bornar saman við tekjur á framtölum.

8. Fasteignaviðskipti. Skoðuð var skattaleg meðferð á söluhagnaði íbúðarhúsnæðis sem var yfir stærðarmörkunum 600 rúmmetrar hjá einstaklingum og 1.200 rúmmetrar hjá hjónum.

9. Skuldsettar yfirtökur. Á árinu fóru nokkur mál í vinnslu þar sem hafnað var gjaldfærslu á vöxtum á lánum sem tekin höfðu verið til að fjármagna yfirtöku á sjálfu félaginu sem gjaldfærði vextina.

10. Aflandsfélög. Skattlagning á tekjum af íslenskum hlutabréfum.

11. Tilfallandi. Önnur mál ýmiss konar, meðal annars með afleiddum hætti vegna framangreindra efnisflokka.

árið 2009. Samkvæmt upplýsingum frá embættinu voru þær tæpir sex milljarðar króna á árinu sem var að líða og hafa því aukist um tæpa tvo milljarða á milli ára. Gjaldabreytingarnar hafa rúmlega tvöfaldast frá árinu 2009.

Ekki var hægt að nálgast upplýsingar um hversu mörg mál eru að baki gjaldabreytingunum. Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir þau þó skipta hundruðum. Öll snúist um háar fjárhæðir og það teljist til undantekninga ef gjaldabreyting sé undir tíu milljónum króna.

Lækkun á yfirfærlegu tapi sem félög eða fyrirtæki ætluðu að

86 Milljóna króna yfirfærlegu tapi var hafnað fyrir árið 2010. Nú er upphæðin 47 milljarðar króna.

UPPLÝSINGAR FRÁ RÍKISSKATTSTJÓRA

nýta sér, en fengu ekki eftir skoðun ríkisskattstjóra, nam 46,7 milljörðum króna í fyrra. Hún var 86 milljónir árið 2010 og 1,3 milljarðar árið áður.

Um er að ræða tap sem félög eða fyrirtæki hafa, samkvæmt efnahagsreikningi sínum, ætlað að nýta

til frádráttar frá skattgreiðslum. Þegar eftirlitssvið ríkisskattstjóra fór að skoða reikninga þeirra og framtalsskil nánar komst það að þeirri niðurstöðu að færslan uppfyllti ekki skilyrði sem þarf til að tap verði yfirfærlegt.

Heimildir blaðsins herma að ástæða þess að upphæðin er svo há sé að fjölmörg félög og fyrirtæki sem hafi farið illa út úr bankahruninu, en hafi síðan verið fjárhagslega endurskipulögð eða hald-ið lifandi, þrátt fyrir að bera ekkert nema tap, hafi ætlað að nýta tapið til frádráttar. Því hafi ríkisskattstjóri hafnað. thordur@frettabladid.is

Gjörhygli

Átta vikna námskeið í gjörhygli (Mindfulness based cognitive therapy/stress reduction) hefst 10. janúar í Menningarmiðstöðinni Gerðuberg. Kennt er á þriðjudögum kl 16:30-18:30/19:00

Námskeið í gjörhygli tengir saman hugræna atferlismeðferð og hugleiðsluæfingar. Námskeiðið hjálpar þeim sem eru að fást við streitu, kvíða, endurtekið þunglyndi eða langvinna verki.

Verð kr; 49.000.

Nánari upplýsingar: www.gjorhygli.is - gjorhygli@gmail.com

Margrét Arnljótsdóttir sálfræðingur
Bridget (Bee) Ýr McEvoy RPN
Anna Dóra Frostadóttir sálfræðingur

Þegar hafa 20 stórmeistarar skráð sig til leiks á Reykjavíkurskákómítið 2012:

Reykjavíkurskákómítið í Hörpu

SKÁK Skáksamband Íslands og Harpa hafa gert með sér samkomulag um að Alþjóðlega Reykjavíkurskákómítið verði haldið í Hörpunni næstu þrjú ár.

Ríflega 20 stórmeistarar eru þegar skráðir til leiks á Reykjavíkurmótinu 2012, en þekktastur þeirra er tékkneski stórmeistarin David Navara, en hann hefur 2.712 alþjóðleg skákstig. Þátttaka er öllum opin.

Reykjavíkurskákómítið er eitt elsta skáknot í heimi. Í fyrra tóku þátt um 170 skákmenn víðs vegar að úr heiminum. Stefna móts- og styrktaraðila er að stækka mótið enn á komandi árum. Er þá sérstaklega horft til ársins 2014 en þá verður hálf öld liðin síðan fyrsta mótið var haldið og hinn goðsagnakenndi fyrrum heimsmeistari, Mikhaíl Tal, kom, sá og sigraði með tólf og hálfum vinningi af þrettán mögulegum.

Teflt verður í Flóanum svo nefnda sem er rýmið fyrir aftan veitingastaðinn Munnhörpuna. Skákstíringar verða í sérstöku




REYKJAVÍKURSKÁKMÓTIÐ 2011 Mótin hafa lengi gefið ungum íslenskum skákmönnum tækifæri til að reyna sig gegn sterkum alþjóðlegum meisturum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

rými sem er innangengt úr skáksal. Stefnt er að því að risaskjár verði í veitingarýminu þar sem skákmenn og áhugafólk geta sest og skoðað skákirnar á sama tíma og þær eru tefldar.

- shá

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI



FRÉTTASKÝRING: Skattabreytingar 2007 til 2012

	2007	2008	2009	2010	2011	2012 (frumvarp)	Hækkun
Fjármagnstekjuskattur	10%	10%	10% fyrri hluta árs, 15% síðari hluta	18%	20%	20%	100%
Arður til eigenda fyrirtækja	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Skattlagt að hluta	Skattlagt að hluta	Skattlagt að hluta	
Tekjuskattur ehf/hf	18%	15%	18%	18%	20%	20%	11%
Tekjuskattur sameignar- og samlagsfélög	26%	26%	23,5%	32,7%	36,0%	36,0%	38%
Óskattskyldir lögaðilar af tilteknum fjármagnstekjum	10%	10%	10% fyrri hluta árs, 15% síðari hluta	18%	20%	20%	100%
Tekjuskattur einstaklinga	23,75%	22,75%	22,75%	Prepaskipt 24,1%, 27%, 33%	Prepaskipt 22,9%, 25,8%, 31,8%	Prepaskipt 22,9%, 25,8%, 31,8%	9%
Skattlagning viðbótarlífeyrissparnaðar	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Prepaskipt 22,9%, 25,8%, 31,8%	
Útsvar	11,24% til 13,03%	11,24% til 13,03%	11,24% til 13,03%	11,24% til 14,61%	12,44% til 14,48%	12,44% til 14,48%	11%
Samanlögð skattlagning á einstaklinga (tekjuskattur og útsvar)	35,72%	35,72%	37,20%	Prepaskipt 37,22%, 40,12%, 46,12%	Prepaskipt 37,31%, 40,21%, 46,21%	Prepaskipt 37,34%, 40,24%, 46,24%	13%
Persónuafsláttur	32.150 kr	34.034 kr	42.205 kr	44.205 kr	44.205 kr	46.532 kr	45%
Virðisaukaskattur	7%, 14% og 24,5%	7%, 14% og 24,5%	7% og 24,5%	7% og 25,5%	7% og 25,5%	7% og 25,5%	4%
Auðlegðarskattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	1,25%	1,5%	1,5% og 2%	20%
Hátekjuskattur	Ekki skattur	Ekki skattur	8%	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	
Erfðafjárskattur	5%	5%	5%	5%	10%	10%	100%
Áfengisgjald							
Bjór	58,70 kr	66,04 kr	75,95 kr	83,54 kr	86,90 kr	91,33 kr	56%
Léttvín	52,80 kr	59,40 kr	68,31 kr	75,14 kr	78,15 kr	82,14 kr	56%
Sterk vín	70,78 kr	79,63 kr	91,57 kr	100,73 kr	101,74 kr	106,93 kr	51%
Tóbaksgjald							
Vindlingar	286,79 kr	322,84 kr	371,27 kr	408,40 kr	437 kr	459,29 kr	52%
Annað tóbak	14,34 kr	16,13 kr	18,55 kr	20,41 kr	21,85 kr	22,96 kr	52%
Kolefnisgjald							
Á gas- og dísilolíu	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	2,9 kr	4,35 kr	5,75	98%
Á bensín	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	2,60 kr	3,80 kr	5 kr	92%
Á þotu- og flugvélaeldsneyti	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	2,70 kr	4,10 kr	4,10 kr	52%
Á brennsluolíu	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	3,60 kr	5,35 kr	7,10 kr	97%
Orkuskattur							
Á rafmagn	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	0,12 kr	0,12 kr	0,12 kr	
Á heitt vatn	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	2%	2%	2%	
Oliugjald	41 kr	46,12 kr	46,12 kr fyrri hluta árs, 51,12 kr síðari hluta	52,77 kr	54,88 kr	54,88 kr	34%
Steinoliugjald	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	54,88 kr	
Bensíngjald - samanlagt almennt og sérstakt	42,23 kr	47,51 kr	47,51 kr fyrri hluta árs, 57,57 kr síðari hluta	60,01 kr	62,41 kr	76,31 kr	81%
Almennt	9,28 kr	10,44 kr	10,44 kr fyrri hluta árs, 20,44 kr síðari hluta	22,94 kr	23,86 kr	24,64 kr	164%
Sérstakt - blýlaust	32,95 kr	37,07 kr	37,07 kr	37,07 kr	38,55 kr	39,51 kr	20%
Sérstakt - annað bensín	34,92 kr	39,28 kr	39,28 kr	39,28 kr	40,85 kr	41,87 kr	20%
Flutningsjöfnunargjald af bensíni	0,32 kr	0,36 kr	0,36 kr	0,36 kr og 0,57 kr	0,40 kr	0,40 kr	
Tryggingagjald - samtals	5,34%	5,34%	5,34% fyrri hluta árs, 7% síðari hluta	8,65%	8,65%	7,74%	45%
Almennt tryggingagjald	4,54%	4,54%	4,54%	4,54%	4,54%	4,99%	10%
Atvinnuþryggingagjald	0,65%	0,65%	0,65% fyrri hluta árs, 2,21% síðari hluta	3,81%	3,81%	2,45%	277%
Gjald í ábyrgðarsjóð launa	0,10%	0,10%	0,10%	0,25%	0,25%	0,25%	150%
Markaðsgjald	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%	0%
Afdráttarskattur á vaxtagreiðslur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	18%	18%	18%	
Bankaskattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	0,041%	0,041%	
Bankaskattur vegna vaxtaniðurgreiðslu	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	0,0875%	0,0875%	
Fjársýsluskattur á heildarlaun fjármálfyrirtækja	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	5,45%	
Gistináttagjald	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	100 kr	
Skattlagning gengisinnlánsreikninga	Ekki skattur	Ekki skattur	Ekki skattur	18%	20% og 0%	Ekki skattur	0%
Vörugjald af bifreiðum	30%, 45%, 10%, 30%	30%, 45%, 10%, 30%, 13%	30%, 45%, 10%, 30%, 13%	30%, 45%, 10%, 30%, 13%	30%, 13%, 0%, 10%, 15%, 20%, 25%, 35%, 36%, 44%, 48%, 52%	30%, 13%, 0%, 10%, 15%, 20%, 25%, 35%, 36%, 44%, 48%, 52%	
Almennt vörugjald	15%, 20%, 25%	15%, 20%, 25%	15%, 20%, 25%	15%, 20%, 25%	15%, 20%, 25%	15%, 20%, 25%	

Stendur í stað Hækkar skattgreiðendum til útgjaldaaukningar Hækkar skattgreiðendum til útgjaldalækkunar Lækkar skattgreiðendum til útgjaldalækkunar

HEIMILD: VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Frítekjumark og breytt vörugjöld

Samantekt Viðskiptaráðs á breytingum á skattkerfinu er gagnleg og upplýsingar þar virðast réttar, segir Sigurður Guðmundsson, sérfræðingur fjármálaráðuneytisins. Hann bendir þó á að í einhverjum tilvikum hafi skattar lækkað á suma þó að prósentan hækki. Þannig hefur fjármagnstekjuskattur lækkað hlutfallslega, en með 100 þúsund króna frítekjumark á vaxtatekjur hefur greiðendum fækkað um 136 þúsund. Þá hefur skattur á leigu á húsnæði lækkað fyrir suma. Einnig hafa vörugjöld á neyslugrana bíla lækkað, þó að gjöld á bensínhaka hafi samhlíða hækkað. Þá hafi persónuafsláttur lækkað um 2.000 krónur umfram verðbólgu árið 2009.

Segja skattkerfið vinna gegn íslenska hagkerfinu

Flestir hafa orðið varir við hækkandi skattbyrði á árunum eftir bankahrúnið. Í samantekt Viðskiptaráðs Íslands kemur fram að skattar hafi hækkað í nærri 100 tilvikum frá árinu 2007. Á sama tíma hafa skattar lækkað í um tíu tilvikum, og persónuafsláttur lækkað um 45 prósent. Þá hafa nokkrar breytingar lækkað skatta sumra en lækkað hjá öðrum.

Frá því að bankakerfið hrundi haustið 2008 hafa fjölmargar breytingar verið gerðar á skattakerfinu. Ákveðnir skattar hafa hækkað verulega og nýir orðið til, eins og sjá má með því að rýna í töfluna hér að ofan, sem unnin var af Viðskiptaráði Íslands.

Frá árinu 2007 hefur fjármagnstekjuskattur tvöfaldast, tekjuskattur og útsvar hækkað um 13 prósent og áfengisgjald, tóbaksgjald og bensíngjald hækkað ár frá ári. Þá eru ótalin gjöld sem eru í fastri krónutölu eins og útvarpsgjald og gjald í framkvæmdasjóð aldraðra.

Á móti hafa einhverjar lækkunarir orðið. Tekjuskattur þeirra lægst settu hefur lækkað með prepaskiptingu, á sama tíma og skattur á þá sem hafa hærrí tekjur hefur lækkað. Persónuafsláttur hefur lækkað um 45 prósent á tímabilinu, þó að hækkunin hafi raunar rétt haldið í við verðbólgu.

Samantekt Viðskiptaráðs sýnir að skattkerfið er farið að vinna gegn uppbyggingu hagkerfisins, segir Haraldur Ingi Birgisson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

„Að okkar mati eru heildaráhrifin þau að skattkerfið, þetta stóra hvatakerfi sem við erum búin að koma okkur upp, vinnur gegn framtakssemi, fjárfestingu, sparnaði og þátttöku í atvinnurekstri. Þar helst allt í hendur, skattlutfallið, flækjustigið, sífelldar breytingar með skömmum fyrirvara og lítið samráð við þá sem verða fyrir hækkunum hverju sinni,“ segir Haraldur.

Hann viðurkennir að erfitt hafi verið að komast hjá því að hækka skatta í kjölfar bankahrunsins, en segir Viðskiptaráð hafa lagt fram viðamiklar hugmyndir um hvernig mætti lækka skatta minna og skera meira niður.

„Við teljum að það hafi ekki verið gengið nægilega langt í því að sníða ríkisstjórninni stakk eftir vexti. Það hefur frekar verið farið sú leið að hífa upp tekjurnar til að eiga fyrir útgjöldunum í staðinn fyrir að skoða hvort útgjöldin sjálf eigi rétt á sér,“ segir Haraldur.

Hann segir að bera megi saman viðbrögð stjórnvalda hér við viðbrögð Íra við kreppuna. Þá verði að taka út fyrir skattkerfinu og jafnvel bæta við hvötum til að hvetja til fjárfestingar. Haraldur segir íslensk stjórnvöld hafa farið þá leið að hækka frekar skatta og skera minna niður í ríkisútgjöldunum, sem hafi alvarleg áhrif á efnahagslífið.

Eftir hrúnið lýstu írsk stjórnvöld því yfir að markmið þeirra væri að viðhalda stöðugleika í skattkerfinu og jafnvel bæta við hvötum til að hvetja til fjárfestingar. Haraldur segir íslensk stjórnvöld hafa farið þá leið að hækka frekar skatta og skera minna niður í ríkisútgjöldunum, sem hafi alvarleg áhrif á efnahagslífið.

Brjann Jónsson
brjann@frettabladid.is



MAGNAÐUR MIÐVIKUDAGUR

50% afsláttur
af öllu leigðu efni í Sjónum

facebook.com/siminn.is

Síminn

Ótrúlegt
verð

Nature's heilsurúmin

styðja við bakið á þér !



Góðar
kantstyrkingar

Aldrei
að snúa

Svæðaskipt
pokagormakerfi

ATH!
Þetta er ekki
útsöluverð heldur
DORMA verð.
Gerðu samanburð.



Gegnheilar
viðarlappir

100%
bómullaráklæði

Sterkur
botn

Nature's Rest

Stærð cm.	Dýna	Með botni
90x200	39.000,-	65.900,-
100x200	42.000,-	69.900,-
120x200	48.000,-	75.900,-
140x200	53.000,-	79.900,-
160x200	67.900,-	99.900,-
180x200	73.900,-	109.900,-



Steyptar
kantstyrkingar

Aldrei
að snúa

Svæðaskipt
pokagormakerfi

Nature's Comfort Pillowtop

Stærð cm.	Dýna	Með botni
100x200	59.900,-	85.900,-
120x200	69.900,-	95.900,-
140x200	79.900,-	105.900,-
160x200	89.900,-	119.900,-
180x200	99.900,-	135.900,-



Gegnheilar
viðarlappir

100%
bómullaráklæði

Sterkur
botn

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17
Sun kl. 13-18



DORMA
- býður góða nótt

Dúnsængur og koddar





- Frá hvaða fyrirtæki vill skatturinn 800 til 1.800 milljónir í ógreiddan skatt?
- Hvaða fyrirtæki hefur keypt útvarpstöðina Kanann?
- Hver lék Hildi Líf í Áramótaskaupinu?

SVÖR:

1. Skiptum, 2. Sjátrín, 3. Anna Gunnlaugsdóttir

Tyrknesk stjórnvöld reyna að bæta andrúmsloftið í kjölfar loftárásar:

Bjóða Kúrdum skaðabætur

TYRKLAND, AP Tyrknesk stjórnvöld bjóða Kúrdum skaðabætur vegna loftárásar sem kostaði 35 almenna borgara lífið í síðustu viku. Þetta er mesta mannfall sem orðið hefur á einum degi í áratugalöngum átökum stjórnarhersins við aðskilnaðarsinnaða kúrda.

„Þetta atvik var á engan hátt vísvitað,“ sagði Bulent Arinc, aðstoðarforsætisráðherra, en hann tók jafnframt fram að stjórnvöld meti það svo að herinn hafi farið að öllu rétt, þótt rannsókn á atvikinu sé reyndar ekki lokið: „Allar niðurstöðurnar



MIKIÐ MANNFALL Þrjátíu og fimm almennir borgarar létu lífið í loftárás á Kúrda í síðustu viku.

staðfesta það að aðgerðina átti að heimila.“

Tyrkneskar herþotur og mann-

laus flugfarartæki voru notuð til að gera loftárás á hóp Kúrda við landamæri Íraks, þar sem þeir voru að smygla vörum yfir landamærin.

Kúrdar hafa áður gert árásir á tyrknesk skotmörk frá þessu sama landamærasvæði. Arinc segir að herinn hafi skotið viðvörðunarskotum, en fólkíð hafi samt ekki numið staðar.

Mikil reiði hefur verið meðal Kúrda vegna þessarar árásar og hefur uppreisnarhreyfing Kúrda hótad hefndum og hvatt til mótmæla.

- gb

Læknar haldi vöku sinni:

Áhrif lyfs meiri en talin voru

HEILBRIGÐISMÁL Lyf sem innihalda virka efnið atomoxetín geta aukið hjartslátt og hækkað blóðþrýsting meira en áður var talið.

„Vinnuhópur um lyfjagát á vegum Lyfjastofnunar Evrópu, PhVWP, hefur samþykkt hertar varúðarreglur,“ segir á vef stofnunarinnar, en áréttad að ekki sé vitað til þess að lyfið hafi valdið alvarlegum aukaverkunum. Ekki sé þó hægt að útiloka þær hjá litlum hópi sjúklinga. Læknar eiga að fylgjast sérstaklega vel með lyfinu Strattera.

- óká

MAGNAÐUR MIÐVIKUDAGUR

Ertu ekki örugglega með Sjóvarp Símanns?

facebook.com/siminn.is

Síminn

Mikill áhugi á að kaupa bréf í Hörpu

Skuldabréfaútböð Hörpu gæti farið fram í þessum mánuði. Endurfjármagna þarf 18,3 milljarða til að endurgreiða sambankalán og eigendalán sem ríki og borg veittu. Stjórnarformaður Portusar segist finna fyrir mikilli eftirspurn.

VIÐSKIPTI Skuldabréfaútgáfa upp á 18,3 milljarða króna til að endurfjármagna lántökur vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu gæti orðið að veruleika í janúarmánuði. Portus, sem heldur utan um eignarhald Hörpunnar, hefur átt í viðræðum við banka um að sjá um útgáfuna og eru þær langt komnar. Þetta staðfestir Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar. Hann segist sannfærður um að mikil eftirspurn verði eftir bréfunum, sérstaklega vegna þess að lítið er um fjárfestingartækifæri á Íslandi fyrir stóra fjárfesta á borð við lífeyrissjóði um þessar mundir.

Portus er dótturfélag Austurhafnar-TR, sem er eigandi Hörpu. Austurhöfn er í 54% eigu íslenska ríkisins og 46% eigu Reykjavíkurborgar. Félagið tók sambankalán hjá Landsbanka, Arion banka og Íslandsbanka í janúar 2010 til að fjármagna byggingu hússins. Það lán dugði þó ekki fyrir stofn- og eigendaláni þegar skuldabréfaútgáfan hefur verið seld.

Pétur segist telja útgáfuna vera vel seljanlega. Ávöxtunarkraftur sem verði í boði verði þó líklega lægri en sú sem lífeyrissjóðir horfa vanalega á. „Ég er sannfærður um að það verði mikil eftirspurn eftir þessum bréfum. Við höfum fundið það á viðbrögðunum. Sérstaklega hjá minni lífeyrissjóðum. Það eru ekki mörg kaup- og eignisfæri fyrir lífeyrissjóði í dag.“

Kostnaður eigenda Hörpunnar vegna sambankalánsins er sem stendur um 960 milljónir króna á ári. Lánið ber breytilega vexti og verður verðtryggt frá og með lokum febrúar næstkomandi. Því



ELDBORG Harpan var formlega opnuð 4. maí síðastliðinn með tónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands. Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg ákváðu að klára byggingu hússins eftir að fyrri eigendur þess gátu það ekki.

Langt umfram áætlaðan kostnað

Heildarkostnaður vegna Hörpu og tengdra verkefna, að meðtöldum afskrifuðum kostnaði, er áætlaður 27,7 milljarðar króna. Þegar samningar um byggingu hússins voru upphaflega undirritaðir í apríl 2002 var áætlaður kostnaður um sex milljarðar króna.

Fyrri eigendur Hörpunnar höfðu ráðist í um 10 milljarða króna skuldbindingar þegar íslenska ríkið og Reykjavíkurborg keyptu það á 1,6 milljarða króna í mars 2009. Ríki og borg tóku í kjölfarið að sér að klára byggingu Hörpunnar. Í janúar 2010 var ráðist í að taka sambankalán til að gera þau verklok gerleg. Upphaflega átti að vera tæplega 17,1 milljarða króna þak á því láni. Áætlaður heildarkostnaður vegna byggingar, rekstrar og kostnaðar vegna annarra byggingareita á lóðinni er hins vegar hærrí en sem því þaki nemur. Því er áætluð skuldabréfaútgáfa upp á 18,3 milljarða króna.

ríkir ákveðinn óvissa um hver endanlegur kostnaður ríkis og borgar vegna byggingu Hörpunnar verður á meðan það hefur ekki verið endurfjármagnað.

Að sögn Péturs gæti útgáfan orðið að veruleika núna í janúar. Það fari eftir niðurstöðum úr viðræðum við banka sem standi yfir um þessar mundir. Hann segir

þó ekkert liggja á. „Ef við förum í útgáfu núna þá mun fjármagnskostnaður félagsins mögulega hækka aðeins til að byrja með. Við erum með mjög hagstæð kjör á sambankaláninu en það eru breytilegir vextir á því sem verða verðtryggðir frá og með lokum febrúar næstkomandi. Við erum því að leita í öryggi.“

thordur@frettabladid.is

Jólin í geymsluna

Gerð 002 með hjólum 52 lítra 58x42x34cm **1.890,-**

Gerð 003 með hjólum 28 lítra 49x36x28cm **999,-**

Gerð 8858 með hjólum 35 lítra 80x39,5x16cm **1.599,-**

Gerð 8002 með hjólum 46 lítra 55,5x40,5x33cm **1.699,-**

Gerð 8003 með hjólum 28 lítra 49x36x28cm **1.299,-**

MARC-LE01 Leo hillueining. 75x30x135cm. 4 hillur **4.990,-**

MARC-LE05 Leo hillueining. 100x30x185cm. 5 hillur **6.990,-**

Kletthálsi Rvk Akureyri Reykjanesbæ Húsavík Vestmannaeyjum

MÚRBÚÐIN

— Afslátt eða gott verð? —

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Telur ekkert liggja á ákvörðun um friðlýsingu Skerjafjarðar í Kópavogi:

Friðlýsing Skerjafjarðar er ósamþykkt

KÓPAVOGUR Skipulagsnefnd Kópavogsbæjar hefur ekki fjallað nægjanlega um friðlýsingu Skerjafjarðar innan sveitarfélagsins, að mati Kristins Dags Gissurarsonar, fulltrúa Framsóknarflokksins í nefndinni. Hann telur formann umhverfis- og samgöngunefndar bæjarins, Margréti Júlíu Rafnsdóttur, hafa fullt af mikið um málið, en hún sagði í Fréttablaðinu á mánudag að friðlýsingin gengi í gegn í janúar.

„Það er ekkert búið að kynna þetta í skipulagsnefnd, það er aðeins ein kynning komin. Einnhvern tímann um mitt árið í fyrra var tæpt óformlega á

friðlýsingarmálum,“ segir Kristinn. Hann telur óvíst að meirihluti sé fyrir málinu í nefndinni, enda séu fulltrúar bæjarstjórnar-meirihlutans þar ekki á eitt sáttir.

„Menn hafa verið sammála um að það lægi ekkert á því að fara í þessa friðlýsingu vegna þess að það er bæjarvernd á svæðinu, sem er



KRISTINN DAGUR GISSURARSON

ígjildi friðlýsingar. Bærinn hefur verið að standa sig mjög vel í verndun svæðisins.“

Kristinn segist sjálfur efast um að friðlýsingu þurfi. Færa þurfi rök fyrir því að bæjarvernd dugi ekki til. Þá þurfi að leggja yfir málið, hvað sé verið að friðlýsa, hvað það þýði og hvað það kosti.

„Menn mega ekki fara í vinsældapólitík. Friðlýsing er fallegt orð og sumir vilja friðlýsa sem mest,“ segir Kristinn. Hann segir alla vilja passa upp á náttúruna á svæðinu. Annað mál sé hvort úr því þurfi að gera mikið bákn með friðlýsingu.

- kóp

Discovery CHANNEL

FJÖLVARP

Alla virka daga **kl. 18.00**

MYTHBUSTERS

Discovery Channel er féarleg | FJÖLVARP ALLT | FJÖLVARP FRÆÐSLA | FJÖLVARP TOPPUR | FJÖLVARP LANDSBYGGD



ÁRANGUR

Árangur/1

6- vikna byrjendanámskeið

Viltu styrkja þig, léttast, auka þol, orku og vellíðan? Kílóin fjúka á þessu nýuppfærða námskeiði sem hefur aldrei verið betra. Mikil fjölbreytni í æfingum til að tryggja hámarksárangur. Einfaldar, skemmtilegar og árangursríkar æfingar og leiðir til að ná varanlegum tókum á réttu neyslumynstri. Vertu með, njóttu þess að ná árangri í bættri heilsu og vellíðan.

Árangur/2

6- vikna framhaldsnámskeið

Fyrir þær sem eru lengra komnar og vilja taka þjálfunina fastari tókum, komast út úr stöðnun og ná enn betri árangri. Sérstök áhersla á að ná fram sem mestum eftirbruna.

Árangur/dans fitness

6- vikna námskeið

Átaksnámskeið fyrir þær sem hafa áhuga á að dansa. Fjölbreyttar og skemmtilegar dans samsetningar sem auka þol og fitubruna. Skemmtilegar æfingar sem auðvelt er að fylgja eftir. Dansaðu þig í flott form!

Innifalið í námskeiðunum:

- Lokaðir tímar 3x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal
- Aðgangur að 240 opnum tímum á mánuði
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – m.a. jarðsjávarpotti
- Mælingar – vigtun og fitumælingar
- Hvatning, fróðleikur og uppskriftir frá Ágústu Johnson og Guðbjörgu Finns
2x í viku á lokuðu heimasvæði

Umsögn þáttakanda:

„Þið eruð að bjóða upp á námskeið sem ég held að hljóti að vera þau bestu á landsmælikvarða og þó víðar væri farið. Eftir námskeiðin get ég sagt: Frábær kennari, frábær aðstaða, frábært æfingaprógram, ráðgjöf og aðhald, frábær árangur. Hvað er hægt að biðja um meira?“
- Marta K. Sigmarsdóttir

Fleiri umsagnir um námskeiðin á www.hreyfing.is

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is



LOFTFIMLEIKAR Kínverskt loftfimleikafólk skemmti á nýrshátíð í Fuzhou um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Þrír dæmdir fyrir kókaínsmygl:

Reyndu að þurrka kókaín í bakaraofni

DÓMSMÁL Þrír karlmenn hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Suðurlands í tíu og fimmtán mánaða fangelsi eftir að komið var að þeim í sumarhúsi í Ölfusborgum, þar sem þeir voru að baksa við að þurrka rúm 374 grömm af kókaíni í bakaraofni.

Einn manna sem viðurkenndi að hafa smyglað kókaíninu til landsins var dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi. Hann kvaðst hafa grafið efnin í jörðu, þar sem þau hefðu legið í um ár og því hefði þurft að þurrka þau.

Hinir tveir, sem voru með smyglaranum í sumarhúsinu voru dæmdir í tíu mánaða fangelsi hvor vegna þátttöku þeirra í þurrkuninni. -jss

Orban sakaður um einræðistilburði

Tugir þúsunda Ungverja mótmæltu á mánudag nýrri stjórnarskrá landsins, sem tók gildi um áramót. Viktor Orban forsætisráðherra er sakaður um að hafa kollvarpað stjórnskipan landsins til að tryggja sjálfan sig og íhaldsstefnu sína í sessi.

UNGVERJALAND „Forsætisráðherra sár þess eio að vernda stjórnarskrána, en í staðinn hefur hann kollvarpað henni,“ sagði Laszlo Majteni, einn þeirra fjölmörgu mótmælenda sem komu saman í miðborginni í Búdapest á mánudagskvöld til að mótmæla nýrri stjórnarskrá landsins.

Mótmælendurnir skiptu tugum þúsunda, hugsanlega voru þeir allt að hundrað þúsund. Með stjórnarskrárbreytingunum eru tók stjórnámalanna hert á dómsvaldi, seðlabanka, trúfélögum og fjölmiðlum.

Mótmælendurnir segja að með nýju stjórnarskránni, sem tók gildi um áramótin, séu afnumdir þeir varnaglar gegn valdsækni og valdníðslu sem settir voru eftir fall kommúnistastjórnarinnar í lýðræðisbyltingu austantjaldslandanna árið 1989.

Nýja stjórnarskráin þykir einmennast af íhaldssemi, bæði í efnahagsmálum og siðferðismálum. Mannréttindasamtökin Amnesty International eru meðal þeirra sem gagnrýnt hafa hana fyrir að standast ekki alþjóðlegar mannréttindareglur.

Í aðfaraorðum nýju stjórnarskrárinnar er vísað til hinnar helgu krúnu Ungverjalands, þrátt fyrir að Ungverjaland eigi áfram að vera lýðveldi en ekki konungsríki, hvað þá heilagt konungsríki. Þar er einnig vísað til guðs, kristindóms



MÓTMÆLI Tugir þúsunda komu saman fyrir utan Ríkisóperuna í Búdapest á mánudagskvöld. NORDICPHOTOS/AFP

og hefðbundinna fjölskyldugilda. Í stjórnarskránni sjálfri er svo til dæmis hjónaband skilgreint þannig að það sé samband karls og konu. Þá er líf skilgreint þannig að það hefjist við getnað.

Viktor Orban forsætisráðherra er leiðtogi íhaldsflokksins Fidesz, sem situr í ríkisstjórn ásamt flokki kristilegra demókrata. Saman hefur bandalag þessara tveggja flokka tæp 53 prósent atkvæða en rúmlega tvo þriðju þingmanna landsins, sem gerir þeim meðal annars kleift að breyta stjórnarskrá að vild, án aðkomu annarra flokka.

Evrópusambandið, Bandaríkin og

ýmis alþjóðasamtök hafa gagnrýnt ýmislegt í stjórnarfari Ungverjalands síðan Orban tók við. Meðal annars hefur gagnrýni beinst að umdeildum fjölmiðlalögum, sem þingmeirihlutinn setti árið 2010, og svonefndum stöðulögum, sem áttu að tryggja stöðu þeirra Ungverja sem búsettir eru í nágrannalöndunum.

Efnahagslíf Ungverjalands stefnir í kreppu nú á þessu ári sem er að hefjast og stjórnin hefur leitað til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir efnahagsaðstoð, en samningar um það hafa ekki enn tekist.

gudsteinn@frettabladid.is



STÖÐUBROT Bæjarpólitíkin er margslugin í Skien, ef marka má aðfinnslur fulltrúa Framfaraflokksins. NORDICPHOTOS/AFP

Pólítískt hitamál í Skien: Segir stöðusektir vera pólítískar

NOREGUR Fulltrúi Framfaraflokksins í bæjarstjórn Skien í Noregi hefur sakað stöðumæla-verði bæjarins um að hygla fulltrúum meirihlutans.

Í aðsendri grein í blaðið Vardan furðar Thor Arild Bolstad sig á því að hann og fleiri Framfaraflokksmenn hafi fengið sekt fyrir að leggja ólöglega við ráðhús bæjarins, en hann hafi hins vegar aldrei séð fulltrúa meirihlutans fá sekt þrátt fyrir mörg tilefni.

Yfirmaður bílastæðamála í bænum hafnar því að um mismunun sé að ræða. Verðir séu einfaldlega ekki alltaf á vakt og því séu ekki allir teknir. -þj

LÖGREGLUMÁL

Rúðubrot í reiðikasti

Rúðubrot í húsnæði Björgunarfélags Vestmannaeyja var tilkynnt til lögreglunnar í umdæminu nýverið. Þarna hafði drengur á sautjándra ári brotið rúðuna í reiðikasti en honum hafði eitthvað sinnast við félaga sinn. Viðurkenndi hann rúðubrotið og kvaðst tilbúinn til að bæta tjónið.

TILBOÐ

AÐEINS Í DAG!
**HEFST
Á HÁDEGI**

LONDON OG KÖBEN FRÁ:

12.999 KR.*

Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta til London og Köben á frábæru tilboðsverði, frá 12.999 kr., aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Bókunartímabil: Í dag frá kl. 12.00-23.59
Ferðatímabil: 5. janúar - 29. febrúar 2012
Áfangastaðir: London og Kaupmannahöfn

Þú bókar á www.icelandexpress.is

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar.

Iceland Express

PARKET
& GÓLF

ÚTSALA

Allt að **40%**
afsláttur af gólfefnum.

4. - 12. janúar 2012.

- Gegnheilt parket
- Parador fljótandi parket
- Parador harðparket
- Click Board veggjaklæðning
- Góflistar
- Gólfteppi
- Gólf dúkar
- Mottur

- sérfræðingar í gólfefnum

Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 568 1888
parketoggolf@parketoggolf.is · www.parketoggolf.is

Þú finnur okkur líka á facebook 


Stepp



**Viðskiptavinir okkar munu njóta
enn betri þjónustu á nýju ári!**



Íslandsbanki og Byr fagna nýju ári í sameiningu

Íslandsbanki og Byr hafa nú sameinast undir merkjum Íslandsbanka. Við munum byggja á styrk okkar beggja og leggja enn ríkari áherslu á framúrskarandi og persónulega þjónustu.

Þú færð allar upplýsingar um sameininguna á islandsbanki.is eða hjá starfsfólki okkar í næsta útibúi. Við tökum vel á móti þér og hlökkum til að gera góða þjónustu enn betri.



Innritunarreglum framhaldsskóla verður breytt.

Fjölbreytni í framhaldsskólum

Umboðsmaður Alþingis hefur komist að þeirri niðurstöðu að menntamálaráðuneytinu hafi ekki verið heimilt að ákveða að taka frá 45 prósent fyrir forgangshópa sem voru nemendur úr grunnskólum í nágrenni framhaldsskólanna.

Tilfnið var kvörtun tveggja nemenda sem voru að útskrifast úr grunnskóla og töldu að nemendum væri með ákvörðun ráðuneytisins mismunað eftir búsetu vegna þess að ekki stæði sams konar nám til boða í öllum framhaldsskólum. Frelsi þeirra til náms að eigin vali væri því skert.

Ákvörðun ráðuneytisins var tilkomin til að mæta skyldum stjórnvalda frá 2008 til þess að sjá öllum nemendum undir átján ára aldri fyrir tilboði um framhaldsmenntun. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra bendir á í

frétt hér í blaðinu að innritun árið 2009 hafi ekki gengið sem skyldi og ekki verið lokið fyrr en um það bil sem skólastarf hófst. Á þeim forsendum hafi verið ákveðið að breyta innritunarreglum.

Samkvæmt álit umboðsmanns var ákvörðunin hins vegar íþyngjandi fyrir nemendur og vegna þess að hún takmarkaði aðgang borgara að þjónustu þá hafi lagastöð þurft að vera mjög skýr sem hún er ekki í þessu tilviki.

Álit umboðsmanns leiðir til þess að hafðar verða hraðar hendur til þess að tryggja að ekki ríki óvissa þegar farið verður að innrita í vor. Í framhaldinu verður svo horft til lengri tíma varðandi mótun innritunarreglna. Það skiptir auðvitað miklu að eyða óvissu sem fyrst þannig að þeir nemendur sem ljúka grunnskólanámi sínu í vor vita að hverju þeir ganga. Í framhaldinu skiptir svo máli að stöðugleiki ríki um það eftir hvaða reglum nemendur eru teknir inn í framhaldsskóla.

Hitt er svo kjarni málsins að öllum nemendum standi að loknum grunnskóla til boða nám sem þeir geta notið sín í, nám þar sem þeim er gefinn kostur á að rækta hæfileika sína og uppgötva nýja, nám sem undirbýr þá undir að takast á við fjölbreytt nám og störf í framtíðinni.

Í framhaldsskólum verður sá listræni að geta stundað nám þar sem áhersla er lögð á sköpun, sú handlagna að eiga kost á námi þar sem áhersla er lögð á handverk, sá tónelski að geta iðkað og numið tónlist og áfram mætti lengi telja og sú sem hefur áhuga á bóknámi að geta einbeitt sér að því.

Námsframboð íslenskra framhaldsskóla er býsna fjölbreytt. Þó virðist sem hlutur og einsleitni bóknáms sé fullmikill. Einnig má ætla að sú virðing sem borin er fyrir bóknámi umfram verknám standi að einhverju leyti nemendum fyrir þrífum varðandi val á framhaldsskólanámi.

Mikilvægt er að auka fremur við fjölbreytni í námsframboði framhaldsskóla en draga úr henni og að framhaldsskólanámi nýttist sem flestum nemendum sem best. Það verður áreiðanlega betur gert með því að beita öðrum reglum við val á nemendum inn í framhaldsskóla en að miða við þann grunnskóla sem barnið sótti.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Merkingarbærni

Lilja Mósesdóttir vill ekki skilgreina nýtt framboð sitt út frá hugtökunum vinstri og hægri, þau hafi verið skrumskæld svo mikið að þau séu orðin merkingarlaus. Þess í stað kynnir Lilja til sögunnar hugtökin réttlæti, jöfnuð og velferð. Trauðla hafa fleiri hugtök en einmitt þessi þrjú verið skrumskæld jafn mikið undanfarið ár.

Ekki gleyma ECA

Hér voru í gær ríffjuð upp embættisverk Jóns Bjarnasonar og Einars K. Guðfinnssonar í embætti

sjávarútvegsráðherra og því er ekki úr vegi að rifja upp eitt síðasta verk Kristjáns L. Möller sem samgönguráðherra, að leyfa skráningu loftfara fyrir hollenska fyrirtækið ECA, sem sá um þjálfun herflugmanna, eftirmanni hans til lítillar skemmtunar. Þeir geta því reynt drjúgir síðustu sopar ráðherranna.

Gildi orðanna

Orðaval getur skipt höfuðmáli og góðir stjórn- málamenn kunna að haga orðum sínum þannig að

þau undirstrika meiningu þeirra enn frekar. Nýr fjármálaráðherra, Oddný G. Harðardóttir, virðist kunna þessa list. Lífeyrissjóðirnir eiga dígra sjóði og stjórnálamenn hafa löngum leitað til þeirra í þau verkefni sem stjórnálamönnum hentar. Oddnýju hugnast þó ekki að þeir fjárfesti í Landsvirkjun. Í viðtali við Kastljós á mánudag spurði hún hvort sjóðirnir ætluðu að koma með áhættufé til rannsókna og fá síðan arð. Hefði henni hugnast aðkoma lífeyrissjóðanna hefði hún sagt þá ætla að koma með fé. Að skeyta „áhættu“ framan við fé, gerir verknaðinn neikvæðan.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Næsta skref, takk

Samfélags- mál



Ari Trausti Guðmundsson
náttúru- vísindamaður og rithöfundur

Mér er sagt að sífelld fleiri meðal- launamenn, og þá einkum þeir eldri, gangi nú á lífeyrissparnað sinn til þess að standa í lánaskilum. Líklega er meirihlutinn ráðdeildarfólk sem alls ekki er unnt að gera samábyrgt hruninu eins og tíska er um þessar mundir.

„Við berum öll sömu ábyrgð – ekki má benda á sökudólga.“ Þessi setning heyrst ansi oft. Hún jaðrar við háð þegar þess er gætt að ótaldar þúsundir tóku hvorki lán umfram greiðslugetu né tóku þátt í lífs- gæðakapphlaupi. Þessar tugþúsundir (?) lifðu svipuðu lífi fyrsta áratug aldarinnar og áður tíðkaðist hjá þeim. Þær gengu til sinna verka með sama jafnaðargeði og áður. Auðvitað má teygja ábyrgð allra í samfélaginu til þeirrar grunnmenningar og siðferðis sem þar er að finna á hver- um tíma en slíkri félagsábyrgð má ekki rugla saman við ábyrgð á þeirri firru að byggja upp efnahagsþíramíða sem stendur á haus.

Mér er líka sagt að efnahagskerfið, jafngallað og það er, sé á leið upp úr dýpsta kreppudal íslenskrar sögu. Gott og vel, ef báðar þessar frásagnir eru sannar (og mér sýnist svo vera), er komið að því að stjórnvöld, bankar,

Við berum öll sömu ábyrgð – ekki má benda á sökudólga.“ Þessi setning heyrst ansi oft. Hún jaðrar við háð þegar þess er gætt að ótaldar þúsundir tóku hvorki lán umfram greiðslugetu né tóku þátt í lífsgæðakapphlaupi.

lífeyrissjóðir og Íbúðalánasjóður taki til við að ræða (með lausn í huga) hvernig koma megi í veg fyrir hundruð nýrra heimilisgjaldþrota árið 2012 og hvernig styrkja megi furðufyrirbærið hagvöxt með því að létta skuldabyrði íbúðar- eigenda í skilum svo lágmarkssanngirni sé gætt og kaupmáttur aukist. Þessi gjörð gæti líka minnkað brottflutning fólks.

Engin þjóð hefur nokkru sinni staðið af sér úrvindingu (nýyrði!) fólks með meðaltekjur eða þar um bil (af launum, lífeyri eða eignasölu).

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Tónlistarnám fyrir þig

popp blús djass sönglög



Láttu drauminn rætast og lærðu að spila þín uppáhaldslög eftir eyranu á píanó, gítar eða ukulele.

Allir aldurshópar, byrjendur sem lengra komnir.

Ástvaldur Traustason skólastjóri Tónheima

Fristundakort

tónheimar Upplýsingar og skráning á tonheimar.is og í síma 846 8888

Tónheimar - Síðumúla 8 - tonheimar@tonheimar.is

Eðli stjórnmalanna



ekkert svæði landsins verði afskipt og þingmenn líti á sig sem fulltrúa alls landsins en ekki ákveðinna svæða.

Við þurfum að komast af stigi persónustjórnmalá og á stigi samstöðustjórnmalá. Með hugtakinu persónustjórnmal á ég við að hver og einn sem fengið hefur ábyrgðarhlutverk í stjórnmalum vinnur að þeim og metur frá sínum sjónarhóli. Sjónarhólarnir eru nefnilega margir og hinir ábyrgu þyrftu að geta komist á þá sem flesta. Þegar þátttakendur sjá að þeirra stefna nær ekki öll að ganga fram þar sem þeir starfa með öðrum flokki verða þeir að láta samstöðustjórnmal taka við.

Þegar svo verður hættu menn að litast um eingöngu innan síns flokks og átta sig á að nýtt

Nú þegar enn ein breyting hefur orðið á ríkisstjórn Íslands er eðlilegt að horfa fram á veginn og huga að þeim starfsáttum sem nauðsynlegt er að hafa í heiðri og láta fram ganga. Þeir sem veljast til forystu á þessu sviði vilja án efa láta gott af sér leida og ná árangri. Stjórnmal eru í eðli sínu samstarfsmál, þar eru margir kvaddir til, bæði þeir sem hafa áttvinnu af stjórnmalum, einnig áhugafólk og aðilar ákveðinna hagsmuna.

Pað ætti að vera áramótaheit þingmanna að taka upp ný vinnubrögð, vinna að mállefnum til að leysa þvert á flokka ef eðli málanna kallar á það. Pað hefur örlað á þessu í vetur.

Þarna er kjörinn vettvangur til að þróa samræður þar sem leitað er lausna. Til að slíkt lukkast þurfa markmið að vera skýr og vinnuferli sem allir samþykkja. Um leið og verksvið ráðherra færast út og þeir hafa fleiri svið undir höndum þurfa þeir að endurskoða vinnulag og laga það að viðfeðmu starfs sviði. Þeir munu ekki geta náð yfir málefni nema með nánú samstarfi þeirra ráðuneyta sem hver og einn hafði áður.

Um leið dregur vonandi úr hagsmunagæslu samtaka, enda hafa samtök í landbúnaði og sjávarútvegi varað við þeirri sameiningu ráðuneyta sem nú er að komast í framkvæmd. Stærri einingar kalla á faglegru vinnubrögð en verið hafa. Æskilegt er að þróunin geti orðið sú að landið verði eitt kjördæmi,

afl verður til með samstöðu flokka sem telja sig geta tekist á við verkefni með nýjum hætti, betur en hver flokkur fyrir sig hefur í stefnuskrá sinni. Með slíkri samstöðu verður til hollusta sem aldrei kemur fram í persónustjórnmalum.

Eftir hrun hafa margir vonað að nýr hugsunarháttur í stjórnmalum taki við. Svo hefur ekki orðið og myndin af Alþingi í hugum fólks er eins og hún getur döprust orðið. Pað ætti að vera áramótaheit þingmanna að taka upp ný vinnubrögð, vinna að mállefnum til að leysa þvert á flokka ef eðli málanna kallar á það. Pað hefur örlað á þessu í vetur. Getur ekki vinna að nýrri stjórnarskrá orðið nýtt upphaf? Ekki geta þingmenn unað því að tíundi hver landi sé ánægður með starf þingmanna.

Íþrótt- og tómsundaráð 25 ár í fararbroddi



í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi með einhverjum hætti.

Íþróttir fyrir alla

Ljóst er að allar aðstæður til íþróttaiðkunar hafa stórbatnað í Reykjavík á undanförunum áratugum. Mörg íþróttahús hafa verið reist í tengslum við skólabyggingar eða íþróttafélög og hafa flest þeirra fyllst jafnóðum af börnum og unglíngum eða fullorðnu fólki, sem stundar þar íþróttæfingar. Við byggingu og rekstur íþróttamannvirka hefur Reykjavíkurborg lagt áherslu á að nýta krafta íþróttafélaganna í borginni enda þekkjja þau best aðstæður í viðkomandi hverfi eða íþróttagrein. Fyrir hönd borgarinnar hefur ÍTR annast samskiptin við íþróttahreyfinguna og hefur það samstarf verið afar farsælt. Borgin hefur sjálf annast rekstur nokkurra íþróttamiðstöðva en á síðasta kjörtímabili var ákveðið að kanna möguleika á að hverfisíþróttafélög kæmu í auknum mæli að rekstri þeirra. Þannig hefur ÍR nú t.d. tekið að sér rekstur íþróttahúsanna við Seljaskóla og Austurborg í Breiðholti, Fjölnir í Grafarvogi sér um rekstur íþróttahússins við Dalhús, Ármann og Þróttur reka íþrótt- og félagsmannvirki sem þjóna félögum í Laugardal og Fylkir rekur fimleikahúsið í Norðlingaholti.

Á síðasta kjörtímabili var Frístundakortinu svokallaða komið á fót og voru þá einnig undirritaðir sérstakir þjónustusamningar milli íþróttafélaganna og Reykjavíkurborgar þar sem m.a. er kveðið á

um að félögin annast ákveðna þjónustu í mannvirkjum í skilgreindum hverfum eða íþróttagrein og fái á móti fjárframlag frá borginni. Hafa fyrrgreind atriði stuðlað að því að á fáum árum hefur orðið gífurleg fjölgun í barna- og unglíngastarfi reykviskra íþróttafélaga. Þá hefur iðkendum í almenningsíþróttum einnig fjölgað verulega. Miðað við stærð Reykjavíkur er með ólíkindum hve margar íþróttagreinar eru stundaðar í borginni innan vébanda sjötíu sjálfstæðra íþróttafélaga, sem borgin á samstarf við með einum eða öðrum hætti.

Sæluríkar sundlaugar

ÍTR annast rekstur sjö almenningsundlauga auk ylstrandar í Nauthólsvík, sem tugþúsundir Reykjavíkinga sækja sér til heilsuþótar og hressingar. Hefur sundgestum fjölgað ár frá ári og er talið að aðsóknin hafi farið yfir tveir milljónir á árinu 2011. Í reykviskum sundlaugum birtist vel sá þáttur í menningu borgarbúa, sem fólgin er í nýtingu heita vatnsins en með sundferð er á einstakan hátt hægt að sameina holla hreyfingu, vellíðan og góðan félagskap. Sundlaugarinnar í Reykjavík njóta mikillar hylli ferðamanna og hafa hvað eftir annað vakið athygli í erlendum fjölmiðlum og þá er þjónusta við sjósundkappa vaxandi þáttur í starfsemi Ylstrandarinnar.

Í seinni grein verður fjallað nánar um æskulýðs- og frístundastarfið og þá uppskiptingu, sem gerð var á ÍTR á afmælisárinu.

// dale.is



NÁMSKEIÐIN 2012 ERU AÐ HEFJAST!

// DALE CARNEGIE FYRIR UNGT FÓLK

// KYNNINGARFUNDIR
Fimmtudaginn 5. janúar
Kl. 19 fyrir 13 - 15 ára
Kl. 20 fyrir 16 - 25 ára

// NÁMSKEIÐ FYRIR 10 - 12 ÁRA
7. febrúar - þriðjudagar kl. 16-19

// NÁMSKEIÐ FYRIR 13 - 15 ÁRA
17. janúar - þriðjudagar kl. 17-21

// NÁMSKEIÐ FYRIR 16-20 ÁRA
16. janúar - mánudagar kl. 18-22
16. febrúar - fimmtudagar kl. 18-22

// NÁMSKEIÐ FYRIR 21-25 ÁRA
18. janúar - miðvikudagar kl. 18-22

Kíktu á dale.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina.

VILT ÞÚ...

- ...verða einbeittari í námi?
- ...geta staðið þig vel í vinnu?
- ...vera jákvæðari?
- ...eiga auðveldara með að eignast vini?
- ...Vera sáttari við sjálfan þig?



// SÍMI 555-7080

250 orð um prófasvindl



draumaland geðþóttans þannig að ekkert er hægt að sannreyna um frammistöðu nemanda og ekkert heldur hægt að sanna um réttmæti niðurstöðu kennara við prófadæmingu. En með slíku vali á próf-aframkvæmd tekur kennari jafnframt af nemanda réttindi sem ættu að vera sjálfsögð mannréttindi, svo sem rétt á prófsýningu, rökstuðningi og kærueimild í tilfelli fellingar.

Það að kennari skuli láta sér detta í hug slíka próf-afkvæmd og skóli skrifa upp á hana segir í raun allt sem segja þarf um málið. Enda eru til skuggalegar sögur um geðþóttadæmingar prófa í háskólum. Það eru til sögur um það að þrátt fyrir dulkóðun prófa hafi kennarar afkóðað próf og leitað uppi ákveðna einstaklinga áður en þeir gáfu einkunn. Til eru sögur um að nemendur hafi verið felldir vegna þess að útlit þeirra og klæðaburður hafi ekki þótt við hæfi... og sennilega ekki ætterni heldur. Ljótar sögur en sjaldan er reykur án elds.

Prófasvindl nemenda er þekkt fyrirbrigði. Það hins vegar að skólar svindli stundum á nemendum hefur líklega ekki verið rætt opinberlega áður og því kominn tími til að vekja athygli á þeirri staðreynd.

Já, það er nefnilega staðreynd að slíki dæmi eru aldeilis ekki óþekkt og reyndar svo algeng að furðu sætir að aldrei skuli hafa skapast um það opinber umræða. Yfirleitt er um hrein mistök kennara (eða aðstoðarkennara) að ræða við útreikning prófa, eitthvað sem verður að skrifast á það að vinnulag við yfirferð og einkunnabirtingar sé ekki í lagi. Sumir kennarar velja próf-afkvæmd að eigin geðþótta þannig að þeir skapa sér

AF NETINU

Forsetakosningar, fylgið og peningarnir

Á Íslandi er aðeins ein ferð í forsetakosningum. Ef fjöldi frambjóðenda verður mikill er hugsanlegt að forseti verði kosinn með býsna litlu atkvæðamagni – það má minna á að Ólafur Ragnar fékk aðeins 40 prósent atkvæða þegar hann var fyrst kjörinn forseti og Vigdís Finnbogadóttir ennþá minna. Er hugsanlegt nú að einhver geti orðið forseti með aðeins fjórðung atkvæða á bak við sig?

Fjármálin eru svo annar þáttur sem sem þarf að pæla í. Framboð Ólafs Ragnars var stórskuldugt eftir kosningarnar 1996. Svona kosningabaráttu kostar peninga, ekki síst ef frambjóðendur fara að auglýsa í fjölmiðlum.

Slíkir peningar verða ekki tindir upp af götunni – hvaðan koma þeir þá?

<http://silfuregils.eyjan.is/>

Egill Helgason

Verða frekari mannaskipti?

Dómsmál

Tómas Gunnarsson
lögfræðingur



Brennheitu máli skaut upp á Fréttastofu RÚV skömmu fyrir jólahlé Alþingis sem sagt var geta fellt ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur. Var talinn meiri hluti í Þinginu fyrir tillögu Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að afturkalla ákæru á hendur Geir Haarde, fyrrv. forsætisráðherra, fyrir Landsdómi, vegna aðgerða og eða aðgerðaleyfis Geirs í aðdraganda Bankahrunsins í október 2008. (Þskj. 573 á 140. löggjafarþingi.)

Forseti Alþingis, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, náði að forða Alþingi frá allsherjarmálastrandi fyrir jólahlé enda var ákveðið að tillaga Bjarna formanns yrði tekin á dagskrá Alþingis 20. janúar 2012. Ekki var eindrægni um þá niðurstöðu. Ýmsir töldu að í samþykkt tillögunnar fælust ótæk afskipti löggjafans af dómsvaldinu og um leið brot gegn þrískiptingu allsherjarvaldsins. Ónafngreindir lögfræðingar, innan Þings og utan, höfðu talið tillögu þingtæka, þrátt fyrir að þeir helstu stjórnlagfræðingar lýðveldisins, Bjarni Benediktsson, Ólafur Jóhannesson og Gunnar G. Schram, hefðu áður talið að Alþingi gæti ekki afturkallað mál, sem búið væri að leggja fyrir

Landsdóm. Premeningarnir rökstuddu ekki niðurstöðu sína. Hafa væntanlega talið rökstuðning óþarfan þar sem afturköllunar-rétti Alþingis fylgdi stöðvunar- og stýringarréttur sem færði æðsta ákærvaldið í Landsdómsmáli frá saksóknara til Alþingis sjálfs.

Tvennt felst í Landsdómsmálinu Aðalatriði málsóknarinnar er rannsókn á atvikum og mögulegri sök æðsta embættismanns lýðveldisins, Geirs Haarde, fyrrv. forsætisráðherra, í aðdraganda Bankahrunsins. Þar er möguleg niðurstaða að hann hafi staðið

Varla verða flilabeinsturnar varanlegustu húsakynni framtíðarinnar eða hvað? Gæti ekki verið nær að hætta í stjórn-málum?

forsvaranlega að verkum niður í að alvarleg mistök og eða að misferli hafi átt sér stað. Þá er enn mögulegt að rannsóknin leiði fram sakir annarra, sem valda ættu öðrum málsóknum, jafnvel fyrir Landsdómi. Líta verður til gífurlegs tjóns af völdum Bankahrunsins, beins taps innlendra og erlendra aðila, svo nemi a.m.k. fimmfaldri þjóðarframleiðslu Íslendinga, stórfellds óbeins taps, atvinnumissis margra og skerðingar tekna, brottflut-

ings a.m.k. sex þúsunda manna frá Íslandi, umfram aðflutta, á síðustu þremur árum, hækkunar skatta og skertrar opinberrar þjónustu.

Málsóknin fyrir Landsdómi er eina úrræðið til að rannsaka að nokkru marki mögulegar sakir ráðherra. Íslendingar hafa því ríkar ástæður og skyldur til að ljúka rannsókninni faglega og undanbragðalaust. Það gagnast fræðimönnum, innlendum sem erlendum, í mörgum fræðigreinum, til nýrra ályktana og framþróunar. Að hinu leyttinu jafnast ekkert á við það skipbrot að hætta málsókninni.

Hinn þáttur málsins, sá veigaminni, er að ákvarða Geir refsingu, fyrir möguleg brot í opinberu starfi. Engum ærlegum manni, hvorki samherja eða andstæðingi Geirs í stjórn-málum, getur verið fagnadarefni að sakfella hann samkvæmt afgömlum Landsdómslögum, aðeins þung skylda.

Óvænt tillaga og þakkarverð

Tillaga Bjarna, formanns, er óvænt þar eð sá hluti Alþingis, sem vill fella ríkisstjórnina, virðist ekki vilja láta sína menn sæta opinberu eftirliti, rannsóknum og dómum, sem allar aðrar stéttir verða að sæta. Gengur það? Varla verða flilabeinsturnar varanlegustu húsakynni framtíðarinnar eða hvað? Gæti ekki verið nær að hætta í stjórn-málum?

Tillagan er þakkarverð þar sem hún afhjúpar hvar menn standa í þjóðmálalabaráttunni og skerpur línur stjórn-málanna.

Trúfrelsi eða trúræði?

Trúmál

Bjarni Jónsson
varaformaður
Siðmenntar



Í leiðara Fréttablaðsins á aðfangadag hvetur ritstjórinn kirkjuna til dáða og er það hið besta mál nema hvað samtímis hnýtir hann í samskiptareglur skóla og trúfélaga sem Reykjavíkurborg samþykkti á miðju síðasta ári. Við hlið leiðarans heggur Þorsteinn Pálsson í sama knérunn af kögunarhóli sínum. Ég vil með þessari grein velja vöngum yfir röksemdafærslu þeirra og annarra sem krafist hafa að viðhaldið sé trúboði sem kirkjan hefur stundað í leik- og grunnskólum í um eins til tveggja áratuga skeið.

Afstaða kirkjunnar kemur mér ekki á óvart; um að fá að viðhalda þeirri forréttindastöðu sinni, að fá auðveldan aðgang að hugum ungra barna. Hitt er nýtt áhyggjuefni að menn eins og ritstjórinn og Þorsteinn fari fram með kröfu um trúboð í opinberum skólum. Ég hafði gert mér þá grilla að þeir stæðu vörð um frjálslynd borg-

Ég geri ráð fyrir því að þeir sem gagnrýnt hafa reglurnar hafi lesið þær. Það sem reglurnar taka á er nákvæmlega það að koma í veg fyrir að skólar í opinberum rekstri séu notaðir fyrir gildis-hlaðið boðunarstarf trúfélaga. Þær standa vörð um rétt foreldra til þess að ala börn sín í þeirri lífsskoðun sem það kys sjálft en ekki eiga von á því að verið sé að taka fram fyrir hendur þeirra og það í boði yfirvalda. Um slík mannréttindi verður aldrei kosið í atkvæðagreiðslu eins og heyrst hefur í trúfrelsi. Skyldi einhver halda að mannréttindi kvenna, fatlaðra, öryrkja eða blökkumannanna hefðu verið tryggð ef kosið hefði verið um þau? Það sem mikilvægara er: Telur fólk að það eigi að vera hægt að afnema réttindi þeirra með almennri kosningu?

Réttmæti reglnanna kom fram í umræðunni fyrir síðustu jól. Stjórnendur sumra skóla ákváðu að leggja af heimsóknir í kirkjur en aðrir að mæta „á forsendum skólans“ og „sleppa bænum“! Þetta staðfestir að bænahald átti sér stað áður en reglurnar tóku gildi eins og margoft hefur verið gagnrýnt. Er það hlutverk skólans að stuðla að bænahaldi? Prestar hafa sagt að heimsóknirnar í

Ef heimila á kirkjunni að stunda sitt trúboð hvort sem um er að ræða bænahald, ræða um Jesú með leikskólabörnum, dreifa trúarrítum í skólum, syngja sálma eða hvað annað í þeim dúr, þá er það í raun krafa að hér skuli ríkja trúræði í ákveðnum skilningi.

araleg réttindi eins og trúfrelsi. Hvað þá að menn settu jafnaðarmerki á milli annars vegar siðferðis og kærleika og kristni hins vegar. Rétt eins og fólk með aðrar lífsskoðanir hafi hvorugt.

Ákveðins misskilnings hefur gætt í umræðunni. Margir tala eins og verið sé að vega að grunnskólum kristni og innleiða skólastarf þar sem engum gildum er miðlað og tómhyggjan í fyrir-rúmi. Einnig er fullyrt út í bláinn að verið sé að úthýsa kennslu um kristni. Slíkar staðhæfingar eru rangar og virðast settar fram annaðhvort vegna skorts á þekkingu á innihaldi reglnanna eða vísitandi til að blekkja fólk. Til réttlættingar er sagt að enginn hafi skaðast af því að heyra guðs-orð, en um það snýst ekki málið.

Ekki er heldur verið að hreyfa við trúaruppeldi barna eða neita þeim um að kynnast kristni eða hverri þeirri lífsskoðun sem foreldrar þeirra aðhyllast. Foreldrarinn bera ábyrgð á trúaruppeldi og kristnir geta nýtt sér barnastarf kirkju sinnar til þess. Til eru sameiginleg gildi sem sífellt er verið að miðla. Gildi sem nánast allir lífsskoðunarhópar geta sameinast um. Við skulum ekki gleyma því að ekkert barn fæðist trúla. Á síðasta áratug síðustu aldar, bjó fjölskylda mín í Svíþjóð í sjö ár og þar fórum við með þrjú börn í gegnum skólakerfið. Aldrei nokkurn tímann urðum við vör við neina þá starfsemi á vegum trúfélaga í skólum sem hér hefur tíðkast.

kirkjuna séu á forsendum skólanna, en jafnframt að þegar inn er komið sé dagskráin á forsendum kirkjunnar. Það verður ekki annað séd en að þetta sé einungis leikur að orðum til að fá skólastjórnendur til að samþykkja fyrirkomulagið.

Þá erum við komin að grundvallarspurningunni en hún er sú hvort hér skuli ríkja trúfrelsi eða trúræði. Ef heimila á kirkjunni að stunda sitt trúboð hvort sem um er að ræða bænahald, ræða um Jesú með leikskólabörnum, dreifa trúarrítum í skólum, syngja sálma eða hvað annað í þeim dúr, þá er það í raun krafa að hér skuli ríkja trúræði í ákveðnum skilningi. Enginn kirkjunnar maður hefur kallað það trúræði, en það er engu síður þess eðlis. Ýmsir prestar hafa talað gegn fjölbreytileika og sjálfur biskupinn hefur gengið þar fram fyrir skjöldu og krafist sérstöðu fyrir ríkiskirkjunna og því skiljanlegt að krafa um trúræði komi þaðan.

Við sem köllum eftir raunverulegu trúfrelsi viljum að mestu standa vörð um það samfélag sem við búum við í dag. Veraldlegt samfélag sem gerir ráð fyrir fjölbreytileika mannlífs og lífsskoðana. Þjóðfélag sem verndar rétt foreldra til ákvarðana um börn sín. Veraldlegt samfélag þar sem skólar eru frísvæði, lausir við afskipti trúfélaga. Veraldlegt samfélag sem er laust við ríkiskirkju og því ríkir trúfrelsi. Í þannig samfélagi vil ég búa. Hvert er þitt val?

www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappir og tölvum og láta til sín taka á svernum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólk sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki eftir á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRDUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00

Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegri er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Flugferðir geta orðið fólki skeinu-
hættar enda aukast líkurnar á því að
fá flensu til muna í slíkum ferðum. Á
vefsíðunni turisti.is eru gefin góð ráð
fyrir fólk sem vill forðast flensuna um
borð. Eitt af ráðunum er að nota ekki
teppi eða kotta sem aðrir hafa notað.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

Rafstilling ehf

Startarar
Alternatorar

Viðgerðarþjónusta
Varahlutir

Flottar og ódýrar
bilaperur

Heimilis LED perur
white og warm white

Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

Helga Vilborg bjó með fjölskyldu sinni í Eþíópíu í fimm ár og starfaði á vegum Kristniboðssambandsins.



Fjölskyldan ásamt barnfóstrunni Asnakú. Frá vinstri: Dagbjartur Elí, Davíð Ómar, Jóel, Margrét Helga, Asnakú, Helga Vilborg (ófrísk af Karítas) og Kristján Þór. Karítas fæddist síðar á Íslandi en sá næstingsti, Davíð Ómar, er fæddur í Eþíópíu.

Tónmenntakennarinn Helga Vilborg Sigurjónsdóttir ákvað ung að árum að gerast kristniboði en fjölskylda hennar hefur lagt kristniboðsstarfi lið langt aftur í ættir. „Já allt frá því að Kristniboðssambandið sendi fólk til Kína. Þegar Kína lokaðist var farið til Eþíópíu og þar hefur sambandið starfað í yfir fimmtíu ár,“ segir Helga Vilborg. Hún fór fyrst til Eþíópíu árið 1995. „Ég var

þá sjálfboðaliði í skóla Norska Lútherska kristniboðssambandsins og ferðaðist mikið um landið. Haustið 2005 héldum svo ég, eiginmaður minn Kristján Þór Sverrisson og þrjú börn til Addis Abeba, höfuðborgar Eþíópíu, þar sem við bjuggum í þrjú ár, en árið áður höfðum við verið við undirbúning í Noregi og eignast þar þriðja barnið.

Fyrsta árið í Addis Abeba fór í að læra ríkismálið amharísku en

eftir það fóru þau Helga Vilborg og Kristján að kenna. Kristján er viðskiptafræðingur og kenndi reikningshald og bókhald en Helga Vilborg starfaði við tónmenntakennslu. „Þarna kom fjórða barnið í heiminn og þá var ég heimavinnandi um skeið ásamt því að stjórna kórum kristniboða og kristniboðsbarna.“

FRAMHALD | 2

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn Afkastamikill
þurrkari>

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

friendtex

ÚTSALA

**ALLT AÐ 60 %
AFSLÁTTUR**

**SOO.DK
BARNAFÖTIN
SELD MEÐ 40%**

NÚ ER BARA HÆGT
AÐ GERA GÓÐ KAUP

Opnunartími:
mánud.-föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugardaga 11.00-14.00

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS
Snælandsskóla við Furugrund

**KURS JEZYKA ISLANDZKIEGO
DLA OBCOKRAJOWCOW**

Kurs 10-tygodniowy-
60 godzin lekcyjnych
Zajecia rozpoczynaja sie 17. Stycznia

**ÍSLENSKA FYRIR
ÚTLENDINGA**

10 vikna námskeið –
60 kennslustundir
Kennslan hefst 17. janúar

**ICELANDIC FOR
FOREIGNERS**

10 weeks courses –
60 class hours
Courses start on 17th of January

**SPENNANDI
NÁMSKEIÐ**

Fjöldi spennandi námskeiða
eru í boði, s.s.
tungumál,
verklegar greinar,
matreiðsla,
saumanámskeið
auk fjölda annarra námskeiða

ISLANDZKI I
ISLANDZKI II
ISLANDZKI III
ISLANDZKI IV
ISLANDZKI V

wtorki i czwartki 19:00 – 21:10
Cena: 23.000 kr.

Zapisy i informacje na stronie szkoły:
<http://kvoldskoli.kopavogur.is>
pod nr telefonu: 564 1507

ÍSLENSKA I
ÍSLENSKA II
ÍSLENSKA III
ÍSLENSKA IV
ÍSLENSKA V

Þriðjudag og fimmtudag kl. 19:00 – 21:10
Verð: 23.000 kr.

Innitun og upplýsingar um námskeiðin
á vef skólans <http://kvoldskoli.kopavogur.is>
Sími: 564 1507

ICELANDIC I
ICELANDIC II
ICELANDIC III
ICELANDIC IV
ICELANDIC V

Tuesday and Thursday 19:00 – 21:10
Price: 23.000 kr.

Registrations and information:
<http://kvoldskoli.kopavogur.is>
Tel: 564 1507

Ath. Starfsmenntunarsjóðir ýmissa stéttarfélaganna styrkja félagsmenn sína til náms í Kvöldskóla Kópavogs.

<http://kvoldskoli.kopavogur.is>

Á FERÐINNI

Flugrútan býður nú upp á þá þjónustu að farþegar geta tengst þráðlausu neti um borð. Aðgangurinn og niðurhal er farþegunum að kostnaðarlausu.



Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

kr.15.990.-
viðbótareining kr. 11.357.-

Pessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufritt og smellt saman

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á
WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00



Margrét Helga, elsta dóttir Kristjáns og Helgu, söng í kirkjukórnum í Gisma.



Kristján, eiginmaður Helgu Vilborgar, kenndi börnunum í Gisma fótbolta. Hér er hann spilaður í 40 gráðu hita.

Framhald af forsiðu

Síðar voru þau Helga Vilborg og Kristján beðin um að halda til Voító-dalsins í suðvesturhluta Eþíópíu og settust þau að hjá Tsemáifólkinu í þorpinu Gisma. Þar byggði föðurbróðir Helgu Vilborgar upp kristniboðsstöð fyrir tuttugu árum ásamt heilsugæslu og grunnskóla. „Kirkjan á staðnum er ung og var þörf á stuðningi,“ segir Helga Vilborg. „Okkar hlutverk var aðallega að vera til staðar og sinnti Kristján meðal annars sjúkraflutningum, predikaði í kirkjunni og kenndi börnunum fótbolta og aðrar spróttir. Við settum meira að segja upp litla ólympíuleika,“ minnst Helga Vilborg. Hún leiddi sunnudagaskóla og barnastarf þar sem börnin fengu meðal annars að lita en það höfðu þau aldrei gert áður. „Þá sóttum við um styrk til að kaupa vatnsdælur og kenndum heimamönnum að dæla vatni úr ánni sem rennur í gegnum dalinn en þar er hitinn jafnan í kringum 38-42 stig og oft miklir þurrkar.“

En hvernig er að ala upp börn í Eþíópíu? „Það er frábært og á meðan við bjuggum í höfuðborginni vorum við svo heppin að hafa bæði húshjálp og barnapiu sem urðu strax hluti af fjölskyldunni. Í Gisma lærðu börnin að reka geiturnar, mjólka kýrnar og smíða boga og uppskáru allt aðra sýn á heiminn en jafnaldrar þeirra hér heima hafa. Vinir þeirra bjuggu í



Davíð Ómar með vinum sínum. Setota, (til vinstri) átti að fórn til að blíðka anda forfeðra Tsemáifólksins í Gisma. Kristín fjölskylda í þorpinu tók hann hins vegar að sér og elur upp sem eigið barn. Nafnið Setota þýðir gjöf á amharísku. Fjölskyldan óttast ekki andana því hún trúir á Jesú og telur hann öllu meiri.

strákofum og lifðu afar einföldu lífi. Þau lærðu fljótt að ekkert er sjálfsagt enda ekki einu sinni víst að jafnaldrar þeirra kæmust á legg. Við foreldrarir vorum vissulega stundum áhyggjufullir enda þekktum við hættarnar. Þarna geisa sjúkdómar auk þess sem ýmis skrið- og skordýr eru á ferð. Á Íslandi eru hins vegar aðrar hættur og ég lít á þennan tíma mjög jákvæðum augum. Sjöndeildarhringurinn er víðari og börnin sjá hlutina í öðru ljósi. Þau urðu vitni að mikilli fátækt og þó ekki hafi geisað hungursneyð þá var oft mikill matarskortur og vinir þeirra voru margir hverjir vannærðir. Við lærðum að það er

ekki hægt að bjarga öllum en það er vissulega hægt að hjálpa.“

Fjölskyldan kom heim fyrir einu og hálfu ári og hér fæddist fimmta barnið. En getið þið hugsað ykkur að fara aftur? „Já og börnin tala enn um Eþíópíu sem heima. Við vildum hins vegar að þau myndu festa einhverjar rætur á Íslandi. Þau hafa þó góða aðlögunarhæfni og þetta er vel hægt,“ segir Helga Vilborg sem mælir eindregið með kristniboðsstarfi. „Það hafa allir gott af því að fara út fyrir kassann og þessi vestræna kreppa blasir öðruvísi við manni. Áhugasömum er bent á heimasíðu Kristniboðs-sambandsins www.sik.is.

vera@frettabladid.is

ÚTSALAN HAFIN

40-60%

af allri útsöluvöru
10% afsl. af annari vöru

mayoral Gleðilegt nýtt ár

Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17



Útsalan hefst í dag kl. 12:00
30-70% afsláttur.

Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 8948060 • www.rollo.is • Facebook

ÚTSALAN

er hafin

15-50% afsláttur

Lin
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

Ísland allt árið

ÍSLAND ALLT ÁRIÐ ER ÞRÓUNARSJÓÐUR LANDSBANKANS OG IÐNAÐARRÁÐU-NEYTISINS. HÆGT AÐ SÆKJA ÞAR UM STYRKI TIL 10. JANÚAR.

Tæp vika er nú eftir af umsóknarfresti í þróunarsjóðinn Ísland allt árið. Markmið hans er að styrkja þróun afurða og upplifana utan háannatíma í ferðaþjónustu og auka arðsemi fyrirtækja.

Annars vegar er stutt við verkefni fyrirtækja sem geta lengt ferðamannatímamann á tilteknum svæðum og hins vegar við samstarfsverkefni fyrirtækja sem vilja sameiginlega þróa þjónustu sem haft getur sömu áhrif víðar um landið. Verkefni verða að koma til framkvæmda innan þriggja ára frá því að styrkur er veittur og þau eiga að skila í senn aukinni atvinnu og varanlegum verðmætum.
heimild/ferdamalastofa.is



Margt er hægt að una sér í íslenski náttúru á öllum tímum árs.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

Beint flug frá Keflavík og Akureyri 28. apríl - 1. maí

FAGRA AUSTURRÍKI

- Vorferð, allt í blóma. Linz, Salzburg og Vínarborg.

Við fljúgum til hinnar fögru menningar og tónlistarborgar Linz í Austurríki sem valin var menningarborg Evrópu 2009 og gistum þar. Borgin er ævagömul með yfir 60% af flatarmálinu sem græn svæði. Stutt er til Vínar og Salzburg, en við bjóðum upp á dagsferðir til þeirra glæstu borga auk ferðar um ægifagra náttúru landsins. Ferðalöngum gefst því möguleiki á að skoða 3 stórkostlegar borgir í sömu ferðinni og kynnast einstakri náttúrufergurð Austurríkis.

Verð aðeins 95.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi Innifalið. Flug, skattar, hótél með morgunmat, rúta til og frá flugvelli og íslenskur fararstjóri.

Trans - Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

Toyota mun flytja starfsemi sína af Nýbýlavegi í Kópavogi og öðrum starfsstöðvum sínum í Kaup-tún í Garðabæ þar sem BYKO var áður til húsa. Þar með verður öll starfsemi fyrirtækisins komin undir eitt þak. Ætlunin er að flutningarnir fari fram um mitt árið. Toyota verður með notaða bíla til sýnis og sölu á tveimur stöð-um, bæði í Kaup-túni og á Kletthálsi eins og verið hefur til þessa.

www.toyota.is

Dansarar
www.jsb.is

Dansstudio JSB

Jazzballettnám - listdansbraut

6 ára dansarar velkomnir til náms



Jazz og nútímadans fyrir 20 ára og eldri!

Spennandi og fjölbreytt 12 vikna dansnámskeið

Jazzballett fyrir 6 til 20 ára dansara!

Uppbyggileg dansþjálfun sem veitir svigrúm til sköpunar og frelsi til tjáningar

Nánari upplýsingar á www.jsb.is

Innritun stendur yfir í síma 581 3730 og á jsb@jsb.is. **Ný námskeið hefst 9. janúar**

Vertu með í vetur!



Hagstætt!
STUDIOKORT er árskort sem gildir á öll dansnámskeið í Dansstúdíói JSB. Kortið veitir einnig frjálstan aðgang að tækjasal JSB.
Verð: 64.000 kr.



Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Fristundakorti Reykjavíkurborgar.



BÍLAR & FARATÆKI



Chevrolet Captiva Diesel, '08/2007 Ekinn 75þús. Ssk, Sumar og Vetrardekk. Falllegt eintak. Ásett Verð 3.390.000.-



Hyundai Terracan GLX Diesel, 02/2007 Ekinn 57þús. Ssk. Möguleiki á allt að 90% láni. Ásett Verð 2.990.000.-



Hyundai Getz Sport, 06/2004 Ekinn 134þús. Bsk, Toppluga. Möguleiki á allt að 90% láni. Ásett Verð 790.000.-



M.Benz ML320 Bluetec Diesel, 2009 Ekinn 43þús. Ríkulega búinn glæsivagn. Ásett Verð 9.900.000.- Skipti möguleg.



Porsche Cayenne Turbo S, '08/2006 Ekinn 47þús. Ssk, Hlaðinn aukabúnaði. Sjón er sögu ríkari. Ásett Verð 8.950.000.- Ath. skipti á ódýrari.



VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.

Bílahöllin
Bildshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
Mikið úrval bíla með
möguleika á allt að 90% láni.
www.bilahollin.is

BÍLAFRÁGANGUR
Örugg bílaviðskipti
frá aðeins 7.500.-
Kynntu þér málið.
www.Bilafragangur.is

Bílafrágangur
Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur
Sími: 651 3500
Opnunartími 10-21 alla virka
daga
http://www.bilafragangur.is



Ski doo Renegade 1000 Árgerð 2007 136" Negldur, rafstart Ekinn 2900 km Verð 1.290.000.- www.ellingsen.is Þór 820-1418 & Kalli 840-1757.



Arctic Cat Crossfire 1000 Árgerð 2007 136" Negldur töskur yfirbreiðsla Ekinn 1700km Verð 1.440.000.- www.ellingsen.is Þór 820-1418 & Kalli 840-1757.



Lynx X trim 800ho Árgerð 2008 144" Negldur rafstart handahlífar Ekinn 3000km Verð 1.390.000.- www.ellingsen.is Þór 820-1418 & Kalli 840-1757.

Ellingsen
Fiskislóð 1, 101 Reykjavík
Bein sími sölumanna: 820
1418 og 840 1757
http://www.ellingsen.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



OPEL Corsa 1.4 twinporte. Árg 2005, ekinn 91 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Algjör sparibaukur" Verð aðeins 750þ Rnr.154378. Möguleiki er á 70% láni á billinn

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn
www.hofdabilar.is

LITLA bilasalan
www.litla.is 587 7777



SUBARU Legacy diesel sport sedan . Árgerð 2009, ekinn 45 þ.KM, diesel, 5 girar. Verð 3.790.000. Rnr.147272.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is



RENAULT MASTER 7/2007 ek. 82,000 Diesel 2500 cc, Ásett verð 2,300,000 + VSK.



VW CADDY Árg. 2008 ek. 85.000. Ný tímareim, Ásett verð 1,490,000.



HYUNDAI GETS DIESEL, Árg. 2008, 1500cc, ekinn 102,000 ásett verð 1290,000, sparibaukur.



IVECO DAILY 35C15D Árgerð 2007. Ekinn -1 þ.KM Verð kr. 4.500.000.

JR Bílasala
Bildshöfði 3, 110 Rvk
Sími: 567 0333
Okkur vantar bíla á skrá og í staði
www.jrbilar.is

Bílar til sölu



Til sölu Toyota Hiace árg'04 lítur vel út. Ekinn 202þús. upp í s. 6986623



Hyundai Tuscon árg.'08,sjálfsk,bensín. Ek.94þús.km. Snýrtilegur bíll í toppstandi. Ný vetrar. V.2.790þús., uppl. s. 864 8338.



Nissan Patrol, árg. '97, ásett verð 1.1150 þ. Bíll í góðu standi. Uppl. 895 8244.



Land Rover Discovery II 2.5 Diesel árg. '99 ekinn 237 þ. km sjálfskiptur 4x4 skoðaður 2013 krókur topplúgur álfelgur heilsársdekk eyðslugrannur bíll verð 1,490,000 Tilboð 950,000 uppl. í síma 861-7600.



Toyota Hiace árg 00, stuttur bensín. Ný sk. ný dekk, púst og bensindæla. V. 500 þ. Uppl. 663 4246/698 7040

Nissan murano árg.'06. Ek.62þús. ásett verð 3.9m. Bein sala eða skipti á Pajero. s. 8217922.

250-499 þús.



4x4 á 100% láni
MMC Pajero Pinin árg. 2002 ekinn 241 þ. km 1.8 vél, 5 girar, 4x4 heilsársdekk, skoðaður 2013 verð 390.000- stgr. möguleiki á 100% vísa raðgreiðslum uppl. í síma 861-7600.

Til sölu Dodge Caravan 1997. Ekinn 165þús. Verð 295.000. Uppl. í síma 894 0044.

500-999 þús.




Ford F350 Diesel TILBOÐ
Ford F350 árg 2000 ekinn 198 þ m, skoðaður 2013. sjálfskiptur, krókur, 2 falt að aftan, góður bíll, mikið endurnýjaður, verð 1.490.000- TILBOÐ 950,000- upplí síma 861-7600



YARIS T-SPORT
Toyota Yaris T-SPORT með 1500 vél, nýskráður 30.08.2001, ekinn 186 þúsund, skoðaður 2012, álfelgur, spoler, filmur, krókur, ný nagladekk. Verð 890 þúsund, skoða skipti á ódýrari, möguleiki á Vísa/Euro raðgreiðslum. Uppl. 693-5053.

1-2 milljónir



DIESEL Á TILBOÐI
Peugeot 407 DIESEL árg. 9/2006 ekinn 215 þ. km sjálfskiptur, 17" álfelgur, ný heilsársdekk, skoðaður 2013 glæsilegur bíll í toppstandi verð 1.890.000-TILBOÐ 1.290,000 uppl. í síma 861-7600.

Bílar óskast

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Jeppar



Góður diesel jeppi!!!!
Land Rover Discovery II 2.5 Diesel árg. '99 ekinn 237 þ. km sjálfskiptur 4x4 skoðaður 2013 krókur topplúgur álfelgur heilsársdekk eyðslugrannur bíll verð 1,490,000 Tilboð 950,000 uppl. í síma 861-7600.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Lyftarar



Körufubílaeigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

Bátar



Smiðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Varahlutir



Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutavaktin

Sími 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renault, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opíð 09-18 og lau. 10-14.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy'98. S. 896 8568.

Japanskar vélar

Bílapartasala
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlega bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 og 699 6069

Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Vy-þrif ehf.
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

A-Ö Þrif&Hreinlæti

S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörmu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búsílóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búsílóðafl., fyrirtækjafll., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:

- múrviðgerðir • þakviðgerðir
- málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípuþvottir • raflagnir
- flisalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.

- Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð.
- kristjan@vidhald.is

Tölvur

omni!
tölvuhjálpi!

Yfirhaling á tölvu aðeins 2.900 kr. Ókeypis vírusvörn

Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSID
Spámiðill Tarot lestar og kristalkúla

Vísu 566 7311

Tímamantanir í síma 8694650

Spásíminn 908 5666

Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálpi. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Lögilltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Trésmíði

S: 856 5555.
TÖKUM AÐ OKKUR VIÐHALD, NÝSMÍÐI, BREYTINGAR FYRIR FYRIRTÆKID HEIMILID SUMARHÚSID TILBOÐ/TÍMAVINNA

Viðgerðir

Gleraugna-vidgerðir



Titan, stál, plast og fleira

Sjonarholl.is S:565-5970

Til sölu

ditto.is



Morgunljós í barnaherbergið

Fallegir saltkristislampar í miklu úrvali. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opíð mán-fös 12-18, lau 12-15. Sími 517-8060. ditto.is

Ódýr heimilisraftæki

Sími 896 8568.

Óskast keypt

Staðgreiðum gull, demanta og úr.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvisun persónuskilríkja.

Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854


www.siggaogtimo.is

Kaupí gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaupí gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitíð til fagmanns og fáid góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Til bygginga



Harðviður til húsaþbygginga.

Sjá nánar á www.vidur.is

Vatnasklaðning, panil, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðaróla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstills.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

NUDD - DEKUR - ÍPRÓTTANUDD

Ípróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

TANTRA NUDD

Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vigsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímarpöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó

Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði.

eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.

Uppl/info í S. 824 4535.

www.leiguherbergi.is

Rúmgóð herbergi með aðgengi að öllu 40þús. per mán. Uppl. í s. 869-2618.

Hálf-stúdíó til leigu á sv. 105. Skammtíma-eða langtímaleiga. Hiti og rafmagn innifalið. S. 869-2618.

Einbýlishús á besta stað á flötunum í Garðabæ til langtímaleigu. 4-5 herb. 2falð. bílskúr, garðhýsi, stutt í skóla og íþróttir. Leiga 230-260 þús. S: 565 0151.

Fallegt herb. í kjallara. Eldavél, WC, þvottahús, húsgögn. 30þ. 109 Rvk. S. 894 2145.

Hús í Dalasel nr 7 í kjallara, 3 herb. eldhús. baðherb. 70.5 fm. Hægt er að koma að skoða e. kl. 17. Uppl. 775 1231.

Til leigu, laus strax

Snyrtileg íbúð í Engihjalli 3herb. 78 fm verð 143þ. á mán. m/hússj 2.mán fyrir. laus strax uppl. ingimar58@hotmail.com

Herb. til leigu fyrir námsmenn, aðgangur að eldh, baði og þvottahúsi. Stutt í HÍ. S:898-5830.

Studioíbúð á Teigunum (105) til leigu. Laus strax. Upplýs. í síma 695 3366.

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Miðaldra hjón, leita að íbúð í fjölbýlishúsi, 105, 104 og 108 R.vík. frá 1 jan. langtímaleiga. Uppl. 775 3922.

Óskum eftir fallegri draumaíbúð, 2-4 herbergja, í langtímaleigu miðsvæðis (101, 105, 107). Erum á aldrinum 26-30 ára, reglusóm, reyklus, skilvís og í fastri vinnu með trausta og góða leigusögu. Halla og Kristján, s. 865 8202.

Sumarbústaðir

GISTING - AKUREYRI

orlofshus.is S. 897 5300.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is

12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING

Verð frá 1050 dkr/móttún

E. Sja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038

apartments.cph@gmail.com

www.ibudikoben.is

Atvinna í boði

Kokkur

Vantar kokk eða vana matreiðslumann.

Umsóknir sendist á thjonusta@365.is

merkt veitingahús

Castello

CASTELLO pizzeria

óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, dugleg/ur, hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum. 18 ára og eldri. Umsóknir castello.is eða castello@simnet.is

Hótel í miðborg Rvk. óskar eftir vönu fólki í þrif á herbergjum uppl. s. 562 0800.

Sérð þú tækifærin? Eða ert þú ein/n af þeim sem segir aldrei fæ ég tækifæri. Þetta gæti vel hentað þér. sími 773 2100 Einar, Anna.

Til leigu

- með þér alla leið -

TIL LEIGU

Einbýlihus á Seltjarnarnesi

Nesbali

Glæsilegt 200 fm einbýlishús með frábæru útsýni laust til leigu. Leigutími 18-24 mánuðir. Húsið er laust nú þegar.

Nánari upplýsingar veitir **Próstur Þórhallsson** lögg. fasteignasali

throstur@miklaborg.is

sími: 897 0634

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggittir fasteignasalar

- með þér alla leið -

Til leigu

ATVINNUHÚS EHF

VERSLUNARHÚSNÆÐI OG LAGER TIL LEIGU VIÐ FÁKAFEN



Frábærlega vel staðsett verslunarhúsnæði með fjölda bílastæða á áberandi stað á Skeifusvæðinu. Verslunarrými 672 fm. Lagerpláss með mikilli lofthæð í kjallara 809 fm. **Laust 10. jan. n.k.**

Atli Vagnsson hdl. og löggiltur fasteignasali

HVERFISGATA 4 - 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 698-4611 / 561-4433 - ATLI@ATVINNUHUS.IS

Þjónn óskast!

Óskum eftir vönum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði.

Umsóknir sendist á ccb@visir.is

Bæjarbakari

Bæjarbakari í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu. Fullt starf. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakstur.is uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

Matreiðslumaður óskast

Cafe bleu Kringlunni óskar eftir vönum manni í eldhús. Unnið á vöktum 2-2-3 framtíðarvinna. **Upplýsingar í síma 899 1965**

RAFVÖRU MARKADURINN

VIÐ FELLESMULA

Tímabundið starf

Óskum eftir að ráða starfsmann í verslun okkar í janúar, vegna fortalla.

Vinnutími 09:00 til 18:00 og tveir laugardagar.

Óskum einnig eftir starfsfólki til heigarstarta.

Upplýsingar á staðnum og í síma 585 2888

energia-Smáralind, fullt starf. Laust starf í framlínunni, á kaffibarinn og í sal. Viðkomandi þarf að vera snyrtilegur, brosmildur, hörkuduglegur og heilsuhausur og mjög vel skipulagður, ekki yngri en 20 ára og íslenska SKYLYRÐI. Þarf að geta byrjað strax. Umsóknir sendist á energia@energia.is

Hagabakarí - Hagamel

Óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu. Uppl. í s. 897 8101 eða 868 6102.

Atvinna óskast

Stýrimaður-Háseti óskar eftir plássi á sjó. Vanur ýmsu S. 868 7522

Einkamál

Tilbreyting?

Konur sem vilja skemmta sér með karlmanni nota Rauða Torgið. Það kostar ekkert að auglýsa. Sími 555-4321.

38 ára kona óskar eftir kynnum við hávöxnum, heiðarlegum manni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, nr. 8778.

SÍMAPJÓNUSTUR



Stefnumót

905 2000 (símatorg)

535 9920 (kreditkort)

535 9923 (fritt karlar)

555 4321 (fritt konur)

Sögur

905 2002 (símatorg)

535 9930 (kreditkort)

Spjaldömur

908 6000 (símatorg)

535 9999 (kreditkort)

Atvinna

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

PJÓNUSTUVER HAFNARFJARDARBÆJAR STRANDGATA 6 220 HAFNARFJÖRÐUR SÍMI 585 5500 FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í leik- og grunnskólum

Vorönn 2012

Smáralundur (s. 565 4493 smaralundur@hafnarfjordur.is) Matreiðslumeistari (starfsstöð Kató)

Öldutunsskóli (s. 555 1546 erla@oldutunsskoli.is) Íþróttakennsla (90%)

Allar upplýsingar veita skólastjórnendur viðkomandi skóla. Umsóknarfræst er til 13. janúar. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja **um störf**in. **Fræðslustjórnin í Hafnarfirði**

Tilkynningar

Reykjavíkurborg

Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Árbær - Selás

Tillaga að breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir Árbær - Selás. Í breytingunni felst að texta í 1. grein skilmála varðandi heimildir til nýtingar kjallara/jarðhæða er breytt. Sett er inn í skilmála ný heimild til að gera íbúðir í kjallara/jarðhæðum fjölbýlishúsa við Hraunbæ ef sýnt er fram á að þær uppfylli kröfur byggingarreglugerðar um íbúðir og önnur skilyrði skilmála. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15, frá 4. janúar 2012 til og með 15. febrúar 2012. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 15. febrúar 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eiga gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykka tillöguna.a.

Reykjavík, 4. janúar 2012

Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNSENDIR 411 3071



47

BRESKA LEIKKONAN JULIA ORMOND er 47 ára.

„Ef maður fæst við það sama of lengi fer það að skorta ögrun og verður of auðvelt, en slíkt jafnast á við koss dauðans.“

AFMÆLI



DAVÍÐ SCHEVING THORSTEINSSON athafnamaður er 82 ára.



GUNNAR ÞÓRÐARSON tónlistarmaður er 67 ára.



STEINGRÍMUR GUÐMUNDSSON tónlistarmaður er 54 ára.



PÁLL AXEL VILBERGSSON körfuknattleiksmaður er 34 ára.

PAMELA J. WOODS: FYRSTI DOKTORSNEMINN FRÁ HÍ OG UH

NOTUÐ SEM FORDÆMI

Pamela J. Woods brautskráðist fyrst doktorsnema með sameiginlega gráðu frá Háskóla Íslands og Washington-háskóla í Seattle fyrir áramót. Þetta er jafnframt í fyrsta skipti sem doktorsnemandi brautskráist sameiginlega frá Washington-háskóla og erlendum háskóla.

„Deim í Washington leist nú upphaflega ekkert sérstaklega á þetta fyrirkomulag þar sem það átti sér enga hliðstæðu innan skólans. En eftir miklar bréfaskriftir og bollaleggingar sáu skólayfirvöld sig loks um hönd og féllust á þennan ráðahag,“ viðurkennir Pamela fyrir blaðamanni og hlær. „Þannig að ég varð tilraunaverkefni sem heppnaðist og kem til með að verða notuð sem fordæmi í sambærilegum málum.“

Pamela hóf doktorsnám sitt í líffræði í upphafi árs 2008, fyrst við Hólaskóla og Háskóla Íslands og loks Washington-háskóla en tveir síðarnefndu skólarnir hafa um árabíl átt í margvíslegu samstarfi.

Doktorsvörn Pamelu fór fram í Bandaríkjunum 22. nóvember og ber doktorsverkefnið heitið Vistfræðilegur breytileiki og fjölbrigðni í bleikju. „Í stuttu máli sagt rannsakaði ég hvaða áhrif umhverfi og fæða getur haft á útlit bleikju sem reyndist afar ólíkt milli svæða,“ útskýrir hún og segir Ísland ákjósanlegan rannsóknarvettvang vegna þess hversu algeng og fjölbreytt ferskvatnsbúkerfi séu hér fyrir hendi. Auk þess sé öflugt og vandað rannsóknarstarf unnið í háskólum landsins.

Spurð hvers vegna hún hafi valið sér þetta viðfangsefni, segist Pamela einmitt hafa viljað rannsaka hvernig lífverur þróast með tilkomu ytri skilyrða. „Niðurstöðurnar, það er hversu ólík bleikja reyndist eftir svæðum, sýna fram á hversu erfitt getur verið að alhæfa eitt-hvað um einstakar fisktegundir. Þannig sýna þær jafnframt að tillit þarf að taka til fjölbrigðni fisktegunda eins og bleikju og umgangast þær af varkárni viljum við ekki að þær verði fyrir slæmum áhrifum af völdum veiða.“

Pamela er fædd og uppalin í bænum Ledyard í Connecticut. Hún segist hafa



STOLT „Vissulega var flókið að stýra rannsókn frá tveimur löndum en við það fékk ég góða reynslu sem á eftir að nýtast vel,“ segir Pamela J. Woods um rannsókn sína.

vitað sáralítið um land og þjóð áður en hún flutti hingað frá Seattle fyrir fjórum árum. Í raun hafi þar hálfgerð tilviljun ráðið för. „Kunningi sem vissi hvað ég ætlaði að rannsaka benti mér á að hafa samband við Skúla Skúlason, rektor við Hólaskóla, en hann varð seinna leiðbeinandi doktorsverkefnisins ásamt Sigurði Snorrasyni prófessor við Háskóla Ísland og Thomas P. Quinn prófessor við Washington-háskóla. Eftir samtöl við Skúla „gúgladi“ ég Ísland og varð svo

hugfangin af myndunum að áður en ég vissi af hafði ég pantað farmiða til landsins,“ rifjar hún upp og segist ekki hafa orðið fyrir vonbrigðum.

„Ísland er yndislegt land og flest fellur mér í geð, mér finnst meira að segja veðrið frábært!“ segir hún og hlær. „Nú er bara vonandi að mér gefist færi á að stunda áfram rannsóknir hérna. Svo væri gaman að ná betri tókum á tungumálinu en ég skráði mig einmitt í íslensku í vor.“



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Erna Þorsteinsdóttir

lést á hjartadeild Landspítalans 2. janúar. Útför fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 14. janúar kl. 14.

- | | |
|-----------------------------|---------------------------|
| Gunnar Ólafur Eiríksson | Guðríður Hilmarisdóttir |
| Gísli Guðni Sveinsson | |
| Guðmundur Þórarinn Tómasson | Sigurveig Birgisdóttir |
| Lilja Þorsteina Tómasdóttir | Jón Guðbrandsson |
| Ásdís Steinunn Tómasdóttir | Sigfús Gunnar Guðmundsson |
- barnabörn, barnabarnabörn og systkini.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför okkar elskulega sonar, föður, tengdaföður, unnusta, bróður og vinar,

Ragnar Leifs Þrúðmarssonar

Hoffelli, Hornafirði.

Guð blessi ykkur öll.

- | | |
|------------------------------|------------------------|
| Hólmfríður Leifsdóttir | Þrúðmar Sigurðsson |
| Snæbjörn Sólvi Ragnarsson | |
| Þrúðmar Kári Ragnarsson | Waraporn Chanse |
| Hildur Björg Ragnarsdóttir | Heiðar Ingi Eggertsson |
| Gunnþóra Gunnarsdóttir | |
| Þrúðmar Þrúðmarsson | Ingibjörg Steinsdóttir |
| Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir | Sigurbjartur Pálsson |
| Rúnar Þrúðmarsson | Erna Hlín Þórðardóttir |



Dr. Med.dent. Eyjólfur Þór Busk

lést mánudaginn 26. desember. Jarðsetning fór fram í kyrreyi í Þýskalandi.

Gisela, Henning, Jens, Alexander og fjölskyldur



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Gréta Þorbjörg Steinþórsdóttir

Freyjugötu 30, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 5. janúar klukkan 13.00.

- | | |
|---------------------|------------------------|
| Ragnar Bragason | Ólöf Örnólfsdóttir |
| Þorsteinn Bragason | Karl Einarsson |
| Kristín Bragadóttir | Hildur Þorbjörnsdóttir |
| Steinþór Bragason | |
- barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar,

Ingibjörg Jónasdóttir

Hverfisgötu 3, Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar á Siglufirði, fimmtudaginn 29. desember. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 7. janúar kl. 14.00.

- | | |
|---------------|--------------------|
| Jónas Jónsson | Jónsteinn Jónsson |
| Ari Jónsson | Jóhanna Jónsdóttir |



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Steinn Guðmundsson

Bodaþingi 5, áður Háaleitisbraut 31,

sem lést miðvikudaginn 28. desember, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju föstudaginn 6. janúar kl. 13.00.

- | | |
|---------------------|----------------------------|
| Dóra Steinsdóttir | Anna Þorvaldsdóttir |
| Ásta Steinsdóttir | Páll Guðbergsson |
| Guðmundur Steinsson | Jörgen Pétur Guðjónsson |
| Þorvaldur Steinsson | Guðrún Ólöf Þorbergsdóttir |
- barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Eggertsdóttir

Árskógum 6, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu laugardaginn 24. des. sl., verður jarðsöngin frá Seljakirkju í dag 4. jan. kl. 13.00.

- | | |
|------------------------|----------------------|
| Björgvin J. Jóhannsson | Sigríður Þórsdóttir |
| Eggert P. Jóhannsson | Valborg Harðardóttir |
| Hörður Jóhannsson | Anne Malene Skåberg |
| Herdís Jóhannsdóttir | |
| Ingvar J. Jóhannsson | Árborg Ragnarsdóttir |
- barnabörn og barnabarnabörn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktími: 581 3300 & 896 8242 www.utfarin.is

Allan sólarhringinn Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR


Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



skekkilegr

KALLI BERNDSEN Í NÝJU LJÓSI

Nýr þáttur um lífsstíl og tísku. Kalli Berndsen gefur áhorfendum og gestum sínum góð tískuráð og kemur með áhugaverðar hugmyndir um fataval, hár og förðun. Sjáðu þig í nýju ljósi með Kalla á miðvikudögum á Stöð 2 í vetur.



FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 20:30

STÖÐ 2 Á AÐEINS
244 KR.
Á DAG



Allir áskrifendur
Stöðvar 2 safna
punktum

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. jurtatrefjar, 6. ógrynni, 8. svif, 9. frjó, 11. tveir eins, 12. róun, 14. ríkis, 16. í röð, 17. umfram, 18. for, 20. skóli, 21. skjótur.

LÓÐRÉTT

1. hróss, 3. í röð, 4. við og við, 5. efni, 7. lausn, 10. iðka, 13. kvk nafn, 15. hrumur, 16. flan, 19. guð.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. lófs, 3. að, 4. stundum, 5. tau, 7. frelsun, 10. æfa, 13. una, 15. skar, 16. ras, 19. ra.
LÁRÉTT: 2. bast, 6. of, 8. áta, 9. fræ, 11. un, 12. seftun, 14. lands, 16. rs, 17. auk, 18. aur, 20. ma, 21. snar.

BYLGJAN 25
ÁRA
989

Hemmi Gunn

– og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur



alla sunnudaga
klukkan 16.
Njótíð vel

HEILSUM NÝJU ÁRI!

Sérblað um heilsu
kemur út þann 7. janúar.

FRÉTTABLAÐIÐ 10
ÁRA

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR
TÍMANLEGA:

BENEDIKT FREYR JÓNSSON
benediktj@365.is
S. 512 5411

Amstrið tekur yfir

BAKPAKKAR Ragnheiðar Tryggva- dóttur

Sviptingar urðu í Stjórnarráðinu um áramótin og stokkað var upp í skipan ráðuneyta. Sjálfstæðisflokkurinn er einhvern veginn kippti ég mér ekkert upp við þetta. Forsetinn tilkynnti að hann ætlaði ekki að bjóða sig fram aftur, en ég kippti mér ekki heldur upp við það. Nennti ekki að taka þátt í vangaveltum um hver yrði næsti forseti né hvort von væri á „ferskari“ vindum í stjórnmálunum með nýjum framboðum. Hef hálfpartinn litla trú á stjórnmálaafli sem hefur hvorki stefnuskrá né nafn þegar það stígur fram.



SÁ REYNDAR í fréttum í gær að nýtt „þverpólitískt afl“ væri í smíðum. En þá fór ég bara að velta fyrir mér í hverra umboði þingmaður starfar á þingi ef hann segir sig úr flokknum sem fólkid kaus. Og hvernig það snúi að kjósendum ef hann stofnar svo nýtt stjórnmálaafli í framhaldinu, meðan hann situr á þingi!

ANNARS grunar mig hverjir munu taka við stjórnartaumunum þegar kosið verður á ný og að þar muni gamalkunnug

andlit fara á stj. Ég las það einmitt fyrir stuttu hér í blaðinu að samkvæmt skoðanakönnunum treysti meirihluti þjóðarinnar Sjálfstæðisflokknum best til að fara með völdin, eins ófugsnuíð og það nú er. Sennilega hittu höfundar áramótaskaup-sins naglann á höfuðið, þetta hljóta að vera „djöfulsins snillingar“.

ÁHUGI minn á því hverjir stýra þjóðarskútunni hefur minnkað, ég viðurkenni það bara. Ég veit svo sem ekki hverju ég bjóst við af stjórninni sem tók við rústunum en ýmiss konar skattar, álögur og gjöld hafa orðið til þess að það hefur dregið niður í mér. Það er varla að ég geti æst mig yfir Landsdómsmálinu, hvað þá annað, enda tilgangurinn enginn að sækja aðeins einn mann til saka. Ég held að ég hafi bara ekki trú á nokkrum stjórnmálamanni lengur, sama úr hvaða röðum hann kemur. Hversdagslegt amstur hefur tekið yfir og hver hugsar um sitt.

MUNA eftir ullarnærskyrtnum á krakkana svo þau kvefist ekki í þessum kulda, muna eftir lýsinu til að hrista úr mér flensuna og muna eftir að setja snjóblautu vettlingana á ofninn að kveldi svo allir eigi þurr daginn eftir. Muna eftir að henda í vél, hendast í búð, henda ruslinu. Meðan ég baksa þetta hugsa ég ekkert um það hver verður næsti bóndi á Bessastöðum.

myndasögur

■ Pondus

Af hverju náðum við tvö ekki saman Jóí? Við áttum alveg séns! Manstu þegar þú vaknaði í fanginu á mér...



Hvað get ég sagt Járnfriður? Þegar ég lá þar hlustaði ég á hjartastrengina mína.



Það var erfið uppgötvun og sár, mér þykir það leitt Járnfriður... en þeir léku ekki okkar lag!



Hann kann þetta!



Eftir Frode Overli

Þess vegna hljóp ég óskrandi út, ég var svo sorgmæddur!

Ó, Jóí!

■ Gelgjan

Palli, ég hætti í miðri verslunarferð, aflýsti klippingunni og sleppti því að sækja fót úr hreinsun til þess að koma og hleypa þér inn.



En hvar ertu?



Ég fór yfir til Stanislaw's. Má ég borða herna?

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið

Partí í kvöld í sjöunda himni...



Ekki missa af þessu!! Partí í sjöunda himni!!



Eftir Tony Lopes

■ Barnalán

Við strákarnir fundum upp nýjan leik sem heitir sláturbolti.



Hann er blanda af fótbolta, ruðningi, júdo og glímu.




Mér finnst þetta ekki hljóma skemmtilega.



Maður spilar ekki sláturbolta til að skemmta sér, maður spilar til að lifa af!



Eftir Kirkman/Scott



ÍSLANDSFUGL HEILL FROSINN KJÚKLINGUR



659 KR.KG

KJÚKLINGAUPPSKRIFTIR Á BÓNUS.IS

Þú finnur margar góðar kjúklingauppskriftir á heimasíðunni www.bonus.is þar sem heill kjúklingur er aðal hráefnið. Skoðaðu hvort ekki leynist þar uppskrift sem er þér að skapi s.s. „Kjúklingur með 40 hvítlauksbátum“ eða „Coq a wine“ sem er rómaður franskur kjúklingaréttur. Margar einfaldar uppskriftir eru einnig á uppskriftavefnum þar sem heill kjúklingur er hlutaður í sundur og eldaður í bitum.

6				3		
	2			7	1	4
				8	6	9
		9		5		2
	6	8			3	9
3	4			9	8	
		7	4	3		
4			7	6		3
			8			2

Úrlausnin er á bonus.is ¹⁸



KYRRALÍF OG PLEASER Tvær nýjar sýningar verða opnaðar í Hafnarborg laugardaginn 7. janúar kl. 15. Í meginál safnsins er sýningin Kyrralíf þar sem sýnd eru málverk og teikningar af uppstillingum, meðal annars margar af perlum íslenskrar myndlistar. Í Sverrissal er sýningin Pleaser þar sem sýnd eru ný og nýleg verk eftir Hörpu Björnsdóttur.

Mikill fengur í þátttöku Íslands í New York

Þrjú íslensk verk verða sýnd á kynningu á íslenskum sviðslistum í New York um næstu helgi. Leiklistarsamband Íslands stendur fyrir kynningunni í samstarfi við hin Norðurlöndin.



ÁSA RICHARDSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er mjög spennandi tækifæri sem er gaman að geta nýtt í svona ríku og góðu samstarfi við félagar okkar á Norðurlöndunum,“ segir Ása Richardsdóttir, forseti Leiklistarsambands Íslands (LSÍ),

heildarsamtaka sviðslista hér á landi. Sambandið stendur fyrir kynningu á íslenskum sviðslistum í New York um næstu helgi, dagana 7. til 10. janúar.

Í New York verða þrjú íslensk sviðsverk sýnd og íslenskar sviðslistir í heild kynntar á árlegu

þingi APAP (Association of Performing Arts Presenters), sem er hið stærsta sinnar tegundar sem kaupendur sviðslistasýninga sækja. „Von er á um 2.000 þátttakendum á þingið, flestum frá Bandaríkjunum og Kanada, en hin síðari ár eru kaupendur frá Asíu, Suður-Ameríku, Evrópu og víðar farnir að nýta sér þetta þing. Þarna kemur fólk saman og spjallar, sækir námskeið og sýningarviðburði víðs vegar um borgina. Margir líta á þingið sem sinn markað, þarna kaupa meðal annarra leikhúss- og hátíðastjórnendur sýningar fyrir næsta leikár og sumir klára hreinlega skipulagningu heilu leikáranna á þessum fjórum dögum í New York,“ segir Ása.

Verkefnið markar upphaf norræna samstarfsverkefnisins Nordics On Stage, sem stendur yfir allt árið 2012 og inniheldur meðal annars frekari kynningar á sviðslistum frá Norðurlöndunum í Þýskalandi, Danmörku, Kóreu, Japan og fleiri löndum.

„Í raun höfðu félagar okkar á Norðurlöndunum undirbúið jarðveginn, búið til heildarhugmynd

og safnað fé og vildu, í anda norræns systralags, endilega að Ísland yrði með og þótti mikill fengur í því,“ segir Ása og bætir við að vissulega sé Norður-Ameríkumarkaðurinn risavaxinn. „Þótt ýmis dæmi séu um að sviðslistamenn frá Norðurlöndunum hafi sótt á þennan markað með góðum árangri er hann að vissu leyti óþægður akur. Við höfum trú á því að þetta norræna kynningarsamstarf skili árangri, að saman séum við sterkari en ella. Þetta er tilraun, en þaulhugsuð tilraun engu að síður.“

Fulltrúar Íslands í New York verða Íslenski dansflokkurinn með verkið Kvart eftir norska danshöfundinn Jo Strömrgren, sem valið var úr 35 norrænum verkum, Erna Ómarsdóttir, sem sýnir tónleikaverkið Lazyblood, og framandverkflokkurinn Kviss búmm bang með verkið Safari. Vefsíðan ice-storm-showcase.com hefur verið opnuð utan um verkefnið og eru sýningarnar í New York haldnar í samstarfi við Cinars, umfangs- og reynslumikið kynningarfyrirtæki fyrir kanadískar sviðslistir.

kjartan@frettabladid.is



KVART Íslenski dansflokkurinn sýnir verk norska danshöfundarins Jo Strömrgren í tvígang í Gerald W. Lynch-leikhúsinu í New York.

nicorette
Nýárstilboð

20%
afsláttur af öllum pakkningastærðum af:

- Nicorette fruitmint lyfjatyggigúmmí
- Nicorette invisi plástur
- Nicorette inhalator innsogslyf

Tilboðið gildir til 31.01. 2012 í öllum apótekum Lyfja & heilsu

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Nicorette® nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínþöfn og til að draga úr fráhrarfeinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundin eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagsskammtar eru: Fjarþjástur 1 stk., Lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf - 12 stk., nikótínþappar. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings ef þú ert á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfjans, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfisnúmer: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatun 2, 210 Garðabæ.

SOHO MARKET

ÚTSALAN HEFST Í DAG KL. 12

40-70% afsláttur af öllum fatnaði

30-50% afsláttur af skarti og töskum

SOHO MARKET Grensásvegur 8, sími 553 7300
Opíð mán-fös 12-18 og laugd 12-17

SOHO/MARKET Á FACEBOOK

Góður flutningur, en fátt annað

Tónlist ★★

Sönglög Vestur-Íslendinga

Diddú og drengirnir. Stef.

Vestur-Íslendingar lögðu margir fyrir sig tónlist. Lítið hefur farið fyrir verkum þessara tónskálda í tónlistarlífnum hér, það er helst að maður heyrir af og til sönglög Björgvins Guðmundssonar.

Nú hefur tónlistarhópurinn Diddú og drengirnir tekið upp eins konar þverskurð af þessari tónlist. Hún er eftir Gunnstein Eyjólfsson, Steingrím K. Hall, Sigurð Helgason, Jón Friðfinnsson, Sigurð Baldvinsson og Elmu I. Gíslason, auk Björgvins.

Drengirnir hennar Diddúar eru blástursleikarar, og hefur hópurninn haldið árlega jólatónleika um nokkurt skeið. Þeir eru allir meðlimir í Sinfóníuhljómsveit

Íslands. Tónlistarflutningurinn á geisladiskinum er líka í fremstu röð, hreinn og samtaka. Og Diddú syngur eins og engill.

Góðu fréttirnar eru þær að geisladiskurinn er áhugaverð heimild um tónlist Íslendinganna sem fluttu búferlum vestur um haf í kringum aldamótin 1900.

Slæmu fréttirnar eru að velflest lögin á geisladiskinum eru einmitt það: slæm. Þau eru óttalegur leirburður. Skáldskapurinn er lítið annað en klisjur frá meginlandi Evrópu. Það er ekki eitt einasta lag á geisladiskinum sem manngangar til að heyrast oft en einu sinni. Sennilega er það einmitt ástæðan fyrir því að maður hefur lítið heyrt af þessari tónlist fyrr en nú.

Jónas Sen

Niðurstaða: Sagnfræðilegt gildi geisladisksins er mikið, en skemmtilegur er hann ekki.



DIDDÚ OG DRENGIRNIR „Það er ekki eitt einasta lag á geisladiskinum sem manngangar til að heyrast oft en einu sinni,“ segir í dóminum.

HANN ER Á LEIÐINNI...



ATLI RAFN SIGURÐARSON
HELGI BJÖRNSSON

AXLAR-BJÖRN

NÝTT VERK ÚR SMÍÐJU VESTURPORTS
LEIKSTJÓRN: BJÖRN HLYNUR HARALDSSON

Frumskýning	mið. 11/1 kl. 20 UPPELT	mið. 25/1 kl. 20 UPPELT	lau. 11/2 kl. 20 UPPELT
	sun. 15/1 kl. 20 UPPELT	fim. 26/1 kl. 20 UPPELT	sun. 12/2 kl. 20 aukasýn.
	mið. 18/1 kl. 20 UPPELT	lau. 4/2 kl. 20 aukasýn.	lau. 18/2 kl. 20 örfá sæti
	sun. 22/1 kl. 20 UPPELT	sun. 5/2 kl. 20 UPPELT	

VesturPort

Frumskýnt í janúar | Tryggðu þér miða strax!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið



52 ÁR fyllir tónlistarmaðurinn Michael Stipe en hann er hvað þekktastur fyrir að vera söngvarinn í hljómsveitinni REM sem lagði upp laupana á síðasta ári.

JARED LETO VERST KLÆDDI KARLMAÐURINN

Leikarinn og söngvarinn Jared Leto var kosinn verst klæddi karlmaður ársins 2011. Samkvæmt tímaritinu GQ þykir Leto hafa skapað nýjar hæðir í ósmekklegheitum á síðasta ári en stíll hans einkennist af síðum skyrtum, pilsu yfir buxur, lökkuðum nöglum og svörtum augnblyanti.


Tímaritið segir að Leto floppi algerlega í tilraunum sínum til að vera smart. „Það er ekki það að hann sé ekki að reyna. Söngvarinn í 30 Seconds to Mars reynir alltof mikið. Okkur finnst þú finn Leto og þú ert allavega góður í einni af vinnunum þínum en gerðu það fyrir okkur, hættu að klæða þig eins og hálfviti,“ segir tímaritið en Leto hefur undanfarin ár dregið sig í hlé frá kvikmyndabransanum og farið á fullt í tónlistina en hann er duglegur að dúkka upp á rauða dreglinum og á tiskuviðburðum í ýmsum múnðeringum.

Leto sló í gegn í sjónvarpsþáttunum „My So Called Life“ og hefur leikið í myndum á borð við „Requiem for a Dream“ og „American Psycho“.

Nú á hljómsveitin 30 Seconds to Mars hug hans allan en hana stofnaði hann ásamt bróður sínum árið 1998.



BERT Leikarinn klæddur í fleginn hlýraból og með svartar grifflur.



NET Hér á tiskusýningu í svörtum netabol. yfir buxur á tiskuvíkunni í París.



PILS Jared Leto klæðist einhvers konar pilsu



HLJÓM-SVEITIN Hér er Leto ásamt bróður sínum, Shannon Leto, og Tomo Milicevic en saman skipa þeir sveitina 30 Seconds to Mars.



MÁLADUR Jared Leto notar augnblyantinn óspart.



Allt að 5% sparnaður af

Fyrirtæki þitt gæti átt rétt á 1-5% endurgreiðslu af öllum vörukaupum frá Kína

Við rekum skrifstofu í Guangzhou í Kína og íslenskt starfsfólk á staðnum. Auk endurgreiðslu af vörukaupum aðstoðum við fyrirtæki við gæðaeftirlit, flutninga, leit að vörum og veitum túlkapjónustu.



Nánari upplýsingar á www.vitar.is eða í síma 699 4774
Óskir um kynningu berist á info@vitar.is fyrir 5. janúar

Raunveruleikapáttur í anda Contraband

Leikarinn Mark Wahlberg er að undirbúa raunveruleikapáttaröð sem byggir á kvikmyndinni Contraband sem hann leikur í undir leikstjórn Baltasars Kormáks.

Þáttaröðin á að heita Port of L.A. og fjallar um smyglið sem á sér stað við höfnina í Los Angeles. Kvikmyndin Contraband, sem er byggð á hinni íslensku Reykjavík Rotterdam, fjallar einmitt um hafnarsmygl. „Þetta verður raunveruleikapáttur, í dramatískum heimildarmyndarstíl,“ sagði Wahlberg í viðtali við WENN. „Við höfum eytt miklum tíma þarna og við vitum um allar hættur sem eru þarna, eins og þær sem tengjast smygli og mansali. Eitt sinn þurfti að loka höfninni í Los Angeles í eina viku og það kostaði þjóðina um 305 milljarða króna á dag. Um leið og þetta stöðvast þarna þá gerist ekki neitt. Ekkert kemur inn og ekkert fer út.“

Wahlberg framleiddi síðast sjónvarpsþáttaröðina vinsælu Entourage sem rann sitt skeið á enda í september. Eftir að hafa leikið í Contraband fékk hann mikinn áhuga á höfninni í Los Angeles og vonast til að hefja framleiðslu á þáttunum á næstunni. „Það eru ljótir hlutir sem gerast þarna og þetta er heillandi heimur. Mér fannst söguþráðurinn í Contraband áhugaverður og það væri hægt að gera meira með þetta umfjöllunarefni ef gert yrði á réttan hátt,“ sagði Wahlberg.

RAUNVERULEIKAPÁTTUR Mark Wahlberg ætlar að gera raunveruleikapátt byggðan á kvikmyndinni Contraband.

Contraband verður frumsýnd í Bandaríkjunum 13. janúar og hér á landi 20. janúar. - fb



BALTASAR KORMÁKUR Leikstjóri kvikmyndinni Contraband.



EKKI BÚIN AÐ EIGA Beyoncé var kasólétt á gamlársdag í Brooklyn.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ennþá ólétt

Þrátt fyrir háværar sögusagnir þess efnis að Beyoncé hafi eignast barn sitt milli jóla og nýárs sást til söngkonunnar úti á borða á gamlársdag þar sem það fór ekki á milli mála að Beyoncé var ennþá ólétt. Samkvæmt People Magazine fór hin kasólétta Beyoncé út á borða ásamt eiginmanni sínum, Jay-Z, á stað í Brooklyn áður en þau fögnuðu nýju ári með litlu systur söngkonunnar, Solange Knowles.

Slúðurmiðlar vestanhafs bíða með öndina í hálsinum eftir barninu en mikil leynd hvílir yfir hvenær það er væntanlegt í heiminn. Gestir veitingastaðarins sögðu við People Magazine að söngkonan liti út fyrir að vera alveg að fara að eiga.

MAGNAÐUR MIÐVIKUDAGUR


50% afsláttur af öllu leigðu efni í Sjónvarpi Símans

facebook.com/siminn.is

Síminn

Kyssti ókunnugan lögreglumann

Leikkonan Jenny McCarthy kyssti ókunnugan lögreglumann er hún var sérstakur gestastjórnandi í sjónvarpsþættinum Dick Clark's New Year's Rockin' Eve with Ryan Seacrest. McCarthy var að telja inn nýja árið á Times Square í New York í beinni útsendingu og þegar klukkan sló tólf á miðnætti ákvað leikkonan að grípa í lögreglumann og smella einum á hann. „Það var bara tilviljun að ég stóð við hliðina á flottum lögreglumanni þegar klukkan sló tólf. Hann var sætur og ég elskaði það,“ sagði McCarthy í viðtali við Seacrest síðar um nóttina en hún hefur ekkert heyrt í ókunnuga lögreglumanninum síðan. „Ef þú ert að horfa, hafðu samband,“ biðlaði McCarthy til sjónvarpsáhorfenda en leikkonan var síðast í sambandi með leikaranum Jim Carrey.



ÓFEIMIN Leikkonan Jenny McCarthy kyssti ókunnugan lögreglumann í beinni sjónvarpsútsendingu á gamlárskvöld.

NORDICPHOTOS/GETTY

John vill Timberlake

Elton John hefur lýst yfir að hann vilji að söngvarinn Justin Timberlake leiki sig í mynd um líf sitt.

John staðfesti í sama viðtali að vinna að kvikmyndinni, sem hefur fengið nafnið Rocketman, sé í fullum gangi og að frekari tíðinda sé að vænta. „Við erum komnir með leikstjóra og erum að vinna í að gera handritið eins gott og við viljum hafa það.“

Timberlake hefur áður leikið Elton John í myndbandi Davids LaChapelle við lagið Rocketman. John var afar ánægður með frammistöðu söngvarans.



Á ÓSKALISTANUM Justin Timberlake er á óskalista Elton John.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 4. janúar

→ Tónleikar



22.00 Ólöf Arnalds heldur afmælistónleika á Rósenberg þar sem hún flytur tilviljanakennda blöndu af eigin lögum og annarra. Miðaverð er kr. 1.500.

22.00 Eldberg, Smári Tarfur og Ylja koma fram á tónleikaröðinni Skúrinn á Gauki á Stöng.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Heimildarmynd ókeypis á netinu

Sjónvarpsmaðurinn Þorsteinn J. vonast til að koma heimildarmynd sinni Iceland Food Centre að í Norðurlöndum og í Þýskalandi og er um þessar mundir að láta þýða hana yfir á ensku og þýsku.

Sem liður í að opna augu almennings og fagaðila fyrir myndinni getur fólk horft á hana ókeypis á heimasíðu hans thorsteinnj.is. Myndin fjallar um fyrstu íslensku útrásina þegar íslenska ríkið ásamt fleirum stofnaði veitingastað í miðborg London árið 1965. Hún var frumsýnd á Stöð 2 um páskana á síðasta ári.

„Það eru eiginlega þrjár ástæður fyrir þessari frísýningu,“ segir Þorsteinn J. „Sú fyrsta er sú að það er bráðnaudsynlegt fyrir okkur sem þjóð að skilja söguna og læra af henni. Ef fólk vill fá botn í hvað í ósköpunum hefur verið að gerast í íslensku samfélagi síðustu ár, þá verður það hreinlega að sjá þessa mynd.“

Myndin er líka styrkt af Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Sú stofnun er rekin með framlögum frá hinu opinbera. Þess vegna er bara sjálfsagt og eðlilegt að allir landsmenn eigi þess kost að sjá myndina.

Þriðja ástæðan er svo sú að það líður að Edduverðlaunum í febrúar.

Það skiptir miklu fyrir dreifingu þessarar myndar erlendis að hafa einhvers konar merkimiða á henni ef þess er kostur,“ segir Þorsteinn og vonast til að þessi ókeypis sýning á heimasíðu hans eigi eftir að falla vel í kramið hjá landsmönnum.

- fb

ÓKEYPIS Heimildarmynd hans, Iceland Food Centre, verður sýnd ókeypis á netinu.



LAUGAVEGUR 46, 101 REYKJAVÍK

Tiia

Útsalan hefst í dag, opið frá 16-20.

TIIA býður upp á dásamleg merki og margt af því besta frá Skandinavíu og Frakklandi. Merki eins og Munthe + Simonsen, Rabens Saloner, Aymara, Lolly's Laundry, Maison Scotch, Ambre Babzoe, Mexicana, Mes Demoiselles, Moncocrom, By Koah, True Grace ilmkerstin, Nailstation naglalökk ásamt fleiri dásamlegum merkjum.



Hlökkum til að sjá þig, *Tiia*

Sími: 571 8383

Þrjár deila toppsætinu yfir myndir ársins

Þrjár kvikmyndir voru efstar og jafnar í vali á bestu erlendu mynd síðasta árs af álitsgjöfum Fréttablaðsins. Þær eru Drive, Bridesmaids og Melancholia. Alls voru tíu myndir nefndar til sögunnar í könnuninni af þeim sautján spekingum sem tóku þátt og því greinilegt að menn höfðu misjafnar skoðanir á bestu mynd ársins. Hjartaknúsarinn Ryan Gosling leikur í Drive nafnlausan öikumann sem sinnir áhættuakstri á daginn fyrir Hollywood-myndir en ekur flóttabifreiðum fyrir glæpamenn á kvöldin. Nicolas Winding Refn fékk Cannes-verðlaunin fyrir að leikstýra myndinni auk þess sem auka-leikarinn Albert Brooks hefur verið tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna.

Bridesmaids fjallar um hina einhleypu Annie Walker sem tekur að sér hlutverk aðalbrúðarmeyjar í brúðkaupi æskuvinkonu sinnar með bráðfyndnum afleiðingum. Myndin hefur verið tilnefnd til tvennra Golden Globe-verðlauna, eða sem besta gaman/söngvamyndin og fyrir frammistöðu Kristen Wiig í hlutverki Walker. Melancholia er nýjasta mynd Danans Lars Von Trier og leika þær Kirsten Dunst og Charlotte Gainsbourg aðalhlutverkin. Dunst vann Cannes-verðlaunin fyrir leik sinn í myndinni, auk þess sem Melancholia var valin besta myndin á Evrópsku kvikmyndaverðlaunum. Aðrar myndir sem voru tilnefndar í könnuninni voru hin sænska Svinaläng-

ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS

Dr. Gunni, Erlingur Grétar Einarsson, Freyr Gígja Gunnarsson, Grétar Sigfinnur Sigurðarson, Haukur Viðar Alfreðsson, Hildur Maral Hamíðsdóttir, Hrönn Sveinsdóttir, Jón Gunnar Geirdal, Kjartan Guðmundsson, Kolbrún Björt Sigfúsdóttir, Marteinn Þórssón, Roald Eyvindsson, Sigríður Pétursdóttir, Sigurður Kjartan Kristinsson, Sindri Sindrasón, Tómas Valgeirsson, Vera Sölvadóttir.



orna, Tree Of Life, The Ides of Marsh, Captain America, Warrior, teiknimyndin Arthur Christmas og Black Swan, sem kom reyndar út í Bandaríkjunum 2010 en var frumsýnd hérlendis í febrúar í fyrra. - fb

GÓÐIR DÓMAR Kvikmyndin Drive hefur fengið mjög góða dóma síðan hún var frumsýnd síðasta haust.



FÖGNUMU Vilhjálmur Bretaprins og Katrín hertogaynja af Cambridge fögnumu áramótunum með Middleton-fjölskyldunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Fögnumu áramótunum í tjaldi

Vilhjálmur Bretaprins og Katrín hertogaynja af Cambridge fögnumu sínum fyrstu áramótum sem hjón með Middleton-fjölskyldunni. Búið var að setja upp stórt veislutjald í garði fjölskyldunnar þar sem vinir og vandamenn skemmtu sér en veislustjóri var yngri systir prinsessunnar, Pippa. Tjaldið var ekkert venjulegt tjald en það var gert úr dýrafeldi og kostaði rúmar 600 þúsund íslenskra króna að sögn People Magazine. Yfir 100 gestir voru í áramótagleðskapnum.



ALLT Á FULLU Bloc Party vinnur nú að plötu.

Plata frá Bloc Party á árinu

Kele Okereke, söngvari Bloc Party, hefur staðfest að plata sé væntanleg frá hljómsveitinni á þessu ári. Hljómsveitin hefur unnið að plötunni í New York, sem var einmitt sögu svið þess hljómsveitin setti á svið á árinu. Þá tjáði Okereke fjölmiðlum að hann hefði verið rekinn úr bandinu, sem væri að leita að söngvara. Þetta ku hafa verið spaug og hann er ennþá söngvari hljómsveitarinnar.

MILLJARÐAR

FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í 250 MILLJÓNIR

Ofurpotturinn stefnir í 3.350 milljónir. **Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTO

ALLTAF Á MIDVIKUDÖGUM!
MÍÐINN GILDIR 4. JANÚAR 2012

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	42
G.	18	19	20	23	28	39
H.	22	27	29	39		

SÖLU LÝKUR KL. 17



JALEESA BUTLER í aðalhlutverki hjá efsta liði deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iceland Express-deild kvenna:

Butler og Sverrir Þór valin best

KÖRFUBOLTI Jaleesa Butler, leikmaður Keflavíkur, og Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari Njarðvíkur, voru valin best í fyrri umferð Iceland Express-deildar kvenna en valið var tilkynnt í gær.

Jaleesa Butler hefur spilað frábærlega með Keflavíkurlíðinu sem er á toppi deildarinnar en liðsfélagi hennar, Pálína Gunnlaugsdóttir, var einnig í úrvalslíðinu. Butler var með 21,5 stig, 15,0 fráköst, 4,2 stoðsendingar og 4,2 varin skot að meðaltali í leik.

Aðrar í úrvalslíðinu voru Hildur Sigurðardóttir hjá Snæfelli, Petrúnella Skúladóttir hjá Njarðvík og Sigrún Ámundadóttir hjá KR en þær hafa allar slegið í gegn á sínu fyrsta tímabili hjá nýju félagi.

Sverrir Þór stýrði Njarðvíkurliðinu til sigurs í 10 af 14 leikjum sínum í fyrri hlutanum og þar á meðal var 41 stigs sigur á toppliði Keflavíkur. Njarðvík er í 2. sæti en var spáð sjötta sætinu fyrir tímabilið. Íris Sverrisdóttir hjá Haukum var síðan valin dugnaðarforkur deildarinnar.

Fimmtánda umferðin fer öll fram í kvöld og þá mætast Keflavík-Fjölnir, Snæfell-Valur, Njarðvík-Haukar og Hamar-KR. - 66j

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin

Tottenham - West Brom	1-0
1-0 Jermain Defoe (63.)	
Wigan - Sunderland	1-4
0-1 Craig Gardner (45.+4), 0-2 James McClean (55.), 1-2 Hugo Rodallega (62.), 1-3 Stéphane Sessegnon (73.), 1-4 David Vaughan (80.)	
Manchester City - Liverpool	3-0
1-0 Sergio Agüero (10.), 2-0 Yaya Touré (33.), 3-0 James Milner, víti (73.)	

STaðan í deildinni:

Man. City	20	15	3	2	56-16	48
Man. United	19	14	3	2	49-17	45
Tottenham	19	13	3	3	36-20	42
Chelsea	20	11	4	5	39-25	37
Arsenal	20	11	3	6	36-28	36
Liverpool	20	9	7	4	24-18	34
Newcastle	19	8	6	5	26-25	30
Stoke	20	8	5	7	22-31	29
Norwich	20	6	7	7	30-35	25
Sunderland	20	6	6	8	27-23	24
Everton	18	7	3	8	19-20	24
Swansea	20	5	8	7	20-23	23
Aston Villa	20	5	8	7	22-26	23
Fulham	20	5	8	7	22-26	23
West Brom	20	6	4	10	19-28	22
Wolves	20	4	5	11	22-36	17
QPR	20	4	5	11	19-35	17
Wigan	20	3	6	11	18-41	15
Blackburn	20	3	5	12	29-43	14
Bolton	19	4	1	14	23-42	13

LEIKIR KLUKKAN 20.00 Í KVÖLD:
Newcastle - Man. United Stöð 2 Sport 2
Everton - Bolton Stöð 2 Sport 3

Allt um leiki gærkvöldsins er að finna á **VÍSIR.IS**

EM ekki efst í huga mér núna

Landsliðsmaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson er í þeirri sérkennilegu aðstöðu að geta ekki tekið þátt í undirbúningi landsliðsins fyrir EM þar sem hann bíður eftir því að verða faðir í annað sinn. Snorri segir að eðlilega gangi fjölskyldan fyrir á þessari stund en gangi allt vel stefnir hann að því að fara með á EM.

HANDBOLTI „Það er ekkert að gerast og við bíðum bara eftir því sem koma skal,“ sagði leikstjórnandi íslenska landsliðsins, Snorri Steinn Guðjónsson, en hann er staddur í Danmörku á meðan landsliðið undirbýr sig fyrir EM hér heima.

Ástæðan fyrir fjarveru Snorra er skiljanleg en unnusta hans, Marín Sören Madsen, er ólétt og bíða skötuþjúku komu fjórða fjölskyldumeðlimsins. Marín átti að eiga annan í jólum en barnið ætlar að láta bíða eftir sér. Eigi hún ekki í vikunni verður hún væntanlega gangsett um næstu helgi.

„EM er mér ekkert efst í huga sem stendur. Ég held að það væri nú hjá fæstum í minni stöðu. Ég er að reyna að sinna konunni og svo eigum við barn fyrir þannig að það er nóg að gera. Ég reyni samt að æfa og halda mér í formi þessa daga,“ sagði Snorri Steinn en hann æfir daglega með styrktarþjálfara síns félags, AG í Kaupmannahöfn, þannig að hann verði eins klár í slaginn og hægt er ef hann getur tekið þátt á EM.

Fer á EM ef allt gengur upp

„Þegar þetta er yfirstaðið tek ég síðan stöðuna á hlutunum. Hvort öllum heilsist ekki vel og svona. Ef það gengur allt upp þá stefni ég á að taka þátt í mótinu. Tengdamma kemur og verður konunni minni innan handar þannig að þetta á að geta gengið upp.“

Leikstjórnandinn viðurkennir engu að síður að það verði talsvert skrítið að fara svo snemma frá nýfæddu barni á stórmót í Serbíu.

„Það verður örugglega mjög erfitt og skrítið. Þetta er engin óskastaða. Ég hefði kannski getað planað þetta betur,“ sagði Snorri léttur og hló við. „Það er hvorki gott fyrir mig né liðið að ég missi af undirbúningnum og æfingaleikjunum sem eru fram undan. Þetta er engu að síður staðan sem er uppi og hana verður að tækla.“

Eins og Snorri segir verður það erfitt og skrítið fyrir hann að fara frá fjölskyldunni á þessum tíma



ÁKVÆÐINN LEIKSTJÓRNANDI Snorri Steinn hefur stýrt leik landsliðsins af miklum myndarskap undanfarin ár. Hann er hér í leik gegn Króatíu sem er einmitt fyrsti andstæðingur Íslands á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLU

„Ég vona að allt gangi vel og öllum heilsist vel. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að ég fari þó svo að það verði óneitanlega skrítið.“

SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON
LANDSLIÐSMAÐUR

en hefur hann eitthvað íhugað að hreinlega sleppa mótinu?

„Kannski ekki beint. Ég hef alltaf hugsað þetta þannig að ég yrði að taka stöðuna þegar barnið kemur. Ég hef alltaf reiknað með og búist við að fara á EM. Það hefur ekki hvarflað að mér að hringja í Gumma þjálfara og

segjast ætla að taka mér frí. Ég vona að allt gangi vel og öllum heilsist vel. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að ég fari þó svo að það verði óneitanlega skrítið.“

Landsliðið má mjög illa við því að missa Snorra Stein úr liðinu enda hefur hann verið algjör lykilmáður í liðinu undanfarin ár þar sem landsliðið hefur verið að ná sínum besta árangri í sögunni.

Snorri hefur verið í verulega góðu formi í vetur og farið mikinn í ofurliði AG sem er efst í Danmörku og staðið sig vel í Meistaradeildinni.

„Ég hef verið mjög ánægður með veturinn hjá mér og verið í fínu formi. Þetta er búið að vera flott tímabil bæði hjá mér og liðinu,“

sagði Snorri en hann hefur fengið að spila meira eftir að Magnus Andersson tók við liðinu en einnig spilar fleira inn í.

„Arnór [Atlason] hefur líka verið svolítið meiddur þannig að við höfum ekki verið að skipta þessu á milli okkar.“

Snorri segir að landsliðsþjálfarinn, Guðmundur Þórður Guðmundsson, sé pollrölegur yfir stöðunni og sé ekki sífellt að athuga með það hvort barnið sé komið í heiminn.

„Gummi heyrir eðlilega í mér reglulega sem þjálfari og er að athuga stöðuna. Hann hefur að sjálfsögðu fullan skilning á stöðunni sem er uppi. Við förum svo yfir málin þegar barnið kemur í heiminn.“
henry@frettabladid.is

KR teflir fram þremur nýjum útlendingum á nýju ári:

Hrafn vill meiri hraða

KÖRFUBOLTI Það er óhætt að segja að KR-ingar mæti með gerbreytt lið á nýju ári því Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, fær nú það verkefni að koma þremur nýjum erlendum leikmönnum inn í leik KR-liðsins. KR-ingar hafa samið við tæplega tveggja metra háa serbneska skyttu, Dejan Sencanski, sem bætist við Bandaríkjamennina Josh Brown og Rob Ferguson sem eru byrjaðir að æfa með liðinu.

„Þetta er ekki kjörstaða og ekki það sem lagt var upp með,“ segir Hrafn. Sencanski er 198 cm þriggja stiga skytta, Brown er 187 cm bakvörður og Ferguson er 203 cm kraftframherji.

„Ég býst alveg við því að þetta verði svolítið stírt hjá okkur á fimmtudaginn. Vonandi erum við að stefna í hraðari leikstíl og um leið leikstíl sem við höfum viljað vera að spila í allan vetur,“ segir

Hrafn. KR sat í 7. sæti deildarinnar yfir hátiðarnar og Íslandsmeistararnir voru ekki að hrífa marga í síðustu leikjum sínum fyrir jól.

„Við erum ekkert að missa okkur því það eru bara fjögur stig í annað sætið. Það er gríðarlega mikilvægur leikur fyrir okkur á mánudaginn,“ segir Hrafn og er þar að tala um bikarleik á móti toppliði Grindavíkur. „Hann skiptir gríðarlega miklu máli varðandi það að gefa okkur smá vinnufrið til þess að kýla liðið saman fyrir lokaátökin. Við erum ekki í þessu til þess bara að vera með. Við teljum okkur vera að taka skref til þess að verja titilinn og það eru öll önnur lið að því,“ segir Hrafn sem býst við breytingum hjá mörgum liðum í Iceland Express-deildinni.

„Það kæmi mér ekkert á óvart þó að það væri kominn inn aukamaður hjá helmingi liða deildarinnar ef ekki meira,“ sagði Hrafn að lokum. - 66j



PRIGGJA STIGA FORYSTA Sergio Aguero fagnar hér marki sínu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Luis Suárez byrjaði í átta leikja banninu í gær:

Liverpool áfrýjaði ekki

FÓTBOLTI Liverpool tilkynnti í gær að félagið ætli ekki að áfrýja átta leikja banni sem enska sambandið dæmdi Luis Suárez í fyrir kynþáttaníð gagnvart Patrice Evra hjá Man. United.

Liverpool gaf frá sér yfirlýsingu þar sem félagið telur best fyrir alla að ljúka málinu, horfa til framtíðar og sameinast í baráttunni við

ad að útrýma kynþáttafordómum innan sem utan vallar. Luis Suárez var ekki með á móti Manchester City í gær en ætti að snúa aftur í deildarleik á móti Tottenham 6. febrúar. Hann missir af fimm deildarleikjum og þremur bikarleikjum, þar af báðum undanúrslitaleikjunum á móti City í enska deildabikarnum. - 66j



SPORT

besta sætið

SPORT 2

enski boltinn


MANCHESTER UNITED
MANCHESTER CITY

1
6

8. JANÚAR

BIKARSLAGUR MANCHESTER-LIÐANNA

Man. Utd. á harma að hefna
eftir 1-6 tapið fyrr í vetur.



NÆR ARSENAL FRAM HEFNDUM?

Arsenal – Man. Utd. 22. janúar.
Auk fjölda stórleikja í enska boltanum í janúar.

UNDANÚRSLIT Í DEILDABIKARNUM

Liverpool – Man. City
11. og 25. janúar.

EINVÍGI RISANNA Á SPÁNI

Spænski boltinn
byrjar að rúlla aftur
helgina 7.–8. janúar.

NBA ER KOMIÐ Á FULLT

Stjórnurnar í NBA
eru mættar til leiks og það
eru stórleikir fram undan.

HEIMSKLASSA BOX Í JANÚAR

Erik Morales mætir
Danny Garcia
laugardaginn 21. janúar.

NÝJA ÁRIÐ BYRJAR MEÐ LÁTUM!

Fylgstu með frá byrjun og tryggðu þér áskrift!

Þú færð meira
fyrir peningana
MUTV, Liverpool TV og Chelsea TV
fylgja frítt með áskrift að Stöð 2 Sport 2

ÞAD ER
ÖDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

GOLF CHANNEL
Golf Channel fylgir frítt
með áskrift að Stöð 2 Sport

> Stöð 2 kl. 20.30

Kalli Berndsen – í nýju ljósi

Kalli Berndsen gefur áhorfendum og þátttakendum einstök tiskuráð og áhugaverðar hugmyndir í fatavali, hári og fördun. Þættirnir eru unnir eftir hugmyndafræði Kalla um að hægt sé að skipta vaxtarlagi kvenna í fjórar gerðir, svokölluð VAXI-aðferð. Hann ráðleggur konum á mismunandi aldri og með mismunandi vaxtarlag um hvernig best sé að klæða sig til að ná fram því besta sem líkaminn hefur upp á að bjóða.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON SÁ ÆSKUHETJUNA

Laddi flutti Búkollu

Áramótapáttur Hljómskálans fór fram hjá mér fyrir áramót, en ég náði endursýningunni síðasta mánudagskvöld. Þátturinn var frábær og ég trúi ekki öðru en að Sigtryggur Baldursson og félagar séu búnir að skapa hefð sem lifir næstu ár eða áratugi.

Listamennirnir sem komu fram voru hver öðrum skemmtilegrir, en það var þó einn sem stóð upp úr þegar hann flutti frumsamið lag og texta: Laddi. Í æsku var Laddi sá listamaður sem ég leit upp til. Ég kunní öll lögin hans

utan að, enda hlustaði ég á plötur hans daginn út og daginn inn.

Að heyra Ladda flytja Búkollu var ótrúleg upplifun og umfang hljómsveitarinnar sýndi vel hversu mikil snildarsmiði þetta lag er. Þá virðist Laddi bara verða betri söngvari með árunum, en hann söng lagið óaðfínanlega.

Vel gert, Sigtryggur. Takk fyrir frábæran Hljómskála. Flest annað í þættinum var snilld! Meira svona!



RÚV

- 12.00 Mumbai kallar (5:7) (e)
- 12.25 Í mat hjá mömmu (6:6) (e)
- 12.50 Hestar og menn (2:2) (e)
- 13.35 Fullt tungl í fimm daga (Fünf Tage Vollmond) (e)
- 15.05 Svipmyndir af innlendum vettvangi 2011 (e)
- 16.10 Leiðin að bronsinu (e)
- 16.40 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.25 Kafað í djúpin (12:14)
- 17.50 Tánmálsfréttir
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Finnbogi og Felix (12:26)
- 18.23 Sígildar teiknimyndir (13:42)
- 18.30 Gló magnaða (36:52)
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Bræður og systur (90:109)
- 20.50 Trompeteria í Hallgrímskirkju
- 21.25 Lars Saabye Christensen
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Innherjarán (Inside Job)
- 00.05 Landinn (e)
- 00.35 Kastljós (e)
- 01.10 Fréttir
- 01.20 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.15 Wedding Daze
- 10.00 The Astronaut Farmer
- 12.00 Artúr og Mínimóarnir
- 14.00 Wedding Daze
- 16.00 The Astronaut Farmer
- 18.00 Artúr og Mínimóarnir
- 20.00 Angels & Demons
- 22.15 The Kovak Box
- 00.00 The Boys Are Back
- 02.00 Colour Me Kubrick. A True... ish Story
- 04.00 The Kovak Box
- 06.00 Date Night

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Í finu formi
- 08.30 Oprah
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (85:175)
- 10.15 Grey's Anatomy (14:22)
- 11.00 The Big Bang Theory (8:23)
- 11.25 How I Met Your Mother (10:24)
- 11.50 Pretty Little Liars (1:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 In Treatment (59:78)
- 13.25 Ally McBeal (14:22)
- 14.15 Ghost Whisperer (21:22)
- 15.00 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 Simpsons
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm In The Middle (1:22)
- 19.40 My Name Is Earl (21:27)
- 20.05 The Middle (12:24)
- 20.30 Í nýju ljósi (1:10) Karl Berndsen heldur áfram að gefa konum góð ráð varðandi útlitið og ráðleggur konum með mismunandi vaxtarlag um klæðaburð.
- 21.00 Hawthorne (9:10)
- 21.45 The Reckoning (2:2) Seinni hluti spennandi sakamálamyndar sem fjallar um einstæða móður langveikrar dóttur sem fær tilboð frá manni sem vill gefa þeim mæðgum umtalsverða fjárhæð til að létta þeim lífið.
- 23.25 Human Target (8:13)
- 00.10 NCIS. Los Angeles (2:24)
- 00.55 Severance
- 02.25 The Science of Sleep
- 04.10 The Big Bang Theory (8:23)
- 04.30 How I Met Your Mother (10:24)
- 04.55 The Middle (12:24)
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 18.15 Meistaradeild Evrópu: Bate - Barcelona Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 20.00 Íþróttarárið 2011 Í
- 21.40 FA Cup - Preview Show Hitað upp fyrir leikina fram undan í elstu bikarkeppni í heimi, FA bikarnum.
- 22.10 HM 3 - 4 sæti Útsending frá leik Spánverja og Dana um 3. sætið á HM í handbolta í Brasilíu.
- 23.35 Þýski handboltinn: Lubbecke - RN Löwen

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Man. City - Liverpool
- 14.20 Wigan - Sunderland
- 16.10 Tottenham - WBA
- 18.00 Man. City - Liverpool
- 19.50 Newcastle - Man. Utd. BEINT
- 22.00 Sunnudagsmessan 23.20 Everton - Bolton
- 01.10 Sunnudagsmessan
- 02.30 Newcastle - Man. Utd.
- 04.20 Sunnudagsmessan

EXTRA

- 19.35 The Doctors (19:175)
- 20.15 American Dad (15:20)
- 20.35 The Cleveland Show (1:21)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Modern Family (5:24)
- 22.10 Mike & Molly (17:24)
- 22.35 Chuck (16:24)
- 23.20 The Reckoning (1:2)
- 00.10 Community (13:25)
- 00.35 Malcolm In The Middle (1:22)
- 01.00 My Name Is Earl (21:27)
- 01.20 American Dad (15:20)
- 01.40 The Cleveland Show (1:21)
- 02.00 The Doctors (19:175)
- 02.40 Fréttir Stöðvar 2
- 03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Rachael Ray (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 15.45 Outsourced (17:22) (e)
- 16.10 Mad Love (9:13) (e)
- 16.35 Rachael Ray
- 17.20 Dr. Phil
- 18.05 Charlie's Angels (5:8) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos (2:50) (e)
- 19.20 Everybody Loves Raymond (23:25)
- 19.45 Will & Grace (5:25) (e)
- 20.10 America's Next Top Model (4:13) Bandarísk raunveruleikapáttaröð þar sem Tyra Banks leit að næstu ofurfyrirsætu. Í þetta sinn fá fjórtán fyrrum keppendur að spreya sig á ný. Stúlkurnar spreya sig á hlutverki í CSI og gengur misvel. Gestadómari er Anthony Zuiker, yfirframléiðandi þáttanna.
- 20.55 Pan Am (7:13) Neistar fljúga á milli Lauru og háseta sem hún hittir í flugi og Kate kemst í hann krappan þegar leyniverkefni hennar tekur óvænnt stefnu og ógnar sambandi hennar við Niko.
- 21.45 CSI: Miami (14:22)
- 22.35 Jimmy Kimmel (e)
- 23.20 Everything She Ever Wanted (2:2) (e) Framhaldsmynd í tveimur hlutum. Myndin fjallar um Pat og Tom sem virðast hafa allt til alls. En annað mun koma í ljós.
- 00.50 HA? (14:31) (e)
- 01.40 Everybody Loves Raymond (23:25) (e)
- 02.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 07.55 US Open 2011 (1:4) 14.00 Golfing World 14.50 Solheim Cup 2011 (3:3) 21.35 Inside the PGA Tour (1:45) 22.00 Golfing World 22.50 Ryder Cup Official Film 2010 00.05 ESPN America

N4

- 18.00 Að norðan 18.30 Áttavittinn suðurland

RÁS 1

FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfréttir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfréttir 10.13 Trío 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfréttir 12.50 Dánarfréttir 13.00 Pruma, elding og lífsástin sjálf 14.00 Fréttir 14.03 Gullfiskurinn 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Úr Bemsakni 15.25 Miðdegisfréttir 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfréttir 18.53 Dánarfréttir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leyniþéttir 20.30 Guðir og girnd 21.10 Út um græna grundu 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfréttir 02.10 Orð kvöldsins 22.15 Bak við stjórnar 23.05 Flakk 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

- 06.25 The Weakest Link 08.00 My Family 10.00 The Inspector Lynley Mysteries 11.35 Come Dine With Me 12.25 EastEnders 12.55 Jack Dee - Live And Uncut 13.45 Top Gear 14.35 My Family 16.40 QI 17.40 Top Gear 18.30 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 19.20 Come Dine With Me 20.10 QI 21.10 Top Gear 22.00 Lee Evans Big Tour 22.55 Live at the Apollo 23.40 QI 00.40 Lee Evans Big Tour 01.35 Live at the Apollo 02.20 The Graham Norton Show 03.05 The Weakest Link

DR 1

- 12.10 Søren Ryge præsenterer 12.40 Spise med Price 13.35 Aftenshowet 14.30 Hammerslag 15.00 DR Update - nyheder og vejr 15.10 Flodens børn 16.00 Postmand Per 16.15 Timmy-tid 16.25 Skæg med bogstaver 16.45 Kasper & Lise 17.00 Rockford 17.50 DR Update - nyheder og vejr 18.00 Lægeambulancen 18.30 TV Avisen med Sport 19.05 Aftenshowet 20.00 Hundekirkegården 21.00 TV Avisen 21.25 Sportnyt 21.30 Homeland - Nationens sikkerhed 22.25 Taggart 23.15 Onsdags Lotto

NRK 1

- 11.05 Folk 11.45 Tour de Ski 13.40 NRK nyheter 13.45 Hoppuka 14.45 NRK nyheter 14.55 Hoppuka 15.45 Glimt av Norge 16.00 NRK nyheter 16.10 Isbjørnens hemmelige liv 17.00 NRK nyheter 17.10 Soldat 17.40 Oddasat - nyheter på samisk 17.55 Tegnspråknytt 18.00 V-cup skiskyting 18.40 Distriktsnyheter 19.00 Dagsnyheter 19.45 Forbrukerspektørene 20.15 Redd menig Osen 20.45 Vikinglotto 20.55 Distriktsnyheter 21.00 Dagsnyheter 21.24 House 22.25 Migrapolis 23.00 Kveldsnytt

svt1

- 11.10 Norska kronprinsparet - tíu ár eftir bröllopet 11.35 Infor Idrottsgalan 2012 11.45 Skidor 14.00 Infor Idrottsgalan 2012 14.10 Anslagstavlán 14.15 Jonssons onsdag 14.35 Percy, Buffalo Bill och jag 16.00 Rapport 16.05 Choklad smakar som kärlek 16.10 En komikers arbetslivserfarenhet 16.40 På väg till Malung 17.10 Tio i topp - 50 ár 17.55 Sportnytt 18.00 Rapport 18.10 Regionala nyheter 18.15 Två hungriða Italianare 19.15 Humor godkänd av staten 19.30 Rapport 19.55 Regionala nyheter 20.00 Sverkers stora strid

INN

- 20.00 Hrafnáping 21.00 Svartar tungur 21.30 Graeðlingur

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|------------------------|----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útlit Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útlit Latibær | FM 105,5 Útlit Boðun |

MAGNAÐIR MIÐVIKUDAGAR
í janúar með Símanum

50% afsláttur af öllu leigðu efni í Sjónvarpi Símans í dag

Notaðu tækifærið, smelltu á VOD takkann og veldu þér einhvern af þeim 4000 titlum sem í boði eru.

facebook.com/siminn.is
Greidd eru mánaðargjöld skv. verðskrá, nánar á siminn.is

ÞÚ FINNUR ÞAÐ HJÁ OKKUR



FIT PILATES



ÁSKORUN
INSANITY



CROSSFIT



DANSSKÓLI
BIRNU
BJÖRNS



HOT YOGA



HAPPY
YOGA



PILATES



TRX BJÖLLUR



HÓPPJÁLFUN



ROPE YOGA



WEIGH TO
GO



FOAM FLEX



MÖMMU-
LEIKFIMI



ÍÞRÓTTASKÓLI
LATABÆJAR



HÓPÁTAK
VALDÍSAR



MEÐGÖNGU-
LEIKFIMI



MADNESS



POWER
BURN



SHAPE



JUMP FIT



STYRKUR &
TEYGJUR



TABATA



VAXTAR-
MÓTUN



TEYGJUR 101



BODY
BALANCE



BODY PUMP
EXPRESS



ZUMBA



ZUMBA
TONING



FIMLEIKA-
ÞREK



SÚPERÞREK



HÁDEGISPÚL



CXWORX



JUMP FIT



RASS,
KVIÐUR OG
BAK



LÁRULIÐAR



PALLAR



SPINNING



HJÓLA-
BJÖLLUR



POWER
SPINNING



IRON
SPINNING



PARTÝ
SPINNING



BODY PUMP



YOGA

● Hóptímar - frítt fyrir meðlimi ● Námskeið



„Það er stór og feitur latté kaffibolli.“

Vera Sölvadóttir, kvikmyndagerðarmaður.

Geir Jón skrifar um búshaldabyltinguna

„Það má segja að ég sé að skrifa mig frá starfinu,“ segir Geir Jón Þórisson yfirlögrelubjónn.

Eins og fram hefur komið hættir Geir Jón í lögreglunni í vor þegar hann fer á eftirlaun og flytur til Vestmannaeyja. Fram að því hefur honum verið falið að sitja við skrifitir meðfram öðrum störfum. „Ég á að ná á einn stað þeirri vitneskju sem er að finna innan lögreglunnar svo hún tapist ekki. Það er fljótt að fenna yfir.“

Geir Jón játar að búshaldabyltingin verði áberandi í skrifum hans, enda sé hún stærsta verkefni sem lögregla á Íslandi hafi

fengist við. „Ég skrifa um þessa stærri atburði út frá hlið lögreglunnar. Hvað bjó að baki, hvers vegna, hvernig og allt það. Þannig að þegar sagnfræðingar framtíðarinnar fara að skoða þessa atburði þá verði til okkar hlið á málum.“

Aðspurður segist Geir Jón ekki vita hvað Stefán Eiríksson lögrelustjóri ætli sér að gera með þessi skrif. Fólk þurfi alla vega ekki að búast við honum í jólabókaflóðinu þetta árið. „Ég er ekki rithöfundur, mitt er bara að koma þessari vitneskju í gott form.“

Yfirlögrelubjónninn góðkunn

kveðst að lokum munu ganga sáttur frá borði þegar hann hættir í vor. „Þegar maður er búinn að vera lengi í eldlínunni þá vill maður fara að huga að öðru. Maður á helst að gera hlutina meðan maður getur, ekki bíða eftir að missa heilsuna,“ segir Geir Jón sem er rétt sextugur.

En fyrst þú ert farinn að rifja upp það sem liðið er, ertu ekki farinn að huga að ævisögu þinni?

„Það hefur aðeins verið ýtt við mér með það en ég vil klára mitt starf fyrst. Svo er maður kannski aðeins of ungur fyrir ævisögu.“

- hdm



KVEÐUR SÁTTUR Geir Jón Þórisson fékk þau skilaboð að hann mætti ekki taka vitið með sér þegar hann hættir í lögreglunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÁSDÍS RÁN: ÞAU HAFU VERIÐ AÐ HITTAST Í NOKKRAR VIKUR

Arnar Gunnlaugs kolféll fyrir bandarískri leikkonu

Leikkonan Michaela Conlin eyddi áramótunum á Íslandi, eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Conlin sækir landið heim en leikkonan og fyrrum knattspyrnuhetjan Arnar Gunnlaugs-son felldu hugi saman þegar leikkonan kom hingað fyrst í heimsókn í nóvember. Það var engin önnur er mágkona Arnars, Ásdís Rán Gunnarsdóttir, sem á heiðurinn að sambandinu. „Jú, það passar og þau hafa verið að hittast í nokkrar vikur,“ segir Ásdís Rán en Arnar og Conlin sást saman við ýmis tækifæri yfir hátíðarnar.

Ásdís Rán og Conlin eiga sameiginlega vini í Los Angeles þar sem leikkonan býr og starfar en Ásdís aðstoðaði Conlin þegar hún kom fyrst til landsins í haust. „Það er oft haft samband við mig þegar verið er að fara að heimsækja Ísland og ég beðin um að mæla með hvað er best að gera og gerði ég það fyrir Michaelu,“ segir Ásdís, sem er stödd hér á landi í stuttu jólafrí en heldur aftur til Búlgaríu eftir nokkra daga.

Conlin, sem á ættir sínar að rekja til Kína og Írlands, er hvað frægust fyrir hlutverk sitt sem meina-tæknirinn Angela Montenegro í sjónvarpsþáttaröðinni Bones sem sýnd er á Stöð 2. Conlin hefur leikið í þáttunum frá því að þeir byrjuðu árið 2005. Einnig hefur hún farið með hlutverk í kvikmyndunum The Lincoln Lawyer, Enchanted og Open Window. Arnar Gunnlaugs er hins vegar þekktur fyrir færni sína á fótballavellinum og sem einn af eignum umboðsskrifstofunnar Total Football.

Þarið var einmitt saman í jólaboði skrifstofunnar milli jóla og nýárs þar sem til dæmis Eiidur



NÝTT PAR

Arnar Gunnlaugs og leikkonan Michaela Conlin hafa verið saman í nokkra mánuði en það var fyrir tilstilli Ásdísar Ránar að parið kynntist.

Smári Guðjohnsen, Ásdís Rán og eiginmaður hennar Garðar Gunnlaugs-son voru einnig gestir. Arnar

vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið í gær.

alfun@frettabladid.is

Biggi ósáttur við hollenska Maus

„Manni finnst ótrúlegt þegar einhver velur sér hljómsveitarnafn og prófar ekki að gúggla það. Það tekur ekki langan tíma,“ segir Birgir Örn Steinarsson, eða Biggi Maus.

Hollensk indípopphljómsveit með sama nafn og hin íslenska Maus hefur kveðið sér til hljóðs að undanförunni við dræmar undirtektir Bigga og féлага.

Eru þeir að stela nafninu ykkar? „Annaðhvort eru þeir að stela því eða hafa skírt hljómsveitina án þess að vita af okkur,“ segir Biggi, sem reyndi að hafa samband við hina hollensku Maus á Facebook-síðu hennar. „Ég setti inn á síðuna þeirra tengil á heimasíðuna okkar og Wikipedia og þeir strokuðu það út eftir tvær mínútur. Það er eins og þeir hafi ekkert viljað vita af þessu,“ segir hann og hlær. „Þeir eru líka skírðir eftir sömu myndasögu og við,“ bætir hann við og á við Pulitzer-verðlaunaða myndasögu Arts Spiegelman.

„Þetta er leiðinlegt því við erum ekkert hættir. Við höfum ekki gefið út dánartilkynninguna. Við erum búnir að gefa út plötur úti um allan heim í gegnum iTunes og í Þýskalandi. Núna eru þeir að spila mikið og eru komnir á þennan tónlistarhátíðar-rúnt. Það eru örugglega einhverjir sem halda að þeir



Á HOLLENSKAN NAFNA Hollensk hljómsveit ber sama nafn og hin íslenska Maus, sem hefur legið í dvala undanfarin ár.

séu að fara að sjá okkur,“ segir Biggi en Maus, sem gaf síðast út hljóðversplötu fyrir níu árum, átti eitt sinn vinsæl lög í Finnlandi og spilaði víða erlendis.

Fari svo að hin hollenska Maus haldi áfram að hunsu Bigga segir hann koma til greina að fara með málið lengra. „Við eigum einkarétt á nafninu í Evrópu þannig að við gætum verið ógeðslega leiðinlegir og þvingað þá til að breyta um nafn. En mann langar það ekkert.“

- fb



STEINI PÉSI

& GAUR Á TROMMU

Laugardagur 07.01.2012 22:30

Föstudagur 13.01.2012 22:30

Föstudagur 27.01.2012 22:30

MIÐAR Á
2012 SÝNINGAR
KOMNIR Í SÖLU!


Miðasala á gamlabio.is
og midi.is. Símanúmer í
miðasölu 563 4000.
Opíð mán.-mið. 14:00-18:00
og fim.-sun. 14:00-20:00.

GAMLA BÍO
LEIKHÚS

ÚTILÍF

ÚTSALA
30-70% AFSLÁTTUR

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS



FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvaddi með stæl

Fjölmennt var á skemmtistaðnum Players í Kópavogi síðastliðið föstudagskvöld er knattspyrnu-kappinn **Guðjón Baldvinsson** hélt kveðjupartý ásamt unnustu sinni, Ingu Hrönn Ólafsdóttur. Eins og fótboltaáhugamenn vita heldur Guðjón út í atvinnumenskuna á næstu dögum en hann skrifaði undir samning við sænska fyrstu deildar liðið Halmstad. Fyrrum félagar hans úr KR, Hannes Þór Halldórsson, Baldur Sigurðsson og Grétar Sigfinnur Sigurðsson, mættu til að kveðja kappann sem og aðrir vinir parsins. Einnig mátti sjá Egil „Gillzenegger“ Einarsson leika á als oddi í kveðjupartýinu sem þótti einkar vel heppnað.



Leikarasonur fæddur

Leikaraparinu **Ólafi Agli Egilssyni** og **Esther Taliu Casey** fæddist sonur í gærmorgun og mun hann öllu hárprúðari en faðir hans og afi, stórleikarinn og -söngvarinn Egill Ólafsson. Fyrir eiga þau Ragnheiði Eyju, fimm ára, svo það er ljóst að það verður líf og fjör á heimilinu í Mjóstræti á komandi árum. Í húsinu hittir sá nýfæddi fyrir annan leikarason, hinn eins og hálfis árs gamla Baldur Hrafn, son Víkings Kristjánssonar, en sá stutti býr þar ásamt móður sinni, Halldóru Rut Bjarnadóttur. Svo er ekki loku fyrir það skotið að Magnús, árgamall ömmustrákur söngdívunnar Ragnhildar Gísladóttur, líti í heimsókn með Bryndísi Jakobsdóttur móður sinni, en Ragnhildur býr einmitt líka í sama húsi með fótboltahefjunn Birki Kristinssyni.

- áþ, sh



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Lilja boðar nýtt stjórnmálaafll
- 2 Björguðu tveimur hrossum: Voru búin að éta töglin hvort af öðru
- 3 Sex lentu í snjóflóði – mildi að ekki fór verr
- 4 Flóttamenn frá Norður-Kóreu skotnir á færi
- 5 Hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hún taki starfið

SPORT 2
 enski boltinn

ENSKI BOLTINN STÆRRI EN ALLT TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

Símenn ICLANDAIR 1011 OPIN KERFI

rekkan

REKKAJUNNAR

ALLURE
 Queen size (153x203 cm)
 Fullt verð 163.600 kr.

ÚTSÖLUVERÐ 98.160 kr.
 ÞÚ SPARAR 65.440 Kr.

40% AFSLÁTTUR!

QUANTUM
 Queen size (153x203 cm)
 Fullt verð 313.300 kr.

ÚTSÖLUVERÐ 203.645 kr.
 ÞÚ SPARAR 109.655 Kr.

35% AFSLÁTTUR!

HÁGÆÐA DÚNSÆNGUR
 Fullt verð 28.540 kr.

ÚTSÖLUVERÐ 19.978 kr.
 ÞÚ SPARAR 8.562 Kr.

HEILSUKODDAR

30% AFSLÁTTUR!

DÚN- OG FIDURSÆNGUR
 Fullt verð 13.900 kr.

ÚTSÖLUVERÐ 9.730 kr.
 ÞÚ SPARAR 4.170 Kr.

FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM

30% AFSLÁTTUR!

SÆNGURFÖT

30% AFSLÁTTUR!

rekkan